STEINUNN VALA SIGFÚSDÓTTIR

Stökk á gylltu og svörtu kengúruleðurstígvélin

tíska heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

FERMINGAR

Séntilmenni og dansandi fermingarbörn

Sérblað um fermingar

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

PÁLMAR PÉTURSSON

Hélt að ávíturnar væru grín

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands óánægð með nýlegt tölublað tímarits laganema

FÓLK 58

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. mars 2008 — 65. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Búnaðarsamband Suðurlands 100 ára

Markmiðið að efla búrekstur og standa vörð um hagsmuni bænda á Suðurlandi.

TÍMAMÓT 32

Spurt er um lið

Fulltrúar liða MA og MH í Gettu betur sitja fyrir svörum um helgisiði og kynþokkafyllsta meðliminn.

FÓLK 46

Flottasta nafnið

Spilverk þjóðanna þykir flottasta íslenska hljómsveitarnafnið.

FÓLK 58

Áfram í Svíþjóð

Hreiðar Guðmundsson hefur framlengt samning sinn við sænska félagið Savehof til eins árs.

ÍÞRÓTTIR 52

VEÐRIÐ Í DAG



ÚRKOMUSAMT Í dag verður allhvöss eða hvöss austanátt, hvassast syðst. Rigning eða slydda syðra en snjókoma norðan til, einkum eftir hádegi. Hiti 1-5 stig syðra annars frost 0-4 stig.

VEÐUR 4

Stefna á 200 þúsund tonna þorskeldi innan fárra ára

Norskir fiskeldismenn stefna á að framleiða gríðarlegt magn af eldisþorski innan áratugar. Áætlanir næstu sjö ára hljóða upp á að framleiða meira en Íslendingar veiða af villtum þorski í dag.

FISKELDI Norskir fiskeldismenn ætla innan fárra ára að framleiða allt að 200 þúsund tonn af eldisþorski á ári. Eldistækni þeirra fleygir fram. Bjartsýni þeirra byggist á góðum árangri í eldi annarra tegunda, en framleiðsla á laxi nemur rúmlega 700 þúsund tonnum á ári. Norðmenn sjá þorskeldi þróast á sama hátt. Sjávarútvegsráðherra Noregs bindur miklar vonir við þorskeldi.

Veiðar á þorski í Atlantshafi hafa dregist saman um hundruð þúsunda tonna á nokkrum áratugum. Árið 1980 voru veiddar tvær milljónir tonna í Norður-Atlantshafi en veiði er nú áætluð um 750 þúsund tonn. Á fiskveiðiárinu 2007 til 2008 hefur þorskafli við Ísland verið ákveðinn 130 þúsund tonn og hefur aldrei verið minni. Björn Ævarr Steinarsson, sviðsstjóri veiðiráðgjafarsviðs Hafrannsóknastofnunar, segir að ekki sé að vænta neinnar aukningar í þorskveiðum á næstu fimm árum. „Raunar verður engin aukning nema við fáum inn sterka nýliðun á næstu tíu til fimmtán árum. Þess misskilnings virðist gæta í þjóðfélaginu að þetta muni gerast á mun skemmri tíma.“ Í þessu ljósi starfa fiskeldismenn í þeim löndum sem þorskveiði hefur tíðkast í stórum stíl.

Guðbergur Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fiskeldisstöðva, segir ljóst að Norðmenn séu komnir á mikið flug á meðan lítið sé að gerast í þorskeldi annars staðar. Hann bendir á að yfir hundrað fyrirtæki stundi þorskeldi í sjókvíum í Noregi. „Þar ríkir mikil bjartsýni og peningar streyma inn í þorskeldið víðs vegar að. Hér er það ekki tilfellið.“ Guðbergur segir að Norðmenn hafi leyst öll vandamál í tengslum við laxeldi og þaðan sé sjálfstraust þeirra í þorskeldi komið.

Ýmis vandamál við þorskeldið eru óleyst en norskir eldismenn sjá það ekki sem hindrun. „Við höfum aðstöðuna, þekkinguna og fjármagnið,“ segir Hogne Bleie, framkvæmdastjóri Atlantic Farms, í viðtali við Fréttablaðið. Fyrirtæki hans er eitt stærsta fiskeldisfyrirtæki Noregs og stefnir á að framleiða tæp 28 þúsund tonn af eldisþorski eftir fjögur ár, byggt á eigin seiðaframleiðslu. Það er svipað magn eldisþorsks og bjartsýnustu menn á Íslandi telja að verði framleitt í þorskeldi hérlendis árið 2015.

Helga Petersen, sjávarútvegsráðherra Noregs, segir í viðtali við Fréttablaðið að væntingar stjórnvalda séu miklar til þessa iðnaðar. „Takmarkið er að koma á fót framleiðslu sem grundvölluð er á sjálfbærni og miklum gæðum. Í framtíðinni er það mín von að þorskeldi verði eins mikilvægt fyrir Noreg og laxeldið er í dag.“ - shá / sjá síðu 18

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ÁHRIF FIÐRILDANNA UNIFEM stóð í gærkvöldi fyrir göngu þar sem athygli var vakin á ofbeldi gegn konum í þróunarlöndunum. Þar fór þjóðþekkt fólk svo sem Þórunn Sveinbjarnardóttir ráðherra, tónlistarkonan Lay Low og Þórunn Lárusdóttir leikkona.

Hlutabréf í deCODE falla:

Gengið ekki lægra í fimm ár

VIÐSKIPTI Gengi hlutabréfa í deCODE, móðurfélagi Íslenskrar erfðagreiningar, stóð í 2,03 á hlutabréfamarkaðnum Nasdaq við lokun í gær og hefur ekki verið lægra í um fimm ár. Gengið komst í 1,85 seint í mars árið 2003, en lægst komst það í 1,66 í september 2002.

KÁRI STEFÁNSSON

Gengi félagsins hefur lækkað úr 3,01 frá því greint var frá uppsögnum 60 starfsmanna fyrir síðustu helgi. Þá lýsti Kári Stefánsson, forstjóri félagsins, því yfir að erfiðleikar væru við fjármögnun félagsins vegna aðstæðna á mörkuðum. Kári hefur þó sagt að rekstrarfé til næstu tveggja ára sé tryggt. - bj

Nefnd fjármálaráðherra um skattkerfið hefur ekki komið saman í marga mánuði:

Áralöng bið eftir skattaúttekt

EFNAHAGSMÁL „Nefndin er enn að störfum,” segir Friðrik Már Baldursson, prófessor við Háskólann í Reykjavík og formaður nefndar fjármálaráðherra um endurskoðun skattkerfisins. Nefndin hefur verið að störfum í næstum tvö og hálft ár.

Nefndin hóf störf í október 2005. Hún átti að fara yfir skattkerfið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur nefndin ekki komið saman í marga mánuði.

Indriði H. Þorláksson, fyrrverandi ríkisskattstjóri, benti á að hátt hlutfall eignar í Kauphöllinni sé skráð í skattaparadísum, í Lúxemborg og Hollandi. Þetta eigi Íslendingar og eignin hlaupi á hundruðum milljarða. „Svo kann að fara að lítill eða enginn skattur verði eftir á Íslandi,“ segir Indriði.

Vilji var til þess að getið yrði um eignarhaldið í skýrslu nefndarinnar. Heimildir Fréttablaðsins herma að nefndin hafi ekki talið slíkt í samræmi við skipunarbréf sitt. Samkvæmt yfirlýsingu ráðherra frá haustinu 2005 átti hún þó að kanna stöðu mála í löndum sem „ekki eru föst í viðjum skattahugsana vestrænna ríkja“. - ikh

MYLLAN
HEIMILIS BRAUÐ
Veldu ekta Myllu Heimilisbrauð
- brauðið sem allir á heimilinu velja

Stóri BÓKAMARKAÐURINN Perlunni
28. febrúar til 9. mars
Opið 10–18 alla daga

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld
Skráning á landsbanki.is
Landsbankinn

SPURNING DAGSINS

Valgerður, verður þú ekki komin á eftirlaun áður en þessu verður breytt?

„Ég er voða hrædd um það."

Þingmenn allra flokka furða sig á að allsherjarnefnd hafi ekki fjallað um frumvarp um afnám eftirlaunalaga ráðamanna. Valgerður Bjarnadóttir lagði frumvarpið fram í október.

Fíkniefnahundur merkti við tvo heimsóknargesti á Litla-Hrauni:

Mikið magn fíkniefna tekið

LÖGREGLUMÁL Mikið magn af amfetamíni, tugir mogadon- og ritalíntaflna, svo og sprautur og nálar, fundust á Litla-Hrauni við eftirlit í gær. Efnin og sprauturnar fundust á tveimur gestum sem ætluðu að heimsækja fanga í fangelsinu. Við leitina var notaður fíkniefnahundur auk þess sem lögreglan á Selfossi var kölluð á staðinn.

„Við höfum undanfarið unnið að því að draga úr eiturlyfjaneyslu inni í fangelsinu," segir Margrét Frímannsdóttir, forstöðumaður á Litla-Hrauni. „Það er öllum ljóst að töluvert hefur verið um hana. Við höfum því verið með aðgerðir inni í fangelsinu auk þess sem við höfum hert allt eftirlit við komu heimsóknargesta.

Fíkniefnahundurinn okkar, hann Moli, var á ferðinni að þessu sinni, ásamt sínum ágæta þjálfara. Afraksturinn var þetta mikla magn fíkniefna og neyslutóla.

Þennan árangur má fyrst og fremst þakka að við höfum fíkniefnahund á Litla-Hrauni og góðan þjálfara með honum. Þetta er samstillt átak allra starfsmanna á staðnum, með góðri aðstoð lögreglunnar á Selfossi, auk þess sem margir fangar vilja að það dragi úr þessari neyslu."

„Þetta er frábær árangur hjá starfsfólki Litla-Hrauns," sagði Páll Winkel fangelsismálastjóri. „Hann ber merki um hve fagleg vinnubrögð eru viðhöfð þar." - jss

MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR Forstöðumaður Litla-Hrauns segir aðgerðir gegn fíkniefnaneyslu fanga hertar.

Ný reglugerð um sýnatökur:

Þvagleggsmál ekki endurtekið

LÖGRGEGLUMÁL Tryggja á að svokallað þvagleggsmál endurtaki sig ekki með nýrri reglugerð sem samgönguráðherra hefur undirritað.

Reglugerðin skýrir verklagsreglur vegna töku sýna þegar grunur leikur á að ekið hafi verið undir áhrifum fíkniefna. Hér eftir skal þvagsýni ekki tekið ef beita má öðrum vægari úrræðum.

Breytingin er til komin til þess að koma í veg fyrir að atvik sem upp kom á Selfossi fyrir ári endurtaki sig. Þar var þvagsýni tekið úr konu með þvaglegg gegn hennar vilja á lögreglustöðinni. - bj

Viðurkenna sjálfstæði Kosovo:

Réttindi minnihluta verði virt

UTANRÍKISMÁL Íslensk stjórnvöld hafa formlega viðurkennt sjálfstæði Kosovo. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra tilkynnti Hashim Thaci, forsætisráðherra Kosovo, þetta bréflega í gærmorgun.

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Í bréfinu lagði Ingibjörg áherslu á að Kosovo sýndi í verki fulla virðingu fyrir mannréttindum og réttindum minnihlutahópa, eins og ríkið hefði skuldbundið sig til í sjálfstæðisyfirlýsingunni.

Yfirvöld í Serbíu viðurkenna ekki aðskilnað Kosovo frá Serbíu. Ingibjörg tilkynnti serbneskum yfirvöldum ákvörðun íslenskra stjórnvalda í gær. - bj

Samvinnutryggingar greiða út:

Eignir verða afhentar í maí

VIÐSKIPTI Áformað er að greiða fyrrum viðskiptavinum Samvinnutrygginga út þeirra hluti í lok maí. Yfir 50 þúsund einstaklingar og fyrirtæki ættu að fá bréf í lok mánaðarins með upplýsingar um eignir sínar. Fréttastofa Útvarps sagði frá þessu í gær.

Samvinnutryggingar urðu nýverið að fjárfestingarfélaginu Gift. Þeir sem tryggðu hjá Samvinnutryggingum á árunum 1987 og 1988 verður úthlutað eignum í Gift í maí, gangi áætlanir eftir.

Útvarpið hefur eftir formanni skiptanefndar Gift, að þeir sem fái hluti geti átt þá áfram í von um að gengi félagsins hækki. - bj

Börn kaupa og selja áfengi í Hafnarfirði

Sautján ára stúlka afgreiddi gesti á árshátíð Hafnarfjarðarbæjar í Haukahúsinu og sextán ára gestir á þorrablóti FH í Kaplakrika gátu keypt áfengi á barnum þar. Forvarnarfulltrúi bæjarins segir nú rætt við íþróttafélögin um breytingar.

LÖGREGLUMÁL Ungmenni undir lögaldri afgreiddu bæði og seldu áfengi á tveimur stórhátíðum í hafnfirskum íþróttahúsum á síðustu vikum.

„Þetta viljum við ekki hafa og þessu ætlum við að breyta," segir Geir Bjarnason, forvarnarfulltrúi Hafnarfjarðarbæjar.

Fyrra tilfellið sem um ræðir var árlegt og opið þorrablót á vegum FH í byrjun febrúar í íþróttahúsi félagsins í Kaplakrika. Þar brást dyravarsla að sögn Geirs.

„Það voru meðlimir úr forvarnarnefnd bæjarins á staðnum sem sáu krakka sem þeir þekkja sjálfir. Þetta voru krakkar sem fæddir eru 1991 og fengu afgreiðslu á barnum," segir Geir, sem telur algerlega ólíðandi að sextán og sautján ára unglingar séu á vínveitingaskemmtunum í íþróttahúsum bæjarins.

GEIR BJARNASON Forvarnarfulltrúi Hafnarfjarðar.

Á árshátíð sjálfs Hafnarfjarðarbæjar í íþróttahúsi Hauka á Ásvöllum á laugardaginn hafði að minnsta kosti einn barþjónninn að sögn Geirs ekki aldur til að afgreiða áfengi. Haukar lögðu starfsfólkið til.

„Það er staðfest að á Ásvöllum var sautján ára stúlka að vinna á barnum og önnur jafngömul var í fatahenginu. Við hjá Hafnarfjarðarbæ viljum að starfsfólkið á árshátíðinni sé allt orðið átján ára og helst tuttugu ára. Það má nefna að um hundrað starfsmenn bæjarins fengu ekki aðgang að hátíðinni vegna þess að þeir voru ekki orðnir tvítugir," segir Geir.

ÁRSHÁTÍÐ HAFNARFJARÐARBÆJAR Um hundrað starfsmenn sem eru undir tvítugu fengu ekki aðgang að árshátíð Hafnarfjarðarbæjar en innandyra afgreiddi sautján ára stúlka gesti á barnum. MYND/FJARÐARPÓSTURINN

Bæði fjölskylduráð Hafnarfjarðar og forvarnarnefnd bæjarins hafa nú ítrekað fyrri bókanir sínar frá í nóvember vegna vínveitingaskemmtana í íþróttahúsunum með opinn aðgang fyrir almenning. Nefndirnar vilja að vínveitingaleyfi séu aðeins veitt í þessum húsum vegna árshátíðar eða skemmtana eigenda þeirra eða vegna leigu undir lokuð einkasamkvæmi. Þrátt fyrir þessa skýru stefnu Hafnarfjarðarbæjar gerði bæjarlögmaður að sögn Geirs engar athugasemdir þegar sýslumaður bar undir hann hvort veita ætti FH-ingum slíkt leyfi.

„Þetta er ekki nógu gott hjá okkur," segir Geir, sem kveður viðræður hafnar við fulltrúa FH og Hauka um að stefnu bæjarins verði fylgt. „Svona mál vinnast bara í samvinnu. Þetta eru börnin okkar og íþróttafélögin okkar og við ætlum að gera betur."

gar@frettabladid.is

Björn Bjarnason um ökklabönd:

Kanna ber rafræn eftirlitskerfi

ALÞINGI Björn Bjarnason dómsmálaráðherra telur að kanna eigi til hlítar hvernig best yrði staðið að því að nýta rafræn eftirlitskerfi til að framfylgja farbanni eða fullnustu refsinga.

BJÖRN BJARNASON

Siv Friðleifsdóttir, Framsóknarflokki, spurði ráðherra hvort hann teldi koma til greina að taka upp ökklabönd til að tryggja betur farbann grunaðra sakamanna.

Í svari Björns kemur fram að ökklabönd hafi reynst vel, til dæmis í Bandaríkjunum, Bretlandi og Svíþjóð. Þau megi nýta við afplánun vægari refsinga og til að hafa eftirlit með kynferðisafbrotamönnum á reynslulausn. - bþs

Fíkniefnamál á Bifröst:

Þrír nemendur reknir úr skóla

MENNTAMÁL Ákvörðun rektors Háskólans á Bifröst um að vísa þremur nemendum frá skólanum vegna fíkniefnamisferlis var staðfest á fundi háskólaráðs seinnipart dags í gær. Þetta staðfestir Bryndís Hlöðversdóttir, aðstoðarrektor skólans.

Ágúst Einarsson, rektor háskólans, rak nemendurna þrjá úr skólanum eftir að fjölmennt lögreglulið leitaði í húsnæði þeirra fyrir síðustu helgi. Lítilræði af kannabisefnum, amfetamíni og kókaíni fannst hjá nemendunum. Ekki náðist í Ágúst við vinnslu fréttarinnar. - bj

Árni Johnsen segir evruumræðuna hvimleiða og vill frið fyrir blaðrandi bloggurum:

Hættum þessu horngrýtis kjaftæði

ALÞINGI Árni Johnsen, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, blandaði sér í umræðuna um gjaldmiðilsmálin á Alþingi í gær.

Bjarni Harðarson Framsóknarflokki spurði forsætisráðherra hvaða áform væru uppi innan forsætisráðuneytisins í gjaldeyrismálum. Vék hann að þrengingum í efnahagslífinu, sagði krónuna ekki gallalausa og bankana í erfiðri stöðu. Hann sagði einhliða upptöku evru ekki til umræðu en til væru aðrar lausnir, svo sem upptaka svissneska frankans eins og hann sjálfur hefði fjallað um í greinum í um eitt ár.

Svar Geirs H. Haarde var stutt. „Ráðuneytið hefur ekki uppi áform um að beita sér fyrir því að breyta um gjaldmiðil," sagði Geir og bætti við: „En ég skal þó viðurkenna að ég hef ekki kynnt mér greinar Bjarna Harðarsonar undanfarið ár um þessi mál." Eftir að Jón Magnússon, Frjálslynda flokknum, hafði sagt núverandi ástand ómögulegt og Pétur Blöndal Sjálfstæðisflokki að við ættum að halda í krónuna tók Árni Johnsen til máls. „Hún er orðin mjög hvimleið þessi endalausa umræða um krónuna og evruna og menn ættu nú að fara að sjá metnað sinn í að hætta þessu horngrýtis kjaftæði," sagði Árni. Hann kvað Íslendinga eiga að leggja metnað sinn í að halda sjálfstæði, tungunni og krónunni. „Það er mergurinn málsins og þá skiptir máli að hafa vinnufrið fyrir önnur góð mál í þjóðfélaginu án þess að bloggararnir í okkar umhverfi séu að blaðra út og suður." - bþs

LEIÐIST ÞÓFIÐ Árni Johnsen segir umræðuna um krónuna og evruna vera orðna hvimleiða.

Taktu þátt í að velja
fallegasta túlipanann
og þú gætir unnið
glæsilegan vinning
frá Blómavali

allt að...
100
afbrigði af
túlipönum

Hin eina sanna!
Brúðkaups-sýningin
Já
Í Blómavali Skútuvogi
8.-9. mars

Túlipanasýning
í Skútuvogi

Stórsýning á túlipönum að hollenskri fyrirmynd

Blómaval og garðyrkjubændur efna til stórsýningar á túlipönum. Sýndar verða allt að 100 afbrigði af túlipönum í öllum stærðum og gerðum.

Garðyrkjufélag Íslands kynnir starfsemi sína á túlipanasýningunni laugardag og sunnudag

10 stk túlipanar
799

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Egilsstaðir - Grafarholt - Kringlan - Smáralind

GENGIÐ 05.03.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	66,06	66,38
Sterlingspund	130,79	131,43
Evra	100,30	100,86
Dönsk króna	13,458	13,536
Norsk króna	12,749	12,825
Sænsk króna	10,703	10,765
Japanskt jen	0,6374	0,6412
SDR	106,37	107,01

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
131,0144
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Spenna magnast enn milli grannríkja í Suður-Ameríku:

Forseti Ekvadors safnar liði

FRÉTTABLAÐIÐ, AP Forseti Ekvadors, Rafael Correa, sakar Kólumbíustjórn um að hafa, með árás sinni á skæruliða innan landamæra Ekvadors, viljað koma í veg fyrir að skæruliðarnir létu lausa fleiri gísla.

Correa studdi fullyrðingar þessar engum sönnunum, en þetta sagði hann á fundi með forseta Brasilíu, Luiz Inácio Lula da Silva. Correa fór á fund Silva til að afla stuðnings í deilu sinni við Kólumbíustjórn út af árásinni á laugardag. Correa krefst þess að sem flest ríki fordæmi skilyrðislaust árásir Kólumbíuhers á laugardaginn á bækistöðvar skæruliðasveita FARC innan landamæra Ekvadors. Í árásinni féll meðal annars einn af leiðtogum sveitanna, sem boða marxíska byltingu en stunda fíkniefnasmygl og mannrán í stórum stíl.

Hugo Chavez, forseti Venesúela, hefur sagt hættu á stríði. Venesúelastjórn hefur, rétt eins og Ekvador, sent þúsundir hermanna að landamærum Kólumbíu og býr sig undir átök. „Ef þessum verknaði verður látið órefsað er þessi heimshluti í hættu, vegna þess að næst gæti höggið riðið á Perú, eða Brasilíu, Venesúela, Bólivíu, eða hvaða landi hér sem er," sagði Correa í gær. - gb

VIÐ LANDAMÆRI KÓLUMBÍU Ekvadorskir hermenn á eftirlitsferð í frumskóginum skammt frá landamærum Kólumbíu. NORDICPHOTOS/AFP

Karlmaður handtekinn:

Tekinn með LSD og hass

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á þrítugsaldri var tekinn vegna vörslu á tugum gramma af fíkniefnum í fyrradag. Um var að ræða amfetamín, LSD, maríjúana og hass.

Það voru lögreglumenn af höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum sem unnu saman, en samstarf þessara tveggja lögregluliða hefur farið mjög vaxandi. Húsleit var gerð á tveimur stöðum, í Hafnarfirði og á Suðurnesjum, í húsnæði sem maðurinn hafði til umráða. Talið er að fíkniefnin hafi verið ætluð til sölu. Maðurinn sat inni í fyrrinótt og var hann yfirheyrður í gær. - jss

HITAMÁL Í KALIFORNÍU Meðan málflutningur fór fram var efnt til mótmæla. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hæstiréttur í Kaliforníu:

Mun skilgreina hjónabandið

BANDARÍKIN, AP Hæstiréttur í Kaliforníu tekur innan þriggja mánaða afstöðu til þess hvort samkynhneigðum skuli heimilað að ganga í hjónaband. Til þess þurfa dómarar hans að komast að niðurstöðu um hvernig skilgreina skuli hjónabandshugtakið.

Málflutningur fór fram í gær í sex málum, sem komið hafa upp frá því dómstóllinn stöðvaði hjónavígslur samkynhneigðra í ríkinu árið 2004. Meira en 4.000 pör gengu í hjónaband þar veturinn 2004, en dómstóllinn ógilti þau öll. - gb

Skuldir heimilanna aukast:

Sautján prósenta aukning 2007

EFNAHAGSMÁL Skuldir heimilanna við lánakerfið námu tæplega 1.552 milljörðum króna við lok síðasta árs, samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands. Þetta er rúmlega sautján prósenta aukning frá árinu 2006, þegar skuldirnar námu um 1.323 milljörðum króna.

Skuldirnar vaxa hraðar en hagkerfið, en þær voru um 122 prósent af vergri landsframleiðslu í árslok 2007. Í árslok 2006 var hlutfallið 114 prósent, og 90 prósent árið 2000, að því er fram kemur í morgunkornum Glitnis í gær. - bj

Þykir umræða um Breiðavík öfgafull

Fyrrverandi forstöðumaður í Breiðavík gagnrýnir vinnubrögð nefndar um Breiðavíkurskýrslu. Sá vafi sem ríki um sína stjórnunarhætti sé óþægilegur. Leit að sökudólgum hafi gengið of langt og hann vilji leiðrétta sinn hlut.

BREIÐAVÍK „Mér finnst of mikil áhersla lögð á að leita að vondum mönnum sem komu að Breiðavík og vil fá að leiðrétta minn hlut," segir Kristján Sigurðsson, fyrrverandi forstöðumaður á vistheimilinu Breiðavík, um nýlega skýrslu nefndar sem kannaði starfsemi í Breiðavík á árunum 1952 til 1979.

Kristján tók við sem forstöðumaður árið 1955 og var þar í eitt ár. Hann segir að eitt af fyrstu verkum sínum við komuna í Breiðavík hafa verið að rífa í burtu timburbúr í kjallara hússins með aðstoð piltanna en í því sögðust drengirnir hafa verið lokaðir í refsingarskyni. Róbert Spanó, formaður Breiðavíkurnefndarinnar, segist ekki geta tjáð sig efnislega um málefni einstakra starfsmanna en bendir á umfjöllun nefndarinnar um störf hans. Þar kemur meðal annars fram að vistmenn þess tíma segi að umönnun hafi almennt verið góð í tíð Kristjáns. Hins vegar kemur fram að í frásögn eins vistmannsins sé ekki hægt að greina hvort innilokun í klefanum hafi verið beitt í tíð Kristjáns eða þess forstöðumanns sem tók við af honum. Kristján telur að af lestri skýrslunnar geti skilist að grunur leiki á að hann hafi látið reisa klefann aftur þótt það sé af og frá.

Í frásögnum kom þó fram að fjórir af þeim átján drengjum sem vistaðir voru í Breiðavík í tíð Kristján kváðust hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu eldri drengs sem þar var.

Í frásögnum vistmanna af líkamlegu ofbeldi af hálfu starfsmanna gætti töluverðs misræmis að mati skýrsluhöfunda. Í skýrslunni er vísað í álitsgerð dr. Gísla H. Guðjónssonar um Breiðavík en í henni kemur fram að hann telji meiri líkur en minni á því að vistmenn hafi þurft að sæta illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu annarra vistmanna á þessu tímabili. Þá telur hann einnig meiri líkur en minni á því að vistmenn hafi þurft að sæta minni háttar líkamlegum refsingum af hálfu starfsmanna. Komast nefndarmenn þó að þeirri niðurstöðu að gæta þurfi varfærni þegar dregnar eru ályktanir af frásögnum um illa meðferð og því séu ekki nægar forsendur fyrir að álykta á sama veg og dr. Gísli gerir í álitsgerð sinni. Við það er Kristján þó ekki sáttur. „Er ég kannski sekur vegna vafans? Ég tel að vistin í Breiðavík hafi ekki haft góðar afleiðingar á drengina sem þar voru vistaðir. Hins vegar finnst mér umræðan hafa verið full öfgakennd og leitin að vondum körlum gengið of langt," segir Kristján sem einnig saknar þess að menntunar sinnar hafi ekki verið getið í skýrslunni. karen@frettabladid.is

FYRRVERANDI FORSTÖÐUMAÐUR BREIÐAVÍKUR Kristján Sigurðsson hefur alla tíð starfað með börnum og kemur enn að þeim störfum þótt hann sé kominn á níræðisaldur. Honum finnst sá vafi um að hann hafi beitt ofbeldi slæmur og ekki til marks um góð vinnubrögð. Hann hafi viljað láta bóka í skýrslu Breiðavíkurnefndar frásögn sína um að ofbeldi hefði hann aldrei beitt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BREIÐAVÍK Kristján bendir á að hann var ráðinn til tveggja ára sem forstöðumaður Breiðavíkur, hins vegar þóttu honum aðstæður óhæfar fyrir börn og einangrun óviðunandi og því hafi hann sagt starfi sínu lausu eftir eitt ár.

FORMAÐUR BREIÐAVÍKURNEFNDAR Róbert Spanó segist ekki geta tjáð sig efnislega um málefni einstakra forstöðumanna en vísar í skýrsluna um málið.

MYRKRAVERK Viðskiptavinir verslunarinnar Nóatúns létu rafmagnsleysið ekki trufla sig. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rafmagnslaust í hálftíma:

Versluðu áfram í myrkrinu

ORKUMÁL Rafmagn fór af nokkrum götum í Reykjavík um klukkan 19 í gærkvöldi vegna bilunar á háspennustreng.

Viðskiptavinir verslunarinnar Nóatúns í Nóatúni létu myrkrið ekki slá sig út af laginu og héldu matarinnkaupum áfram, enda kassakerfið í gangi, þökk sé vararafstöð. Samkvæmt upplýsingum frá bilanavakt Orkuveitu Reykjavíkur var rafmagnið komið aftur á eftir um hálfa klukkustund. Viðgerð á strengnum bíður þó þar til í dag. - bj

Ólafur F. Magnússon:

Ósáttur við nærveru Óskars

SVEITASTJÓRNARMÁL Ólafur F. Magnússon borgarstjóri brást reiður við spurningu Óskars Bergssonar, borgarfulltrúa Framsóknarflokksins, í fyrradag. Óskar spurði hvort það gæti veri að Ólöf Valdimarsdóttir, aðstoðarkona Ólafs F., hefði veitt borginni ráðgjöf um að rífa ætti húsin við Laugaveg fjögur og sex.

Ólafur sagði borgarstjórn setja niður við nærveru Óskars og sagði spurningarnar um aðstoðarkonu Ólafs F. „ósmekklegar." Óskar sagði fullt tilefni til þess að spyrja út í málið, ekki síst í ljósi þess að ef svo væri yki það ekki við níu prósent traust borgarstjórnar, sem væri „sögulegt lágmark". - mh

LÚXUS | Glæsilegt úrval lúxusbíla
Komdu núna í **Bílaland B&L** og kynntu þér kostina

ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI

BMW X5 diesel
Nýskr: 09/2004, 2900cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkblár, Ekinn 70.000
Verð: 5.050.000

Opið virka daga frá kl. 10 til 18
og á laugardögum frá kl. 12 til 16
Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík
575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bílaland B&L notaðir bílar
bilaland.is
575 1230

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson Veðurfræðingur

STORMHVIÐUR SYÐRA Núna með morgninum verður hvöss suðaustan- og austanátt á suðurhluta landsins og má búast við stormhviðum við fjöll. Síðan hvessir smám saman annars staðar en lægir að sama skapi suðvestan til. Snjókoma syðra með morgninum en síðar slydda og rigning. Fer að snjóa nyrðra í dag.

Á MORGUN 10-15 m/s á Vestfjörðum annars mun hægari

ÞRIÐJUDAGUR 3-10 m/s



HEIMURINN	
Kaupmannahöfn	6°
Billund	8°
Ósló	-1°
Stokkhólmur	3°
Gautaborg	5°
London	10°
París	8°
Frankfurt	5°
Friedrichshafen	4°
Berlín	6°
Alicante	10°
Mallorca	12°
Basel	4°
Eindhoven	7°
Las Palmas	21°
New York	12°
Orlando	25°
San Francisco	17°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

RATATOUILLE
PIXAR
BOURNE ULTIMATUM
Harry Potter
DIE HARD 4.0
Það er alltaf opið!
Í Sjónvarpi Símans eru allar myndir alltaf inni!
1100 titlar í Sjónvarpi Símans
með einum takka á fjarstýringunni
SkjárBíó, vídeóleigan í Sjónvarpi Símans, veitir þér aðgang að hundruðum bíómynda, úrvali af barnaefni á 0 kr. og margs konar fræðslu- og skemmtiefni. Með Sjónvarpi Símans nærðu auk þess öllum íslensku sjónvarpsstöðvunum og yfir 60 erlendum sjónvarpsrásum.
800 7000 • siminn.is
Það er Síminn
Sími
Netið
Sjónvarp

KJÖRKASSINN

Hefur þú hlaðið höfundarréttarvörðu efni niður af netinu á síðustu tólf mánuðum án þess að greiða fyrir það?

Já	31,4%
Nei	68,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Vilt þú að eitt eða fleiri álver rísi hér á landi fyrir árslok 2012?

Segðu þína skoðun á visir.is

Samkvæmt heimildum Ekstra Bladet styttist í forsætisráðherraskipti í Danmörku:

Fogh sagður á leið í forsæti ESB

DANMÖRK Danska dagblaðið Ekstra Bladet sló því upp í gær að Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra myndi innan árs segja skilið við stjórnmál í heimalandinu og taka fyrstur manna við embætti forseta leiðtogaráðs Evrópusambandsins, en það embætti verður til er hinn nýi Lissabonsáttmáli ESB gengur í gildi. Skipað verður í það til tveggja og hálfs árs í senn.

Að sögn blaðsins nýtur Fogh svo mikilla vinsælda í mörgum höfuðborgum ESB-landa, að „sterk öfl“ vinna hart að því hann veljist til að gegna embættinu.

Helsti keppinautur Foghs um þetta áhrifamikla embætti er Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, en að sögn Ekstra Bladet á hann minni möguleika en Fogh þar sem ráðamenn í Berlín vilji beita neitunarvaldi gegn Blair. Fastur pistlahöfundur Politiken.dk lét þessa keppni milli Fogh og Blair verða sér tilefni til að ályktta að „Bush 2“ og „Bush 3“ bitust nú um að verða forseti Evrópu.

KEPPINAUTAR Anders Fogh Rasmussen og Tony Blair eru sagðir eiga mesta möguleika á að verða fyrsti forseti leiðtogaráðs ESB. NORDICPHOTOS/AFP

Gangi það eftir að Fogh setjist í forsetastól hjá ESB mun Lars Lökke Rasmussen, núverandi fjármálaráðherra, taka við forystu dönsku ríkisstjórnarinnar. Hann yrði þar með þriðji Rasmusseninn í röð sem gegnir því embætti, eftir Anders Fogh og Poul Nyrup. - aa

Lögreglan á Vestfjörðum:

Tók 400 grömm af hassi

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Vestfjörðum lagði hald á um 400 grömm af hassi í húsleit sem framkvæmd var í heimahúsi á Ísafirði í fyrradag. Húsráðandi, karlmaður á þrítugsaldri, var handtekinn í tengslum við rannsókn málsins. Maðurinn var í haldi lögreglunnar þar til í gær en þá var honum sleppt. Hann hefur áður komið við sögu lögreglu vegna fíkniefnamála. Af magninu að ráða má ætla að efnið hafi verið ætlað til sölu og dreifingar á norðanverðum Vestfjörðum. Þetta er mesta magn fíkniefna sem lagt hefur verið hald á í einu lagi á Vestfjörðum til þessa. - jss

Vilja sömu eftirlaun og þingmenn njóta

Forstöðumenn ríkisstofnana vilja sama eftirlaunarétt og forsetinn, ráðherrar, alþingismenn og hæstaréttardómarar. BSRB, ASÍ og prestar vilja samræma eftirlaunarétt æðstu embættismanna því sem almennir ríkisstarfsmenn njóta.

STJÓRNSÝSLA „Forstöðumenn ríkisstofnana gegna mikilvægum störfum og eðlilegt að tekið sé tillit til þess í eftirlaunum,“ segir Haukur Ingibergsson, formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana. Stjórn félagsins vill að félagsmenn þess njóti sambærilegs eftirlaunaréttar og forseti Íslands, ráðherrar, alþingismenn og hæstaréttardómarar.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp Valgerðar Bjarnadóttur, Samfylkingunni, sem kveður á um afnám sérréttinda ráðherra, þingmanna og hæstaréttardómara í lífeyrismálum en þau fengust með lögum sem sett voru í desember 2003 og vöktu ólgu í samfélaginu. Réttindi þessara stétta og forseta eru betri og rýmri en annarra starfsmanna ríkisins.

HAUKUR INGIBERGSSON

Í umsögn Félags forstöðumanna ríkisstofnana um frumvarp Valgerðar er ekki tekin afstaða til efnis þess en lögð áhersla á að forstöðumenn njóti sambærislegs eftirlaunaréttar og þeir hópar sem frumvarpið tekur til.

Haukur Ingibergsson segir starfsemi ríkisstofnana umfangsmikla og ábyrgð forstöðumanna mikla; um 22 þúsund starfsmenn gegni 17-18 þúsund ársverkum og reksturinn nemi háum fjárhæðum. Forstöðumenn ríkisstofnana eru um 200.

MÓTMÆLT Fjölmenni var við mótmæli Alþýðusambandsins á Austurvelli í desember 2003 þegar eftirlaunafrumvarpið var til meðferðar á Alþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fagnar frumvarpi Valgerðar og telur að umræddir hópar eigi ekki að njóta sérstakra forréttinda í lífeyriskjörum umfram annað launafólk.

Alþýðusamband Íslands styður líka málið og hvetur Alþingi til að hefja heildarendurskoðun á lífeyrismálum þjóðarinnar.

Í sinni umsögn segist stjórn Prestafélags Íslands styðja frumvarpið heilshugar og telja eðlilegt að um þessa hópa æðstu embættismanna gildi sömu reglur um lífeyrisréttindi og hjá ríkisstarfsmönnum almennt. Kjararáð, Hagstofan og Viðskiptaráð hafa einnig sent allsherjarnefnd viðbrögð við ósk um umsögn en gera ekki athugasemdir, ætla ekki að tjá sig eða telja frumvarpið ekki tengjast verksviði sínu.

Nefndin óskaði umsagna ellefu aðila til viðbótar, þar á meðal Bandalags háskólamanna, Dómarafélags Íslands, Landssamtaka lífeyrissjóða, Sambands sveitarfélaga og Þjóðarhreyfingarinnar en hefur ekki fengið viðbrögð.

bjorn@frettabladid.is

Utanríkisráðherra vill halda áfram að beita hefðbundnum leiðum:

Slítur ekki sambandi við Ísrael

UTANRÍKISMÁL Utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, segist ekki átta sig á mögulegum ávinningi af því að slíta stjórnmálasambandi við Ísrael. Aldrei sé skynsamlegt að slíta öll tengsl. Hún telji þó atburðina í Palestínu óafsakanlega hóprefsingu, sem hvorki standist lög né reglur. „En það væri nær að alþjóðasamfélagið beitti sér sem heild í gegnum stofnanir eins og Öryggisráðið. Það verður að fullreyna þá möguleika,“ segir hún.

Spurð hvort þetta sé ekki nú þegar fullreynt, segir ráðherra Annapolis-friðarferlið nýhafið og að ekki megi afskrifa það, þótt illa horfi til árangurs. Ábyrgð Bandaríkjanna sé þar mikil.

Íslendingar hafi aldrei slitið stjórnmálasambandi af ástæðum sem þessum og séu ekki beinir samningsaðilar í Palestínu.

„En það skiptir máli að við látum rödd okkar heyrast. Ég er nú þegar byrjuð að beita þessum tækjum sem við höfum,“ segir hún og minnir á bréf sem hún sendi utanríkisráðherra Ísraels, Tzipi Livni, á föstudag. Einnig hafi hún átt við Livni fjölmörg samtöl í síma um þetta. - kóþ

MÓTMÆLI Á LÆKJARTORGI Í gær safnaðist fjöldi manns saman á Lækjartorgi og mótmælti hernaði og hernámi Ísraela. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

STJÓRNMÁLASAMBANDI VAR SLITIÐ Í ÞORSKASTRÍÐINU 1976

Á heimasíðu utanríkisráðuneytisins segir að slit stjórnmálasambands séu einkum viðhöfð, ef ríki telji að framferði annars ríkis valdi sér beinu tjóni. En stundum séu stjórnmálasambandsslit framkvæmd sem mótmæli gegn stefnu annars ríkis í einhverju málefni á alþjóðasviði. Í þorskastríðnu, í febrúar árið 1976, slitu íslensk stjórnvöld stjórnmálasambandi við breska heimsveldið. Fastaráð NATO fundaði um málið, enda ekki lítið mál að tvær aðildarþjóðir bandalagsins ættu ekki í stjórnmálasambandi. Ráðherrar þjóðanna hittust í Osló í maí 1976 og 1. júní var samkomulagi náð og stjórnmálasambandi komið á að nýju. Heimild: Utanríkisráðuneytið og nat.is

LEGO® Frábær tilboð
á dönskum dögum

TILBOÐ
1.799 kr
Verð áður 2.599,-

LEGO LEIKFANGAKASSI
bleikur
4 ára og eldri

TILBOÐ
1.199 kr
Verð áður 1.599,-

LEGO DUPLO
GRUNNASKJA
1½ - 5 ára

LEGO GRUNNASKJA
4 ára og eldri

TILBOÐ
1.199 kr
Verð áður 1.599,-

TILBOÐ
999 kr
Verð áður 1.499,-

LEGO RACERS
booster beast

LEGO RACERS
phantom crasher

LEGO RACERS
fire crusher

LEGO RACERS
night blaszer

OPIÐ
til 20
alla daga

Gildir til 17. mars eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Borgarstjórnarfundur stóð til klukkan þrjú aðfaranótt miðvikudags:

Tókust á um REI fram á nótt

SVEITARSTJÓRNARMÁL Borgarfulltrúar tókust harkalega á um málefni Reykjavík Energy Invest, REI, á borgarstjórnarfundi fram til klukkan tvö aðfaranótt miðvikudags.

Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, sagði Svandísi Svavarsdóttur, Vinstri grænum, og Dag B. Eggertsson og Sigrúnu Elsu Smáradóttur, Samfylkingunni, hafa komið með beinum hætti að kaupréttarsamningum sem útvaldir starfsmenn REI áttu að fá. „Það dregur óneitanlega úr trúverðugleika skýrslu starfshóps um málefni REI, og þá sérstaklega kaflanum um þessa kaupréttarsamninga."

Júlíus sagði uppröðun starfsfólks á kaupréttarlista hafa átt sér stað á stjórnarfundi Orkuveitu Reykjavíkur 3. október og þann fund hefðu Svandís og Sigrún Elsa setið.

Dagur B. Eggertsson sagði málflutning Júlíusar Vífils með ólíkindum og rangan í öllum meginatriðum. „Júlíus er að segja ósatt. Hann segir að ég og Svandís höfum samþykkt þessa kaupréttarsamninga í stjórn Orkuveitunnar. Í fyrsta lagi kom þetta fram í stjórn REI og var dregið til baka nokkrum dögum síðar. Ég var heldur ekki á stjórnarfundi Orkuveitunnar 3. október, þannig að þetta er bara bull í Júlíusi Vífli." - mh

REI ENN DEILUEFNI Í BORGINNI

Kjörnir fulltrúar í Reykjavík hafa nú tekist á um málefni Reykjavík Energy Invest, útrásararm Orkuveitu Reykjavíkur, nánast sleitulaust frá því í byrjun október. Tvisvar sinnum hefur verið skipt um meirihluta í borginni frá því málið kom upp. Ekki sér fyrir endann á rifrildi fulltrúanna fimmtán.

Framúrkeyrsla vegna gallaðra áætlana

Í upphaflegri kostnaðaráætlun vegna stúkubyggingar í Laugardal gleymdist að gera ráð fyrir virðisaukaskatti. Áætlunin ekki í takt við markaðsaðstæður. Pólitískt moldviðri, segir Eggert Magnússon, fyrrverandi formaður KSÍ.

SVEITARSTJÓRNARMÁL „Mér finnst þetta nú fyrst og fremst vera pólitískt moldviðri. Borgin fylgdist nákvæmlega með öllum þáttum þessa verkefnis og það ætti ekki að koma neinum á óvart hvernig það er," sagði Eggert Magnússon, fyrrverandi formaður Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) og byggingarnefndar um stúkubyggingu við Laugardalsvöll.

Nefndin fundaði tvisvar sinnum frá því samningur um bygginguna var undirritaður 15. september 2005; fyrst í nóvember sama ár og svo í apríl 2006.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður borgarráðs, hefur beðið endurskoðendur borgarinnar að fara yfir öll samskipti borgaryfirvalda og KSÍ vegna framkvæmdanna í Laugardal. Lokauppgjör vegna framkvæmdanna er rúmlega 1.600 milljónir króna en hlutur borgarinnar þar af er um 400 milljónir.

Upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir kostnaði upp á um 1.100 milljónir króna en þær voru gallaðar, að sögn Geirs Þorsteinssonar, formanns KSÍ. „Í þeirri áætlun var töluverð skekkja þar sem virðisaukaskattinn vantaði inn í áætlunina. Þetta var upphafið að vandræðunum ef svo má segja. Síðan kom í ljós að áætlunin var ekki í takt við markaðsaðstæður þar sem tilboð í útboðinu voru miklu hærri í allt verkið en áætlanir höfðu gert ráð fyrir," sagði Geir. „Þetta er ekkert nýtt. Þetta hefur legið fyrir frá því framkvæmdirnar hófust."

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn, átti sæti í byggingarnefndinni fyrir hönd borgarinnar þegar framkvæmdirnar fóru af stað. Þegar hann varð borgarstjóri í október í fyrra fékk hann fréttir af því að lokauppgjör vegna framkvæmdanna væri á leiðinni. „Ég fékk spurnir af því fljótlega eftir að ég varð borgarstjóri að viðræður væru í gangi um lokauppgjör á þessum málum. Á síðasta fundi sem ég sat í byggingarnefndinni var gert ráð fyrir því að verkið væri á áætlun en síðan virðast hlutirnir hafa breyst."

Sverrir Þór Kristjánsson, umsjónarmaður verksins fyrir hönd verktakans Ístaks, segir bygginguna hafa gengið vel í alla staði og ekkert óeðlilegt hafi komið upp. Hann vildi ekki tjá sig um ástæður kostnaðaraukningar við framkvæmdirnar.

magnush@frettabladid.is

STÚKAN Á LAUGARDALSVELLI Bygging stúkunnar á Laugardalsvelli hefur verið dýrari en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Samkvæmt lokauppgjöri er kostnaðurinn rúmlega 1.600 milljónir króna og framúrkeyrslan frá upphaflegu áætlunum er því um sex hundruð milljónir. Fljótlega var ljóst að kostnaðurinn færi töluvert fram úr upphaflegum kostnaðaráætlunum þar sem áætlanirnar voru óraunhæfar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SAMNINGSATRIÐI BORGAR OG KSÍ

Samningur um stúkubyggingu á Laugardalsvelli var undirritaður 15. september 2005.
Í þriðju grein samningsins kemur fram að KSÍ sjái um hönnun, útboð, framkvæmdir og fjármögnun við nýbyggingu við eldri áhorfendastúkuna.
Framkvæmdin sjálf sem samið var um snýst í meginatriðum um fimm þætti.

- Nýbygging við starfsemi KSÍ
- Stækkun eldri stúku vestan Laugardalsvallar til norðurs og suðurs fyrir allt að 2.600 manns.
- Ný sæti framan við eldri stúku fyrir allt að 470 manns.
- Endurbygging á þaki eldri stúku vestan Laugardalsvallar.
- Breyting og lagfæring á eldri stúku, inngangur og snyrtingar og fleira.

Reykjavíkurborg átti að greiða 398 milljónir, ríkissjóður 200 milljónir og Knattspyrnusamband Íslands 440 milljónir. Samtals 1.038 milljónir. Við bætast svo þrjátíu milljónir vegna framkvæmda við lóð og bifreiðastæði. Reykjavíkurborg greiðir það. Upphæðirnar eru vísitölutengdar samkvæmt samningnum og geta því sveiflast lítillega þegar kemur til greiðslu.

Ian Paisley, sem fer fyrir samstjórninni á Norður-Írlandi, hyggst draga sig í hlé:

Rask á viðkvæmu jafnvægi

NORÐUR-ÍRLAND, AP Ian Paisley, hinn litríki roskni leiðtogi sambandssinna sem fer fyrir samstjórn sambands- og lýðveldissinna á Norður-Írlandi, boðaði á þriðjudag að hann hygðist fljótlega draga sig í hlé af heilsufarsástæðum. Afsögn hans hefur vakið ugg um að eftirmaður hans kunni að verða minna áhugasamur um – eða minna fær um – að stjórna í félagi við kaþólska.

Yfirgnæfandi líkur eru taldar á að arftakinn verði Peter Robinson, fjármálaráðherra í samstjórninni, sem í þrjá áratugi hefur þjónað sem staðgengill Paisleys í Lýðræðisflokki sambandssinna, DUU.

TEKINN AÐ RESKJAST Ian Paisley mætir til vinnu í Stormont-kastala í Belfast í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekki þykir vafi leika á því að Robinson sé trúr friðarsamkomulaginu sem kennt er við föstudaginn langa, enda var hann lengi aðalsamningamaður DUU í friðarviðræðunum og sem slíkur fékk hann ítrekað Paisley til að brjóta odd af oflæti sínu og taka þátt í málamiðlunum. En sumir norður-írskir stjórnmálamenn óttast að hvers kyns mannabreytingar í brúnni muni óhjákvæmilega raska jafnvæginu í stjórninni þar sem margir sambandssinnar séu enn mótfallnir því yfirleitt að deila völdum með kaþólskum. - aa

TILBOÐ
820 731616
MontBlanc farangursbox, 340 l.
Lengd 150 cm, breidd 82 cm, hæð 34 cm.
Opnast hægra megin.
29.900,-
~~41.900,-~~

MARSTILBOÐ

Allt fyrir jeppaferðina í verslunum N1

TILBOÐ
202 PMC013
Loftdæla, 90 l.
11.900,-
~~14.990,-~~

TILBOÐ
664 210 215
Dekkjaviðgerðarsett
4.900,-
~~6.988,-~~

TILBOÐ
708 TOG10
Dráttartóg, 10 m, 20 mm.
5.490,-
~~6.890,-~~

TILBOÐ
526 4918130
Fljótandi snjókeðjur, 400 ml.
695,-
~~995,-~~

TILBOÐ
820 RF20
MontBlanc þverbogar
9.990,-
~~13.176,-~~

TILBOÐ
760 412960
Vasaljós, Dorcy
Gúmmíklætt, 2xD rafhlöður fylgja
990,-
~~1.448,-~~

TILBOÐ
760 410029
Handlukt, 6 volt
Vatnsheld
1.290,-
~~1.752,-~~

Tilboðin gilda út marsmánuð eða meðan birgðir endast

N1 VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 - SÍMI 440 1200
REYKJAVÍK - AKUREYRI - AKRANES - HAFNARFJÖRÐUR - KEFLAVÍK - SELFOSS - HORNAFJÖRÐUR - EGILSSTAÐIR

WWW.N1.IS

OPIÐ VIRKA DAGA 8-18
LAUGARDAGA 10-14

esjum
a orku-

Samningsstaða Landsvirkjunar og áform reifuð í tilkynningu:

Orka í neðri hluta Þjórsár seld

ORKA Landsvirkjun sendi í gær frá sér tilkynningu með yfirskriftinni „Orkan í neðri hluta Þjórsár seld með fyrirvara um að leyfi fáist“.

Þar segir að fyrirtækið hafi rætt við fjölmörg hátæknifyrirtæki sem hafi áhuga á raforkukaupum úr virkjunum þeim sem fyrirhugaðar eru í neðri hluta Þjórsár.

Auk gagnaversins megi minna á mögulega framleiðslu á hreinkísli í Þorlákshöfn.

Ljóst sé að eftirspurn eftir orku er langt umfram framboð. Landsvirkjun hafi ekki aðra virkjunarkosti en í neðri hluta Þjórsár tiltæka til raforkusölu á Suður- og Vesturlandi.

Þá sé lítið svigrúm í raforkukerfinu til aukinnar framleiðslu því raforkusala hafi aukist mikið.

Benda megi á að Becromal opni orkufreka rafþynnuverksmiðju á Akureyri síðar á árinu með rafmagni frá Landsvirkjun, án nýrra virkjana.

Þar sem ekki hafi enn verið gefið út virkjunar- og framkvæmdaleyfi fyrir virkjunum í neðri hluta Þjórsár séu samningar Landsvirkjunar við Verne og aðrir orkusölusamningar sem fyrirtækið kunni að gera gerðir með fyrirvara um að tilskildar heimildir fáist fyrir virkjunum í Þjórsá.

- kóþ

ÖLMÓÐSEY Í ÞJÓRSÁ Landsvirkjun segist vera byrjuð að semja um að selja orkuna sem muni fást úr virkjunum í Þjórsá, enda hafi fyrirtækið ekki aðra virkjunarmöguleika á svæðinu.

MYND/LOFTMYNDIR

Sól á Suðurnesjum:

Bráðnun jökla bjargi Þjórsá

UMHVERFISMÁL Með auknu vatnsstreymi af bráðnun jökla verður til nógu mikil orkuaukning í núverandi virkjanakerfi fyrir væntanlegt gagnaver Verne Holding á Suðurnesjum, til dæmis í Kárahnjúkavirkjun. Því þarf ekki að virkja Þjórsá, að sögn talsmanns Sólar á Suðurnesjum, Guðbjargar R. Jóhannesdóttur.

GUÐBJÖRG RANNVEIG JÓHANNESDÓTTIR

Því harmi samtökin stefnu Landsvirkjunar og nýlegar yfirlýsingar forstjóra hennar, en fyrirtækið gerði þann fyrirvara við orkusölu til gagnaversins að leyfi fengist til að virkja Þjórsá. Gagnaverið muni nota lítinn hluta þeirrar orku, sem færi til dæmis í álver í Helguvík, einungis 25 MW til að byrja með og í mesta lagi 50 MW. Álver í Helguvík þyrfti allt að 435 MW.

„Þess vegna er gagnaverið náttúrlega frábær þróun. Það er byrjunarskref en hér eru ýmsir aðrir möguleikar,“ segir Guðbjörg og telur til að nú þegar sé unnið að háskólauppbyggingu og jafnvel kvikmyndaveri á svæðinu. Hún telur tímaskekkju að reisa orkufrekt álver því það skemmi fyrir öðrum möguleikum. **- kóþ**

URRIÐAFOSS Í ÞJÓRSÁ Guðbjörg segir að ekki sé þörf á að virkja hér fyrir nýja gagnaverið. Orkuþörf þess megi fullnægja með annarri orku. Einnig segir hún að álver í Helguvík myndi eyðileggja fyrir annarri uppbyggingu á Suðurnesjum.

MYND/SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON

Gagnaverið óháð Þjórsá

Viðskiptaráðherra segir nálgun Landsvirkjunar á tengsl gagnavers og Þjórsár sérkennilega. Þetta séu óskyldir hlutir. Rætt var um málið á Alþingi í gær.

ORKA „Það er varla hægt að taka það alvarlega þegar þessum tveimur óskyldu hlutum er stillt upp með þessum hætti,“ segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra um fyrirvara Landsvirkjunar við orkusölu til gagnavers Verne í Keflavík.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær gerir Landsvirkjun það að skilyrði fyrir sölunni að virkjunarleyfi fáist í Þjórsá.

Viðskiptaráðherra segist ekki sjá hvernig gagnaver, sem noti 25 megavött, hafi nokkuð með virkjun Þjórsár að gera.

„Auðvitað er það ekki forsenda gagnavers,“ segir Björgvin og minnir á andstöðu sína við téðar virkjanir.

Mörður Árnason, Samfylkingu, vakti athygli þingheims á frétt blaðsins í gær. Sagði hann Landsvirkjun reka áróður „eins og hver annar stjórnmálaflokkur“. Fyrirtækið notaði vinsælt mál, eins og gagnaver, til að koma fram óvinsælu máli; virkjun í Þjórsá.

„Landsvirkjun er að nota gagnaverið sem fjárkúgun, sem blakkmeil á Alþingi. Hvað á þetta fríríki, þetta sjálfstýrða apparat, eiginlega að komast upp með af dónaskap og frekju í garð kjörinna fulltrúa hér og í garð ríkisstjórnarinnar og alls almennings?“ spurði Mörður og var þá kallað fram í að hann skyldi spyrja iðnaðarráðherra að þessu.

Kristján Þór Júlíusson, Sjálfstæðisflokki, kvað næst að óábyrgt væri að nýta ekki Þjórsá. Hann vænti þess að þingmenn fögnuðu áformunum, líkt og iðnaðarráðherra hefði gert.

BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

MÖRÐUR ÁRNASON

HELGI HJÖRVAR

KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

Helgi Hjörvar í Samfylkingunni kom þá og efaðist um að rétt hefði verið haft eftir upplýsingafulltrúa Landsvirkjunar. Þetta væri líklega óþarfa uppsláttur í blaðinu.

Að lokum tók Álfheiður Ingadóttir úr VG til máls og sagði óþarft fyrir Helga að bera blak af upplýsingafulltrúanum. Helgi gæti lesið sér til um fyrirætlanir Landsvirkjunar á heimasíðu fyrirtækisins.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra er erlendis og svaraði engu um málið í gær.

klemens@frettabladid.is

RÝMINGAR

SALA

VEGNA FLUTNINGA HABITAT Í HOLTAGARÐA

60-90%

AFSLÁTTUR

2. HÆÐ ASKALIND 1

GENGIÐ INN Í GEGNUM VERLSUN

Opið alla daga vikunnar

Askalind 1, Kópavogur. Sími 568 9700

habitat

Clinton og Obama búa sig undir átök

John McCain nýtur þess að enn er mjótt á mununum milli Hillary Clinton og Baracks Obama, sem þurfa að berjast hart næstu vikurnar.

BANDARÍKIN, AP Hillary Clinton gaf í gær í skyn að þau Barack Obama gætu tekið þá ákvörðun að bjóða sig fram saman, þannig að annað þeirra yrði varaforsetaefni en hitt forsetaefni.

„Það getur verið að þetta stefni þangað. En fyrst verðum við að ákveða hvort verður efst á seðlinum. Ég tel að íbúar í Ohio hafi greinilega sagt að það eigi að vera ég," sagði hún í sjónvarpi í gær þegar hún var spurð út í þennan möguleika.

Clinton vann sigur í þremur ríkjum af fjórum í forkosningum á þriðjudaginn. Hún fékk 54 prósent atkvæða í Ohio, 51 prósent í Texas og 58 prósent í Rhode Island, en Obama sigraði með 60 prósent atkvæða í Vermont.

Sigurinn í Ohio skiptir Clinton verulegu máli því síðustu 44 ár hefur það aldrei gerst að sigurvegari forsetakosninga hafi tapað í forkosningum í Ohio. Munurinn á milli þeirra er þó enn það mjór að Clinton á engan veginn sigurinn vísan.

„Við erum ennþá með óyfirstíganlega forystu," sagði Obama á þriðjudagskvöld og sagðist sannfærður um sigur í forsetakosningunum í nóvember.

Reiknað er með að næstu vikurnar muni aukin harka færast í baráttu þeirra, en síðustu prófkjör Demókrataflokksins verða ekki fyrr en í júní.

Á endanum verða það nærri 800 forystumenn flokksins sem ráða úrslitum, því þeir ganga óbundnir til atkvæða á landsþingi flokksins í lok ágúst.

Deilur þeirra Obama og Clinton næstu vikurnar koma sér afar vel fyrir John McCain, sem á þriðjudaginn tryggði sér meirihlutastuðning kjörmanna á landsþingi Repúblikanaflokksins í haust, þegar forsetaefni flokksins verður valið.

McCain getur nú styrkt stöðu sína í rólegheitum meðan frambjóðendur demókrata rífa hvort annað niður. McCain hélt í gær á fund George W. Bush forseta í Hvíta húsinu og fékk stuðning hans til framboðs af hálfu Repúblikanaflokksins, en gæti þó þurft að glíma við harða andstöðu margra flokksfélaga sinna, einkum kristilegra hægrimanna sem eiga erftt með að sætta sig við að hann verði forsetaefni flokksins.

Þeir McCain og Bush deildu hart í forkosningum Repúblikanaflokksins fyrir forsetakosningarnar árið 2000, og hafa iðulega verið á öndverðum meiði í lykilmálum á borð við fjármögnun kosningabaráttu, skattalækkanir, hlýnun jarðar og pyntingar.

gudsteinn@frettabladid.is

HILLARY CLINTON Ánægð með sigurinn sem kom í veg fyrir að hún dytti strax út úr kosningabaráttunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

NÚNA
ERU SAMNINGADAGAR HJÁ VÉLASVIÐI HEKLU Á GÓÐUM NOTUÐUM TÆKJUM

Ein af tilboðsvélum dagsins
KOMATSU WA380
Árgerð 1998, ekin 9.500 tíma.

Tilboðsverð í dag:
3.200.000 + vsk

Opið 9-19 fimmtudag og föstudag og 12-18 laugardag

HEKLA vélasvið
Klettagörðum 8-10, Sími 590 5000, www.hekla.is, velasvid@hekla.is.
HEKLA

LANDIC PROPERTY

Hluthafafundur í Landic Property hf. verður haldinn föstudaginn 14. mars 2008 kl. 11.00 á starfsstöð félagsins í Kringlunni 4–12, í Reykjavík.

DAGSKRÁ:

1. Breytingar á samþykktum félagsins:

   Tillaga er lögð fram um breytingu á grein 2.1. þannig að hluthafafundur félagsins heimili stjórn lántöku og útgáfu skuldabréfa með breytirétti fyrir allt að fjárhæð 1.383.116.455 kr. (eða samsvarandi fjárhæð í evrum taki stjórnin ákvörðun um að nýta sér framangreinda heimild til að skrá hlutafé félagsins í evrum) til að mæta kaupum á hlutum í fasteignafélögum og -sjóðum og skuldbindingum þeim tengdum samkvæmt kaupsamningi, dags. 13. febrúar 2008. Muni breytirétturinn verða virkur skv. eftirfarandi: Frá 13. febrúar 2010 um allt að 376.884.702 kr. á genginu 14,0, frá 13. febrúar 2011 um allt að 351.903.548 kr. til viðbótar á genginu 14,7, frá 13. febrúar 2012 um allt að 335.146.237 kr. til viðbótar á genginu 15,435 og frá 13. febrúar 2013 um allt að 319.181.968 kr. til viðbótar á genginu 16,207. Lagt er til að hluthafar falli frá forgangsrétti sínum til áskriftar að hinu nýja hlutafé. Heimild þessi skuli gilda fram til 13. febrúar 2013, en falla þá niður að því leyti sem hún hafi ekki verið nýtt.

2. Önnur mál, löglega upp borin.

   Framangreindar tillögur liggja frammi á skrifstofu félagsins til frekari kynningar fyrir hluthafa.

Stjórn Landic Property hf.

INGVAR HELGASON **NOTAÐIR BÍLAR**

ALLTAF GÓÐIR!

FJÖLDI BÍLA Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI. KOMDU OG GERÐU BÍLAKAUP ÁRSINS.

Nissan **Patrol** Luxury

Ekinn 64 þús. Nýskr. 08/04
Áður: 3.490.000 kr.

2004 Sjálfskiptur — Nú: **3.190.000 kr.**

Nissan **Terrano II**

Ekinn 166 þús. Nýskr. 09/01
Áður: 1.390.000 kr.

2001 Beinskiptur — Nú: **1.190.000 kr.**

Jeep **Cherokee** Sport

Ekinn 126 þús. Nýskr. 11/00
Áður: 1.090.000 kr.

2000 Sjálfskiptur — Nú: **790.000 kr.**

Mitsubishi **L200**

Ekinn 2 þús. Nýskr. 06/07
Áður: 2.590.000 kr.

2007 Beinskiptur — Nú: **2.390.000 kr.**

Opel **Zafira** 1.8

Ekinn 96 þús. Nýskr. 12/01
Áður: 1.090.000 kr.

2001 Sjálfskiptur — Nú: **890.000 kr.**

Opel **Vectra** 1.9D Elegance

Ekinn 80 þús. Nýskr. 02/06
Áður: 2.080.000 kr.

2006 Sjálfskiptur — Nú: **1.790.000 kr.**

Isuzu **Trooper**

Ekinn 119 þús. Nýskr. 01/03
Áður: 1.930.000 kr.

2003 Sjálfskiptur — Nú: **1.690.000 kr.**

Hyundai **Santa Fe**

Ekinn 80 þús. Nýskr. 12/02
Áður: 1.790.000 kr.

2002 Sjálfskiptur — Nú: **1.490.000 kr.**

Opel **Meriva** 1.6

Ekinn 17 þús. Nýskr. 02/06
Áður: 1.550.000 kr.

2006 Beinskiptur — Nú: **1.290.000 kr.**

Opel **Corsa** 1.2

Ekinn 51 þús. Nýskr. 08/04
Áður: 990.000 kr.

2004 Beinskiptur — Nú: **790.000 kr.**

Suzuki **Grand Vitara**

Ekinn 127 þús. Nýskr. 06/98
Áður: 670.000 kr.

1998 Beinskiptur — Nú: **490.000 kr.**

Skoda **Octavia**

Ekinn 107 þús. Nýskr. 06/04
Áður: 1.280.000 kr.

2004 Beinskiptur — Nú: **1.090.000 kr.**

Renault **Kangoo**

Ekinn 30 þús. Nýskr. 07/05
Áður: 1.360.000 kr.

2005 Sjálfskiptur — Nú: **890.000 kr.**

Mitsubishi **Outlander**

Ekinn 100 þús. Nýskr. 02/04
Áður: 1.690.000 kr.

2004 Sjálfskiptur — Nú: **1.490.000 kr.**

Ford **Explorer**

Ekinn 33 þús. Nýskr. 04/05
Áður: 2.290.000 kr.

2005 Beinskiptur — Nú: **2.090.000 kr.**

Ford **Ranger** Crew Cab XL

Ekinn 137 þús. Nýskr. 12/02
Áður: 1.250.000 kr.

2002 Beinskiptur — Nú: **1.090.000 kr.**

Nissan **Navara** SE 2.5

Ekinn 50 þús. Nýskr. 04/06
Áður: 3.250.000 kr.

2006 Beinskiptur — Nú: **2.890.000 kr.**

Chevrolet **Silverado** 1500

Ekinn 93 þús. Nýskr. 08/04
Áður: 2.690.000 kr.

2004 Sjálfskiptur — Nú: **2.490.000 kr.**

Opel **Vectra**

Ekinn 102 þús. Nýskr. 05/03
Áður: 1.190.000 kr.

2003 Sjálfskiptur — Nú: **890.000 kr.**

Suzuki **Grand Vitara**

Ekinn 78 þús. Nýskr. 05/06
Áður: 2.120.000 kr.

2006 Beinskiptur — Nú: **1.760.000 kr.**

Ford **Focus**

Ekinn 70 þús. Nýskr. 08/03
Áður: 1.190.000 kr.

2003 Beinskiptur — Nú: **890.000 kr.**

Opel **Zafira**

Ekinn 85 þús. Nýskr. 09/03
Áður: 1.350.000 kr.

2003 Beinskiptur — Nú: **890.000 kr.**

Subaru **Legacy**

Ekinn 162 þús. Nýskr. 09/99
Áður: 790.000 kr.

1999 Beinskiptur — Nú: **590.000 kr.**

Opel **Astra** 1.8

Ekinn 8 þús. Nýskr. 04/07
Áður: 2.180.000 kr.

2007 Sjálfskiptur — Nú: **1.990.000 kr.**

Subaru **Forester**

Ekinn 170 þús. Nýskr. 02/99
Áður: 660.000 kr.

1999 Beinskiptur — Nú: **490.000 kr.**

Að sjálfsögðu bjóðum við hagstæðustu greiðslukjör sem völ er á. Allt að 100% lán og fyrstu greiðslu þarf ekki að inna af hendi fyrr en 1.apríl n.k. Með fyrirvara um prentvillur.

GÓÐ ÞJÓNUSTA Í HÁDEGINU

Þeir sem vilja nota hádegið til að skoða bíl eða reynsluaka fá að bragði rammíslenska pylsu og svalandi kók. Þú skoðar þig um í þægilegu umhverfi og þiggur aðstoð frá einhverjum af sölumönnum okkar. Taktu hádegishléið hjá okkur, fáðu þér eina með öllu og reynsluaktu notuðum bíl að eigin vali. Ingvar Helgason í hádeginu – alla virka daga í mars.

INGVAR HELGASON
Sævarhöfða 2, Reykjavík | Sími 525 8000 | www.ih.is

INGVAR HELGASON

ENNEMM / SÍA / NM32567

UNDIRBÝR HÁTÍÐARHÖLD Munkur þessi í Bútan var að útbúa skreytingar fyrir hátíðarhöld þar í landi þegar myndin var tekin af honum. Kosningar verða haldnar þar í lok mánaðarins.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála vísar frá kröfu heildverslunarinnar Innness:

Vilja nöfn þeirra sem kvörtuðu

SAMKEPPNISMÁL Forsvarsmenn heildverslunarinnar Innnes fá ekki að vita hver eða hverjir bentu Samkeppniseftirlitinu á meint brot Innness á samkeppnislögum.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur sér í nýlegum úrskurði óheimilt að úrskurða um kröfu Innness þar sem rannsókn Samkeppniseftirlitsins er enn í gangi.

Í kjölfar fréttaflutnings af meintu samráði á matvörumarkaði í október á síðasta ári sendi Samkeppniseftirlitið frá sér tilkynningu. Þar var skorað á þá sem teldu sig hafa upplýsingar um samkeppnisbrot að koma ábendingum til eftirlitsins. Samkeppniseftirlitið fékk fjölda ábendinga, og fékk í nóvember húsleitarheimild hjá Innnesi og öðrum fyrirtækjum. Rannsóknin stendur enn yfir, en í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála kemur fram að hún beinist að hugsanlegu ólöglegu samráði smásöluaðila og birgja.

Innnes fór í kjölfar húsleitarinnar fram á að fá húsleitarbeiðnina og öll gögn sem henni fylgdu. Einnig var óskað eftir upplýsingum um nöfn þeirra sem komið hefðu ábendingum um fyrirtækið á framfæri.

Kröfu Innness um að fá nöfn þeirra sem kvörtuðu var hafnað. Kröfunni var vísað til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Nefndin vísaði málinu frá, þar sem hún fjallar einungis um ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins eftir að lokaniðurstaða hefur fengist.

Ólafur Björnsson, forstjóri Innness, vildi ekki tjá sig um málið, en sagði í tölvupósti að það væri til skoðunar hjá fyrirtækinu. **- bj**

NEITA Samkeppniseftirlitið neitar að afhenda heildsölunni Innnesi upplýsingar um það hverjir komu ábendingum um meint brot á samkeppnislögum á framfæri.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

www.volkswagen.is

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

Efling og Samiðn um Stafnás:

Fá frest þar til á morgun

VINNUMARKAÐUR Efling stéttarfélag og Samiðn hafa sent byggingafyrirtækinu Stafnás greiðsluáskorun og hefur fyrirtækið því frest fram á föstudag til að greiða starfsmönnum laun. Finnbjörn Hermannsson, formaður Samiðnar, segir að verði ekki af því verði Samiðn að setja upp launakröfur fyrir hvern starfsmann.

Efling á hátt í sjötíu félagsmenn hjá Stafnási og Samiðn hátt í fjörutíu. Mennirnir hafa ekki fengið laun í þrjár vikur. Finnbjörn segir að sumir þeirra séu búnir að leggja fram kröfur hjá félaginu og farnir heim eða til annarra starfa og enn aðrir séu enn við störf hjá Stafnási. „Við verðum með fund með starfsfólkinu á föstudaginn og þá sjáum við endanlega hvernig staðan er," segir Finnbjörn. **- ghs**

Bæjarráð Ísafjarðar hvetur íbúa og fyrirtæki til að leggja Skálavíkursöfnuninni lið:

Miklar skemmdir urðu í óveðrinu

FÆREYJAR Vel á þriðju milljón króna hefur safnast í fjársöfnun fyrir íbúa Skálavíkur í Færeyjum en þetta 300 manna samfélag varð mjög illa úti í óveðri um mánaðamótin janúar-febrúar.

Er tjónið talið velta á milljónum króna þar sem höfn, fiskverkunarhús, verslun og vegir skemmdust mikið. Auk þess eyðilögðust nær allir bátar byggðarlagsins og þá skolaði stórum hluta kirkjugarðsins á haf út. „Við ætlum að safna til 14. mars og þá sendum við peningana til Skálavíkur," segir Niels J. Erlingsson, einn aðstandenda söfnunarinnar. Hann segir Linjohn Christiansen, bæjarstjóra Skálavíkur, ætla að taka við peningunum en íbúunum verði sjálfum falin ráðstöfun þeirra.

Bæjarráð Ísafjarðar samþykkti á fundi sínum á mánudaginn 200 þúsund króna framlag úr bæjarsjóði. Er þar minnt á framlag Færeyinga vegna snjóflóðsins á Flateyri 1995 þar sem leikskólinn Grænigarður var að mestu byggður fyrir söfnunarfé frá Færeyingum. Hvetur bæjarráð íbúa og fyrirtæki til að leggja söfnuninni lið.

„Þarna varð sem betur fer ekki manntjón," segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði. „En það er alltaf eitthvað sem ekki er algerlega bætt af tryggingafélögum. Við vitum að þetta er ekki mikið en vonumst til að þetta hjálpi til."

Söfnunarreikningurinn er númer 0565-14-607914 í Glitni og er kennitalan 270366-3019. **- ovd**

FRÁ SKÁLAVÍK Í FÆREYJUM Sjór gekk á land, braut niður mannvirki við höfnina og eyðilagði sjóvarnargarð.
MYND/PALLA Á LAVA OLSEN

Iðnskólinn í Hafnarfirði:

Launamálið er enn í vinnslu

HAFNARFJÖRÐUR Óánægja hefur verið meðal kennara Iðnskólans í Hafnarfirði með meinta launaskerðingu vegna samkomulags um styttri vinnutíma sem gert var fyrir nokkrum árum. Málið er nú í vinnslu hjá Félagi framhaldsskólakennara, kennurum sjálfum og fulltrúa skólans.

Jóhannes Einarsson skólameistari segir að fundað hafi verið í þessari viku og aftur verði fundað í næstu viku. Hann vonast til að niðurstaða liggi fyrir fljótlega. „Vonandi liggur niðurstaða fljótlega fyrir. Það er verið að skoða þetta mál frá ýmsum hliðum," segir hann. - ghs

Veturinn hefur verið óvenjuheitur í Skandinavíu og Finnlandi:

Örlítið heitari hér á landi

SKANDINAVÍA Veturinn hefur verið óvenjuheitur í héruðunum nyrst í Skandinavíu og Finnlandi. Finnska dagblaðið Helsingin Sanomat segir að í flestum héruðum Finnlands hafi veturinn verið heitastur frá því mælingar hófust og einni gráðu heitari en metveturinn 1924-1925.

Sé miðað við tímabilið 1971-2000 sé veturinn nú fjórum til sjö gráðum heitari. Hitastig hefur einnig verið óvenjuhátt nyrst í Noregi og Svíþjóð. Á sama tíma hefur verið afar kalt á vesturhluta Grænlands.

Veturinn hefur verið aðeins yfir meðallagi á Íslandi, að sögn Einars Sveinbjörnssonar veðurfræðings. Desember var einni og hálfri gráðu hlýrri en meðaltalið 1961-1990, janúar var nærri meðallagi en 0,3 gráðu yfir meðaltali í Reykjavík og í febrúar var hitastigið lítið eitt undir meðallagi.

„Að samanlögðu er veturinn aðeins heitari en í meðallagi og munar þar mestu um hlýjan desember en bæði janúar og febrúar eru í járnum," segir hann. „Ekki hefur heldur verið neitt sérlega snjóþungt en þó hefur verið meiri snjór núna en undanfarna vetur. Þeir þóttu mjög snjóléttir."

Einar rifjar upp að desember hafi verið óvenjulegur veðurfarslega séð. Meðan lægðagangurinn hafi verið hvað mestur hér við land hafi sterkir vestlægir vindar náð að berast yfir fjallgarðana í norðurhluta Noregs og inn á slétturnar og þannig haldið kuldunum frá. Vormánuðirnir geti hins vegar verið kaldir í Skandinavíu. Ef kalt loft streymir frá Íshafinu „rétta leið yfir Skandinvíu" kólnar þar verulega.

Vetrinum lýkur formlega 1. mars í Skandinavíu en marsmánuður telst til vetrarmánaða hér á landi. - ghs

EKKERT SÉRLEGA SNJÓÞUNGT Ekki hefur verið neitt sérlega snjóþungt hér á landi, að sögn Einars Sveinbjörnssonar veðurfræðings, en þó óvenjumikill snjór í ár miðað við síðustu vetur.

AÐEINS HEITARI „Að samanlögðu er veturinn aðeins heitari en í meðallagi," segir Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur.

TDI®
FÆST MEÐ TDI® DÍSILVÉL

EYÐIR AÐEINS FRÁ 5,6 l/100 KM

CO_2
ÚTBLÁSTUR AÐEINS 177 G/KM

KOLEFNIS-JAFNAÐUR Í EITT ÁR

★★★★★
DÚXAÐI Á EURO NCAP PRÓFINU

HLAUT GULLNA STÝRIÐ

SVEIGJAN-LEGIR SÖLUMENN

áss er ekki stillingaratriði.

Volkswagen Passat skarar fram úr hvernig sem á hann er litið

Fáir bílar sameina jafn vel kraft, þægindi og magnaða akstursupplifun og Passat. Og enginn þeirra fæst á sambærilegu verði. Volkswagen Passat færir þér búnaðinn, plássið og útlitið sem þig hefur alltaf dreymt um. Allt sem þú þarft að gera er að leggja blaðið frá þér, koma til okkar og prófa þennan frábæra lúxus.

Passat kostar aðeins frá

2.650.000 kr.

Eða **41.600 kr. á mánuði** miðað við gengistryggðan bílasamning til 84 mánaða og 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 6,4%.

Uppfærðu þinn Passat fyrir aðeins 340.000 kr.
Veldu á milli kraftmikillar 2.0 FSI® 150 ha bensínvélar sem er 9,4 sek að skila þér í 100 km eða sparneytinnar 1.9 TDI® vélar sem eyðir aðeins 5,6 l/100 km í blönduðum akstri með CO_2 148 g/km útblæstri. **Heildarverð er aðeins 2.990.000 kr.**
Einnig færðu með í pakkanum, fjarlægðarskynjara að framan og aftan, aðkomuljós, hita í sætum, 16" álfelgur, leðurpakka og regnhlíf með í pakkanum.

Das Auto.

HEKLA Laugavegi 172–174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

Starfsmenn fái álagsgreiðslur

SVEITASTJÓRNARMÁL Sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum 4. mars að starfsmenn sveitarfélagsins sem eru í fullu starfi fái 75 þúsund króna álagsgreiðslur fyrsta apríl næstkomandi. Aðrir starfsmenn fái greitt í hlutfalli við starfshlutfall sitt.

Segir á heimasíðu sveitarfélagsins að sveitarstjórn hafi fylgst með þróun launamála annarra sveitarfélaga að undanförnu. Sé ákvörðunin tekin vegna mikils álags vegna breytinga hjá stofnunum sveitarfélagsins og til að umbuna starfsfólki sem vinnur hjá sveitarfélaginu. Er það von sveitarstjórnar að þetta efli enn frekar starfsanda í stofnunum sveitarfélagsins.

- ovd

Hafnfirðingum hefur fjölgað um tæpan þriðjung á síðustu átta árum:

Orðnir tuttugu og fimm þúsund talsins

HAFNARFJÖRÐUR Hafnfirðingar náðu þeim áfanga að verða 25 þúsund talsins á hlaupársdag 29. febrúar og er Kristófer Máni Sveinsson 25 þúsundasti Hafnfirðingurinn. Kristófer Máni er eins og hálfs árs og er nýfluttur úr Garðabæ í Hafnarfjörð.

Lúðvík Geirsson bæjarstjóri afhenti Kristófer Mána og föður hans, Sveini Jónassyni, sérstakt heiðursskjal í tilefni þessa merka áfanga ásamt góðum gjöfum en bæjarbúum var nýverið boðið upp á kaffi og kökur í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar í ráðhúsi bæjarins við Strandgötu.

Hafnfirðingum hefur fjölgað um tæplega þrjátíu prósent á síðustu átta árum en árið 2000 voru þeir 19.640 talsins. Mest hefur fjölgunin verið síðustu tvö árin eða um fimm til sex prósent. Það jafngildir því að íbúum fjölgi um liðlega hundrað í hverjum mánuði. Til samanburðar má nefna að íbúum á höfuðborgarsvæðinu öllu fjölgaði um tólf prósent á árunum 2000 til 2007 og í Kópavogi um rúman fimmtung.

Hafnarfjarðarkaupstaður fagnar aldarafmæli sínu á þessu ári og hafa framkvæmdir aldrei verið meiri en þær nema nú um 6,7 milljörðum króna. Eftirspurn eftir atvinnu- og íbúðalóðum hefur verið mikil undanfarin ár og hefur uppbygging nýrra hverfa sett svip sinn á bæjarlífið, að því er segir í tilkynningu frá bæjaryfirvöldum.

- ghs

FÉKK GÓÐAR GJAFIR Kristófer Máni Sveinsson er 25 þúsundasti Hafnfirðingurinn. Lúðvík Geirsson bæjarstjóri afhenti honum og föður hans, Sveini Jónassyni, nýlega heiðursskjal og góðar gjafir.

„ORÐRÉTT“

Kannski níu tugum? Eða tuttugu?

„Það er ekki ljóst hversu há greiðslan verður en hún mun nema tugum þúsunda.“

ÓLAFUR F. MAGNÚSSON BORGARSTJÓRI

Fréttablaðið 5. mars

Svona eiga sýslumenn að vera

„Við höfum unnið hratt og vel og komum hlutum í framkvæmd.“

ÓLAFUR F. MAGNÚSSON BORGARSTJÓRI

Fréttablaðið 5. mars

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? JÓHANN ÁRSÆLSSON, FYRRVERANDI ÞINGMAÐUR

Nú gefst tími til að taka til hendinni

„Það er allt fínt að frétta af mér. Það lá ýmislegt á hakanum meðan ég var í pólitíkinni en síðan ég hætti þingmennsku hefur skapast tími til að kippa því í lag,“ segir Jóhann Ársælsson, fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar.

„Þar á meðal má nefna sumarbústaðinn minn sem ég hef nú getað sinnt meira og svo er það eitt og annað í húsinu,“ segir Akurnesingurinn.

„En svo byrjaði einn sonur minn á því að byggja og ég hef mikið verið í því með honum. Svo er ég í stjórn Íbúðalánasjóðs en það eru eiginlega einu afskiptin sem ég hef af stjórnmálum. Reyndar fylgist ég alltaf vel með þannig að stjórnmálin eru aldrei langt undan, sérstaklega þegar upp koma mál sem eru á mínu áhugasviði eins og auðlindamál. Það hefur verið nokkuð mikið að gerast í þeim málum að undanförnu og í raun undarlegt hve lítið hefur verið fjallað um það því stjórnvöld eru nauðbeygð til að gera eitthvað í málunum frá því að þau fengu áminningu frá mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna. Það er engin þjóð meðal þjóða sem ypptir öxlum við slíku. Það er því kannski von á að þessi mál fari á betri brautir en það er hvergi meirihluti fyrir þessu fiskveiðikerfi nema á Alþingi og svo hjá LÍU svo það er alveg ótrúlegt hvað þeim hefur tekist að verja þetta.“

Hann segist endrum og eins sakna þingheims og þá sérstaklega starfsfélaganna en lítið er um flokkadrætti þegar kemur að samneyti þingmanna.

PÚTÍN-ÆSKAN:

UNGIR AÐDÁENDUR RÚSSLANDSFORSETA

Ungir aðdáendur Vladimírs Pútín Rússlandsforseta eiga sér félagsskap í æskulýðssamtökunum Nashi, sem þýðir einfaldlega Okkar. Hreyfingin var stofnuð árið 2005 og liðsmenn hennar eru nú á annað hundrað þúsund. Hún þykir minna á Sovétæskuna og sumir hafa líkt henni við Hitlersæskuna, þrátt fyrir að Nashi-hreyfingunni sé beinlínis ætlað að koma í veg fyrir að ungmenni ánetjist öfgahreyfingum. Þess í stað er þeim innprentað að berjast fyrir framförum og fullveldi Rússlands.

SJÓNARHÓLL
STJÓRNMÁLASAMBAND VIÐ ÍSRAEL

Ekki spurning

MAGGA STÍNA tónlistarkona.

„Mér finnst það,“ segir tónlistarkonan Magga Stína spurð hvort slíta eigi stjórnmálasambandi við Ísrael. „Það er það sterkasta sem við getum gert í stöðunni og væri sómasamleg aðgerð. Og við eigum að gera það núna!

Eitt er það og ágætt út af fyrir sig að sýna samstöðu með palestínsku þjóðinni með því að halda samkomur og fundi. Annað er að taka afstöðu sem þjóð og muldra ekki ofan í hálsmálið á sér hálfkveðnar vísur um „áhyggjur af ástandi mála“ eins og ríkisstjórnin hefur gert en fordæma ekki skilyrðislaust þá viðbjóðslegu meðferð sem Ísraelsmenn beita palestínsku þjóðina,“ segir Magga.

Hún gefur ekki mikið fyrir orð forsætisráðherra, Geirs Haarde, um að Íslendingar hafi of lítið vægi til að hafa áhrif á gang mála. „Það er einkennilegt hvernig þversagnirnar ganga hver um aðra þvera í þessum orðum ráðherrans. Mikilvægi þjóðarinnar vefst ekki fyrir honum þegar sækja á um sæti í Öryggisráðinu, og afstaða okkar virðist líka skipta töluverðu máli í Afganistan. Ég skil bara ekki hvernig mikilvægi okkar skreppur svona svakalega saman þegar kemur að þjóðarmorði,“ segir Magga og er mikið niðri fyrir.

„Þetta er bara hræðilegt og ég vildi óska þess að íslenska þjóðin aflaði sér upplýsinga um hvað er að gerast í Palestínu. Á meðan enginn gerir það eigum við bara þessa örfáu hugsjónamenn sem hrópa upp í eyrun á fólki sem vill ekki hlusta.“

Sá yðar sem sundlaus er

Þótt undarlegt megi virðast finnst mörgum þeir ekki geta á sér heilum tekið nema að þeir kasti sér annað slagið til sunds í ísköldum sjónum. Skiptir þá engu hvernig viðrar. Blaðamaður stakk sér til sunds í Nauthólsvík með vöskum sjósundshópi frá Íslenskri erfðagreiningu.

SUNDGARPARNIR Frá vinstri: Ólafur Þ. Magnússon, Eiríkur Hjartarson, Páll Gestsson, Guðmundur Breiðdal, Viðar B. Þorsteinsson, Halldór Erlendsson, Einar Kristinsson, Áslaug Inga Kristinsdóttir og Höskuldur Steinarsson. Þótt hópurinn sé kenndur við Íslenska erfðagreiningu koma sumir annars staðar frá. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Upphaflega hafði blaðamaður hugsað sér að spjalla við sundgarpana áður en þeir færu í sjóinn en Páll Gestsson var fljótur að skýra út að ekki væri talað við neina gesti nema þeir brygðu sér í sjóinn. Blaðamaður taldi sig hafa krók á móti bragði og sagðist ekki hafa nein sundföt. Hann var rétt búinn að sleppa orðinu þegar Halldór Erlendsson réttir honum skýlu og handklæði. Í örvæntingarfullri tilraun til að komast hjá áskoruninni segir blaðamaður að það sé ekki laus snagi í búningsklefanum. „Þessa afsökun höfum við ekki heyrt áður,“ segir Páll og þykir greinilega nokkuð langt seilst. Það var því ekki annað að gera en að fækka fötum og láta slag standa.

„Fyrir fjórum árum kom einn starfsfélagi okkar með þá prýðishugmynd að við færum saman í sjósund,“ sagði Páll þegar strunsað var í kuldanum að sjónum. „Sá hinn sami hefur hins vegar ekki svo mikið sem dýft stóru tánni í sjóinn en hugmyndin var góð og hér erum við enn.“

Á hverjum miðvikudegi fer þessi vaski hópur í Nauthólsvík í hádeginu og bregður sér í sund. Eins og flestir muna voru vetrarhörkur miklar fyrir skömmu og var þá vogurinn ísilagður. Það dró þó ekki máttinn úr mannskapnum, sem braut góða vök og skellti sér í sjóinn sem hrelldi þá með sínu tveggja stiga frosti. „Við vorum bara stutta stund ofan í, ekki nema tvær mínútur,“ sagði Ólafur Þ. Magnússon og blaðamaður skalf á beinunum því ljóst mátti vera að menn myndu halda sér lengur ofan í þennan dag þar sem viðraði mun betur.

Útlitið var því ekki bjart við fjöruborðið því kuldinn læsti sig í líkamann og því þurfti að reyna að blekkja hugann, sem var farinn að gæla við heita pottinn sem bíður fyrir ofan fjöru. Sundkapparnir virtust hins vegar fullir tilhlökkunar þegar þeir hlaupu út í sjó og syntu svo þegar nógu djúpt var komið. Hvort sem það var af vestfirskum viljastyrk eða fífldirfsku fór blaðamaður sömu leið.

SJÓRINN BÍÐUR Guðmundur leiðir hér hópinn, sem getur varla beðið eftir því að komast í þann salta.

POTTURINN BÍÐUR Einar nálgast land fullur tilhlökkunar enda er heiti potturinn mun þægilegri fyrir kroppinn en hinn ískaldi sjór.

Það var engu líkara en togað væri í slagæðarnar og hendur verða sem steinrunnar. Það var því nokkuð erfitt að verða við tilmælum Ólafs sem segir það mun þægilegra að synda en standa og kveinka sér.

Menn skjálfa svo að þeir valda vart kaffibollanum þegar komið er upp í hús aftur. Þó fer notaleg tilfinning um kroppinn en Adam var ekki lengi í paradís. „Nú er þyngsta mannraunin eftir,“ segir Halldór og gengur að heita pottinum. Og ef það þurfti vilja til að hafa sig út í sjó þá þarf næstum tvöfaldan skammt af slíku til að koma sér úr pottinum þegar maður hefur komið sér vel fyrir þar. Þó kveða reglur hópsins á um að einungis megi dvelja í honum fimm sinnum lengur en dvalið var í sjónum, sem var 1,6 gráðu kaldur. Sé einhvern tímann freistandi að brjóta reglur er það í pottinum þegar sá tími er útrunninn.

jse@frettabladid.is

FATASKÁPADAGAR
HJÁ AXIS helgina 6.-9. mars
Bjóðum fataskápa á sérstökum afslætti aðeins þessa helgi.
Axis býður glæsilega fataskápa í mörgum gerðum. Miklir möguleikar í uppröðun, viðartegundum, forstykkjum, skúffum og ýmsum auka- og fylgihlutum. Stuttur afgreiðslutími.
Opið:
fimmtudag 9:00-18:00
föstudag 9:00-18:00
laugardag 10:00-16:00
sunnudag 13:00-16:00
AXIS
Smiðjuvegur 9 - 200 Kópavogur
Sími 535 4300 - Fax 535 4301
Netfang: axis@axis.is
Heimasíða: www.axis.is
Íslensk hönnun og framleiðsla

Freyju páskaegg nr. 6 fylgir hverri Wii-tölvu fram að páskum

Nintendo®

LEIKJATÖLVAN
NÝ UPPLIFUN!

Vinsælasta leikjatölva heims.*

*Skv. mælingu www.vgchartz.com

VERÐTRYGGING – ALLTAF ÓDÝRUST Í ORMSSON!

Super Mario Galaxy
- einn besti leikur allra tíma!

Lego Star Wars; Complete Saga
- spilaðu allt ævintýrið með Lego

Zack & Wiki
- Viltu verða besti/versti sjóræninginn?

Big Brain Academy
- þjálfaðu hugan með Wii

Zelda – Twilight Princess
- ævintýrið heldur áfram

FLÆÐI AF FRÁBÆRUM LEIKJUM!

ORMSSON

ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

Fréttaskýring: Þorskurinn er næsta eldisævintýri **1. hluti**

Risaskref tekin í norsku þorskeldi

Norskir fiskeldismenn ætla að framleiða 200 þúsund tonn af þorski innan fárra ára. Forskot þeirra í eldistækni er mikið og strax árið 2015 ætla Norðmenn að framleiða álíka mikið af eldisþorski og Íslendingar veiða af villtum þorski í dag. Á fimm árum hefur þorskeldi í Noregi tekið risastökk fram á við enda hefur miklum fjármunum verið varið til uppbyggingar atvinnutækja og þróunarmála.

„Við höfum aðstöðuna, þekkinguna og nægt fjármagn“, segir Hogne Bleie, framkvæmdastjóri fiskeldisfyrirtækisins Atlantic Farms. Fyrirtæki hans er eitt stærsta fiskeldisfyrirtæki Noregs og stefnir á að framleiða tæp 28 þúsund tonn af eldisþorski eftir fjögur ár, byggt á eigin seiðaframleiðslu. Þessi mikla bjartsýni sem birtist í orðum Bleie einkennir aðra framleiðendur í þorskeldi í Noregi. Þeir sjá fyrir sér gríðarlegan vöxt innan greinarinnar á komandi árum. Óleyst vandamál sem steðja að þorskeldinu í Noregi og annars staðar telja þeir fyrirstöðu sem verði ýtt úr vegi með fagmennsku í rekstri og trausti á ríkisstyrkt þróunar- og rannsóknaverkefni. Bjartsýni þeirra byggir á laxeldisævintýri Norðmanna þar sem öll vandamál voru leyst með þeim árangri að framleiðsla á eldislaxi var 706 þúsund tonn í fyrra og skilaði Norðmönnum jafnvirði 190 milljarða íslenskra króna í tekjur.

Ævintýri á teikniborðinu

Norðmenn bera höfuð og herðar yfir aðrar þjóðir þegar kemur að þorskeldi. Árið 2007 var framleiðsla þeirra um fimmtán þúsund tonn og gera framleiðendur ráð fyrir tuttugu þúsund tonna framleiðslu árið 2008. Þetta er þó aðeins vísir að því sem koma skal ef áætlanir þeirra ganga eftir. Á næstu fimmtán árum gera Norðmenn ráð fyrir að auka framleiðslu sína jafnt og þétt og blása á allar hrakspár vísindasamfélagsins, sem vill fara hægar í sakirnar á meðan vandamál við eldið verða leyst.

Ekki þarf þó að leita langt aftur til að sjá allt aðra mynd í þorskeldi í Noregi. Framleiðslan var aðeins 200 tonn árið 2000. Framan af kom framleiðslan úr áframeldi, en þá er villtur fiskur fangaður og fóðraður í ákveðinn tíma fyrir slátrun. Nú er aleldi allsráðandi í kjölfar þess að seiðaeldisstöðvar náðu tökum á framleiðslu seiða, en skortur á þorskseiðum hamlaði um tíma uppbyggingu á matfiskeldi á þorski.

Þrettán stórar seiðaeldisstöðvar eru í Noregi og tvær í byggingu. Þegar þær hafa allar tekið til starfa er framleiðslugeta þeirra metin um 100 milljónir seiða. Slíkt seiðamagn gefur framleiðendum tækifæri til að framleiða gríðarlegt magn af þorski, allt að 300 þúsund tonn.

Miklar væntingar eru bundnar við þorskeldið og bjartsýnin grundvallast af laxeldisævintýrinu, eins og áður sagði. Í Noregi gera menn sér vonir um að þorskeldi þróist á sama hátt og laxeldi, nema kannski hraðar ef eitthvað er. Árið 1975 var framleiðsla á laxi tæp 900 tonn en var rúmlega 700 þúsund tonn í fyrra. Eins og staðan er í dag er þróunin í þorskeldi hraðari en var í laxeldinu þegar það var að ná flugi um 1980. Í dag er tap á hverju framleiddu kílói um 120 krónur en ef það tekst að gera framleiðsluferlið í þorskeldi arðbært má ætla að þróunin verði hraðari en í laxeldinu.

Stór fyrirtæki – nægt fjármagn

Hogne Bleie, framkvæmdastjóri Atlantic Farms, telur allar aðstæður vera fyrir hendi til að fyrirtæki hans taki flugið. Undir þessi sjónarmið taka forsvarsmenn annarra þorskeldisfyrirtækja í Noregi sem Fréttablaðið hefur rætt við að undanförnu. Björn Simonsen, forstjóri þorskeldisfyrirtækisins Spon Fish ASA sem er með starfsstöðvar í Norður-Noregi, segir að takmark fyrirtækisins sé að verða leiðandi á sviði þorskeldis. „Áætlanir okkar gera ráð fyrir að framleiða að minnsta kosti tíu þúsund tonn af þorski árið 2012. Langtímamarkmið okkar er ekki skilgreint að öðru leyti en því að framleiða eins mikið og reynsla okkar leyfir þegar þar að kemur.“ Fyrirtækið framleiðir í dag um sex til sjö milljónir seiða til eigin nota en getur framleitt mun meira án þess að miklar fjárfestingar komi til, eins og á við um aðrar seiðastöðvar í Noregi. Mikil aukning seiðaframleiðslu krefst ekki mikils fjármagns frá því sem nú er. Til samanburðar eru framleidd um 200 þúsund seiði árlega á Íslandi.

Talið er að norsk þorskeldisfyrirtæki hafi fjárfest um þrjátíu milljarða íslenskra króna í þorskeldi frá árinu 2001. Að langmestu leyti er um hlutafé að ræða. Codfarmers, eitt stærsta þorskeldisfyrirtæki Noregs, var skráð í Kauphöllinni í Osló síðla árs 2006. Fyrirtækið hefur sótt þangað um þrjá milljarða íslenskra króna á þeim tíma. Greinin fær líka góðan stuðning frá stjórnvöldum og framlag til rannsókna- og þróunarverkefna er um tveir milljarðar íslenskra króna á hverju ári. Vart þarf að taka fram að slík verkefni á Íslandi eru ekki styrkt í neinu samhengi við það sem Norðmenn hafa úr að moða.

Tekið skal fram að tregða hefur verið innan norska bankakerfisins að veita fjármagni til reksturs þorskeldisfyrirtækja. Því er ljóst að fjármagn þarf að koma frá fjárfestum í formi hlutafjár. Það hefur að sögn framleiðenda gengið ágætlega hingað til. Fjárþörfin er mikil og talið að um 35 milljarða íslenskra króna þurfi til fjárfestinga og rekstrar til að framleiða 100 þúsund tonn af eldisþorski. Mörg af stærri þorskeldisfyrirtækjunum eru stórtæk í laxeldi og þorskeldi enn lítill hluti af starfsemi þeirra. Ágæt afkoma hefur verið í laxeldi og mögulegt að nýta þann hagnað til þróunar þorskeldis, sem verður vaxtarbroddur í norsku fiskeldi þar sem takmörk eru fyrir aukningu á laxeldi úr því sem komið er.

Efasemdarraddir

Vöxtur þorskeldis í Noregi er þó ekki jafn átakalaus og skilja má af framleiðendum. Vísindasamfélagið bendir á að nauðsynlegt sé að leysa vandamál vegna sjúkdóma sem komið hafa upp auk annarra tæknilegra vandamála við eldið. Nokkur fyrirtæki hafa líka orðið fyrir alvarlegum áföllum og dregið saman seglin eða jafnvel hætt rekstri. Eitt dæmið er fyrirtækið Marine Harvest, sem var stærsta þorskeldisfyrirtæki Noregs um tíma. Vandamál vegna fisksjúkdóma hafa orðið þess valdandi að starfsemin er nú ekki svipur hjá sjón. Einnig horfa menn til Bretlands þar sem stærsta þorskeldisfyrirtæki þar í landi, Johnsons Seafarms, hefur lent í miklum vanda og er nú að öllum líkindum gjaldþrota.

Boðskapur sjávarútvegsráðherrans

Framleiðendur eru bjartsýnir um framtíð þorskeldis í Noregi og undir það taka stjórnvöld. Helga Petersen, sjávarútvegsráðherra Noregs, segir í viðtali við Fréttablaðið að stjórnvöld hafi miklar væntingar til þorskeldisins. „Takmarkið er að koma á fót framleiðslu sem grundvölluð er á sjálfbærni og miklum gæðum. Í framtíðinni er það mín von að þorskeldi verði jafn mikilvægt fyrir landið og laxeldið er í dag.“



Spá um framleiðslu þorskseiða og sláturfisks

Þorskframleiðsla í Noregi og á Íslandi

Framleiðsla Norðmanna á eldislaxi

Upphaf og þróun þorskeldis í Noregi

Tilraunir með þorskklak hófust fyrst árið 1884 í klakstöð í Flödevigen í Suður-Noregi. Sleppingar náðu hámarki á árunum 1920-50, en þeim var síðan hætt í byrjun áttunda áratugarins og höfðu þá tilraunir staðið yfir í tæp hundrað ár.

Það var ekki fyrr en á seinni hluta áttunda áratugarins að farið var að sleppa þorskseiðum sem áður höfðu verið fóðruð. Fyrstu árin gekk framleiðsla þorskseiða erfiðlega, en árið 1983 tókst að framleiða verulegt magn seiða. Matfiskeldi á þorski hófst um miðjan níunda áratuginn. Umsvif voru ekki mikil; vel undir þúsund tonnum á ári. Áhugi minnkaði fyrir þorskeldi þegar líða fór á síðasta áratug.

Codlink-verkefnið

Codlink-verkefnið er samstarfsvettvangur fimmtán stórra þorskeldisfyrirtækja í Noregi. Helsta markmiðið er samvinna í framleiðslu og markaðssetningu í þorski. Samvinnan er hugsuð til að flýta þróun þorskeldis. Takmarkið er að framleiða gæðavöru á fyrir fram skilgreinda markaði þar sem verð er hærra en gengur og gerist á hefðbundnum mörkuðum.

Fundir eru haldnir fjórum sinnum á ári og er þá upplýsingum dreift á milli aðila. Verkefnið hefur notið styrkja frá stjórnvöldum.

Samstarf um þróun þorskeldis

Til að hraða uppbyggingu matfiskeldis á þorski, bæði með eldisseiðum og villtum þorski, stendur yfir verkefnið Sats på torsk. Þetta verkefni er á vegum Norsku sjávarafurðamiðstöðvarinnar (Norsk Sjømatsenter), sem í er fjöldi félaga og fyrirtækja. Miðstöðin er tengiliður á milli menntastofnana, rannsóknastofnana og stjórnsýslu og hefur það markmið að hraða þróun sjávarútvegs og fiskeldis í Noregi.

FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

FYRSTA GREIN AF FIMM
Á morgun:
Þorskeldi á Íslandi – staða og framtíð

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FERSKIR BÓNUS KJÚKLINGABITAR

Bónus ferskir blandaðir kjúklingabitar 299 kr/kg.
Tilvalið að birgja sig upp og frysta.

299.-

KF ömmukjötfars frosið **299 kr./kg**
MERKT VERÐ 498 KR./KG

Danish Crown svínalundir
1.079 kr./kg *MERKT VERÐ 1.798 KR./KG*

Bónus brauð 1 kg 26 sneiðar
aðeins **98 kr.**

Óðals ferskar svínakótilettur
998 kr./kg *MERKT VERÐ 1.663 KR./KG*

Bónus appelsín 2 ltr **98 kr.**

Bónus malt 500 ml **59 kr.**

KF lambakótilettur í raspi
1.199 kr./kg *MERKT VERÐ 1.999 KR./KG*

KF kofareykt folaldakjöt m/beini
383 kr./kg *MERKT VERÐ 637 KR./KG*

Sparigrís beikon **998 kr./kg**

Coke 6 fl. 2 ltr
og Bónus nr.3 páskaegg

KS ferskt lambaprime
aðeins **1.498 kr./kg**

KS ferskur lambabógur
aðeins **499 kr./kg**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30



Kjarni málsins

> Fjöldi grunnskólanemenda með erlent móðurmál



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

menntun
nám, fróðleikur og vísindi

FRÆÐIMAÐURINN: KRISTINN SCHRAM ÞJÓÐFRÆÐINGUR

Skyggnst í sögusarp skoskra leigubílstjóra

Kristinn Schram er í doktorsnámi við Edinborgarháskóla auk þess sem hann sinnir stundakennslu við Háskóla Íslands og er sjálfstætt starfandi fræðimaður við Reykjavíkurakademíuna. Kristinn lauk einnig meistaranámi frá Edinborgarháskóla en lokaverkefni hans fjallaði um sögusagnir meðal leigubílstjóra þar í borg. „Mastersrannsóknin mín fjallaði sérstaklega um það hvernig hverdagslegar frásagnir okkar gefa okkur atbeina til að móta bæði ímynd okkar og umhverfi – það er, við gefum sjálfum okkur og umhverfi okkar merkingu með frásögnum.

Þjóðernisímynd er að vissu leyti mótuð sem sama hætti. Þjóðernisímyndir Skota geta verið nokkuð sérstakar og um margt flóknar. Þeir geta verið bæði breskir og skoskir en hafa ekki í þeim skilningi þjóðríki og ég vildi skoða það. Sögur skosku leigubílstjóranna eru af mörgum toga enda fjölbreyttur hópur en þá má skipta þeim í þær sögur sem þeir segja farþegum, og þá ekki síst erlendum ferðamönnum, og sögur sem þeir segja sín á milli.

Niðurstaðan er sú að þessir einstaklingar eru mjög skapandi í ímyndarmótun sinni, sem hangir saman það við hvernig þeir móta umhverfi sitt og standa í hverdagslegri valdabaráttu."

Í doktorsrannsókn sinni beinir Kristinn sjónum að nútíma framsetningu á Íslendingum. „Þar mætast kvikmyndun og vettvangsrannsóknir á því hvernig Íslendingar tileinka sér framandi ímyndir af afskekktri náttúru og meintri norðlægri sérvisku og færa sér í nyt með ýmsum hætti." Rannsóknin er hluti af þverfaglega verkefninu „Ísland og ímyndir norðursins".

■ **Málþing**

Menntun og friður

Barnaheill halda málþing miðvikudaginn 12. mars, undir yfirskriftinni „Bætum framtíð barna í stríðshrjáðum löndum: Menntun og friður" í samstarfi við Snælandsskóla. Nemendur 8. bekkjar skólans munu kynna verkefni um menntun og frið sem þeir hafa unnið að. Þá munu Amal Tamimi, starfsmaður Alþjóðahúss, Guðrún Helga Jóhannsdóttir, meistaranemi í þróunarfræðum, og Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla, halda stutt erindi. Fundarstjóri verður Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Fram kemur í tilkynningu frá félaginu að tilgangur málþingsins sé að vekja athygli á aðstæðum barna í stríðshrjáðum löndum. Meðal þess sem rætt verður um er hvernig menntun getur stuðlað að friði og hvað Íslendingar geta lagt af mörkum í þeim málum.

Málþingið verður haldið í Snælandsskóla í Kópavogi og hefst klukkan 14. Þingið er öllum opið, en skráning fer fram á netfanginu birna@barnaheill.is

■ **Málstofa**

Forvarnir í Reykjanesbæ

Hjördís Árnadóttir, framkvæmdastjóri Fjölskyldu- og félagssviðs Reykjanesbæjar mun halda erindi á málstofu Rannsóknaseturs í barna- og fjölskylduvernd og félagsráðgjafarskor Háskóla Íslands þriðjudaginn 11. mars. Þar mun hún fara yfir helstu áherslur í markmiði Reykjanesbæjar í Framtíðarsýn 2006-2010, sem er undir yfirskriftinni „Tími til að lifa og njóta" þar sem sérstök áhersla er lögð á forvarnir og þróunarstarf. Hjördís mun sérstaklega ræða áherslur er varða börn og ungmenni til 18 ára aldurs.

Málstofan hefst klukkan 12.00 í stofu 101 í Odda. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

■ **Námsstyrkir**

40 milljónir til orku- og umhverfisrannsókna

Landsvirkjun úthlutaði í gær rúmum 40 milljónum í styrki til rannsóknarverkefna á sviði orku - og umhverfismála. Styrkirnir koma frá Orkurannsóknarsjóði Landsvirkjunar. Það voru 10 meistara - og doktornemar sem hlutu námsstyrki að upphæð 500 þúsund eða ein milljón. Þá voru rannsóknarverkefni á vegum rannsókna og menntastofnana styrkt um 35 milljónir.

Sveinbjörn Björnsson, formaður Orkurannsóknasjóðs Landsvirkjunar og fyrrverandi rektor Háskóla Íslands afhenti styrkin. Þá flutti Árni Mathiesen fjármálaráðherra ávarp. Í því lagði Árni áherslu á að styrkir af þessu tagi séu mikilvægt framlag til að efla þekkingu og laða hæfileikafólk að menntun og rannsóknum á sviði orkumála.

Landsvirkjun stofnaði Orkurannsóknasjóðinn árið 2007 og í stjórn hans sitja fulltrúar háskólasamfélagsins auk kunnáttufólks frá Landsvirkjun. Sjóðurinn úthlutar alls um 100 milljónum króna í styrki og til grunnrannsókna á þessu ári.

Fátt verra en Íslendingur sem ekki talar íslensku

Íslensk tvítyngd börn sem búið hafa lengi erlendis mæta skilningsleysi þegar þau hefja skólagöngu hér á landi. Þetta segir Hulda Kristín Jónsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands. Hún segir að gert sé ráð fyrir að börnin tali, lesi, skrifi og skilji íslensku fullkomlega um leið og þau setjast á skólabekk hér á landi.

„Á Íslandi er gert ráð fyrir að íslensk börn sem alast upp í öðrum löndum standi jafnfætis jafnöldrum sínum í íslenskukunnáttu þegar þau flytja heim og hefja skólagöngu. Þetta er algjörlega óraunhæf krafa jafnvel þó að báðir foreldrar séu íslenskir. Barnið lifir og hrærist í heimi þar sem annað tungumál en móðurmálið er í aðalhlutverki. Það sækir skóla, leikur við vini, horfir á sjónvarp og sinnir heimanámi svo eitthvað sé nefnt og allt fer fram á erlenda tungumálinu.

Flestir foreldrar eru í námi eða vinnu og þar af leiðandi er ekki mikill tími til að sinna tungumálakennslu. Barnið er þreytt eftir langan dag og sömuleiðis foreldrarnir. Það eru því fáir sem hafa úthald til að sitja yfir markvissri íslenskukennslu þegar skyldum dagsins lýkur. Einu samskipti barnsins á íslensku eru við foreldrana. Á heimilum er notað sérstakt málsnið sem aðallega snýst um daglegar athafnir. Það dugar því engan veginn til þess að barnið nái að þroska með sér fullkomna málvitund, orðaforða og skilning. Ekkert er því eðlilegra en að barn sem kemur heim eftir langa dvöl erlendis þurfi meiri kennslu í íslensku en jafnaldri þess sem lifir og hrærist í íslensku samfélagi.

Þegar við komum heim lentum við í miklum vandræðum vegna eldri sonar okkar. Hann náði ekki að fylgja jafnöldrum sínum í náminu þar sem hann hafði ekki nægan málskilning. Hann lærði fljótt lestæknina en vantaði lesskilning. Þegar ég fór fram á að hann fengi stuðningskennslu var eina svarið sem ég fékk að ekki væru til peningar til að sinna þessu."

Hulda Kristín segir að reynsla hennar og annara

HULDA KRISTÍN JÓNSDÓTTIR Það er erfitt að koma heim með börn eftir langa dvöl erlendis. Slakri íslenskukunnáttu er sýndur lítill skilningur.

sýni að fordómar ríki í garð þeirra sem koma heim með börn sem tala ekki lýtalausa íslensku. „Það er fátt verra í augum landans en Íslendingur sem ekki talar íslensku. Foreldrar finna fyrir skömm og sektarkennd þegar þeir koma heim. Svo sterk eru skilaboðin í samfélaginu. Margir láta í ljós hneykslun og þegar skólakerfið tekur í sama streng fallast manni hendur. Foreldrar fá á tilfinninguna að þeir hafi vanrækt börnin og ekki staðið sig í foreldrahlutverkinu. Það er kominn tími til að viðurkenna vanda þessara barna og taka því sem eðlilegum hlut að þau séu eftirbátar jafnaldra sinna í íslenskukunnáttu." - aá

Fjórir sérkennarar hafa þýtt og staðlað lestrargreiningarforrit:

Bylting í lestrargreiningu

Fjórir sérkennarar hafa þýtt og staðlað lestrargreiningarforritið Logos sem upphaflega var þróað af Torleiv Hoien, prófessor við Lestrarrannsóknarstöðina í Stafangri. Sérkennararnir hafa haldið námskeið fyrir íslenska kennara og er notkun forritsins nú að hefjast í íslenskum skólum.

Guðlaug Snorradóttir, sérkennari við Hjallaskóla, er ein fjórmenninganna. Hún segir að forritið sé nýtt og betra greiningartæki til þess að greina lestrarerfiðleika ásamt því að koma með tillögur að árangursríkum úrræðum fyrir börn, unglinga og fullorðna. Það sé byggt þannig upp að hægt verði að grípa til viðeigandi ráðstafana fyrir nemendur í þeim prófhlutum sem hafi verið prófaðir.

Guðlaug fór ásamt Bjarnfríði Jónsdóttur, Guðbjörgu Ingimundardóttur og Gyðu M. Arnmundsdóttur á alheimsráðstefnu um lesblindu í Stokkhólmi í árslok 2005 og heyrðu þær þá fyrst um forritið. Guðlaug segir að það hafi vakið mikla athygli hjá þeim. „Við sáum að það gæti komið að góðum notum fyrir okkar skjólstæðinga," segir hún.

MEÐ HÖFUNDINUM Sérkennararnir Bjarnfríður Jónsdóttir, Gyða M. Arnmundsdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir og Guðlaug Snorradóttir ásamt prófessor Torleif Höien.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI

Fjórmenningarnir höfðu samband við prófessor Hoien og hann tók málaleitan þeirra vel. „Við sáum strax að við myndum vilja róa að því öllum árum koma þessu tæki inn í íslenskt skólakerfi þar sem það væri til bóta fyrir hinn almenna nemanda. Við gætum notað það í miklu víðari tilgangi en bara fyrir nemendur með lesblindu, þetta væri líka athugunartæki til að skoða hópa og fylgjast með framvindunni. .

„Við sáum strax að þetta tæki myndi valda byltingu í lestrargreiningu í skólum hér á landi."

- ghs

Stóru málin enska, þýska og franska sækja að þeim litlu í upplýsingatækninni:

Íslenskan í upplýsingatækni

Íslensk málnefnd og Tungutæknisetur Háskólans í Reykjavík boða til málþings um tungutækni og hugbúnaðarþýðingar.

Meðal gesta á málþinginu verður Trond Trosterud frá Háskólanum í Tromsø. „Hann mun segja okkur hvað hefur verið gert fyrir samísku," segir Hrafn Loftsson, lektor við tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík og stjórnarmaður í Tungutæknisetri. Hrafn segir mikilvægt að lítið málsvæði standi sig eins og þau stóru og vísar þar helst til ensku, þýsku og frönsku. Einnig segir hann litlu málsvæðin jafnvel enn fremur þurfa að standa sig. „Notkunin á stóru málunum í upplýsingatækninni sækir að litlu málunum."

Meðal umfjöllunarefna eru spurningarnar hvort Íslendingar vilji ekki tölvuhugbúnað á íslensku, hvað þurfi til að tölvur geti lagfært stafsetningu og málfar á íslensku, hvernig fyrirtæki geti nýtt sér íslenska tungutækni, hvort tölvur geti talað og skilið íslensku, hvernig staðan sé í litlum málsamfélögum og hvernig tryggja megi stöðu íslenskunnar innan upplýsingatækninnar.

Sex frummælendur verða á fundinum og verða stuttar fyrirspurnir leyfðar að loknu hverju erindi. Meðal frummælenda má nefna Sigrúnu Helgadóttur, formann Orðanefndar Skýrslutæknifélags Íslands, Eirík Rögnvaldsson, stjórnarformann Tungutækniseturs, Hjálmar Gíslason frá Símanum, Halldór Jörgensson, Microsoft Íslandi, og Boga Örn Emilsson, Skjali þýðingastofu. Þá verða almennar umræður um efni erindanna og annað sem tengist viðfangsefni málþingsins í lokin.

Er málþingið hið fjórða í röð ellefu málþinga sem Íslensk málnefnd stendur fyrir á vormisseri um ýmsar hliðar íslenskrar málstefnu, en nefndin vinnur nú að tillögu að málstefnu fyrir menntamálaráðuneytið.

Málþingið er öllum opið og stendur það milli klukkan 14 og 17 á föstudaginn í stofu 231b í Háskólanum í Reykjavík.

- ovd



OFURTÖLVA Geta tölvur talað og skilið íslensku? er meðal umfjöllunarefna málþingsins.

■ **Biblía 21. aldar**

Verklag og viðtökur – gagnrýni svarað

Í kvöld mun Guðrún Kvaran, prófessor og skrifstofustjóri orðfræðasviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, flytja erindi á rannsóknarkvöldi Íslenskra fræða. Erindið nefnir hún Biblía 21. aldar: Verklag og viðtökur – gagnrýni svarað, og hefst það klukkan 20 í stofu 101 í Odda, Háskóla Íslands.

Ætlar Guðrún í fyrirlestri sínum að segja frá erindisbréfi þýðingarnefnda beggja testamenta og mikilvægi þess að það sé rétt túlkað. Þá verður rætt um tvær breytingar sem snertu allt ritið, kynningarheftin og viðbrögð við þeim. Loks verður snúið að þeirri gagnrýni sem fram hefur komið í fjölmiðlum, einkum lesbók Morgunblaðsins og í fyrirlestrum Jóns G. Friðjónssonar prófessors.

Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

■ **Nýsköpunarsjóður námsmanna**

Frestur rennur út á mánudag

Frestur til að sækja um styrki fyrir sumarið 2008 hjá Nýsköpunarsjóði námsmanna rennur út 10. mars. Styrkir verða veittir til rannsókna og þróunarverkefna sem þykja líkleg til að stuðla að nýsköpun og auknum tenglsum háskóla, stofnana og fyrirtækja. Umsóknir um styrki eru metnar með hliðsjón af möguleikum til hagnýtingar og nýnæmi í viðkomandi fræðigrein. Tekið er fram að þessir styrkir eru ekki veittir til lokaverkefna námsmanna en heimilt er að veita forgang verkefnum þar sem fyrirtæki eða aðrir aðilar taka þátt í kostnaði.

Upplýsingar um sjóðinn og styrkina er að finna á vefsíðunni nsn.is

■ **Bókaútgáfa**

Lög þarf að skýra eða túlka

Davíð Þór Björgvinsson, lagaprófessor við Háskólann í Reykjavík og dómari við Mannréttindadómstól Evrópu í Strassborg, hefur skrifað ritið „Lögskýringar: kenningar, aðferðir og sjónarmið við skýringu og beitingu laga". Það er JPV útgáfa sem gefur bókina út.

Þegar lögum er beitt þarf að skýra ákvæði þeirra eða túlka. Því er mikilvægur hluti lögfræðilegrar aðferðarfræði að viðurkenndar aðferðir séu við skýringu og beitingu þeirra. Í bókinni er að finna yfirlit um kenningar, aðferðir og sjónarmið við lögskýringar, sérstaklega með hliðsjón af framkvæmd laga hér á landi. Sérstök áhersla er lögð á þýðingu þjóðréttarsamninga við skýringu og beitingu ákvæða í íslenskum lögum.

■ **Fyrirlestur**

Mynd mannsins í fræðum og vísindum

Ástríður Stefánsdóttir heldur fyrirlestur í dag klukkan 17 á Amtsbókasafninu á Akureyri. Erindið kallar hún „Mynd mannsins í augum læknisfræðinnar", þar sem hún leitar í smiðju heimspekingsins og trúfræðingsins Alberts Jonsen, sem rekur rætur læknisfræðinnar annars vegar til kristinna hugmynda sem birtast í sögunni um miskunnsama Samverjann og hins vegar til gríska hugmynda sem kenndar eru við Hippókrates.

Starf lækna enn þann dag í dag er mótað af þeirri gömlu hefð sem þessar rætur birta. Ástríður gengur út frá því að í ljósi þeirrar hugmyndafræði sem læknisfræðin byggir á megi skilja betur sambandið á milli læknis og sjúklings og þá jafnframt gera sér grein fyrir þeirri sýn sem læknirinn hefur á manninn.

Ástríður Stefánsdóttir lauk embættisprófi í læknisfræði frá HÍ 1987 og hlaut almennt lækningaleyfi 1989. Í framhaldi af því tók hún BA-próf í heimspeki frá HÍ 1992 og MA-gráðu frá Dalhousie University í Halifax, í sömu grein, 1993. Hún var ráðin lektor við Kennaraháskóla Íslands 1998 og hefur verið dósent í heilbrigðisfræðum og siðfræði við skólann frá hausti 1999. Ástríður hefur flutt fjölda fyrirlestra um siðferðileg álitamál í starfi lækna og annarra heilbrigðisstétta.

Útgjöldin

>Verð á harðfiski í nóvember hvers árs.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: HELGI PÉTURSSON HJÁ ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Lestarmiði leiddi hann til konunnar

„Ég held að albestu kaup sem ég hef gert hafi verið lestarmiðinn góði," segir Helgi Pétursson og verður mjúkur á manninn enda reyndist lestamiðinn hinn mesti örlagavaldur. „Ég var skammt fyrir utan London og keypti lestarmiðann til að koma mér inn í borg og þegar ég hef nýlokið því erindi mínu hitti ég konuna og ég er alveg viss um að það var miðinn sem leiddi mig á leið til hennar. Svo það þurfa ekki mikil fjárútlát að fylgja svona firnagóðum kaupum líkt og þeim sem ég gerði þarna."

En gæfan hefur þó ekki alltaf verið hans fylgikona í viðskiptunum eins og hann fékk að reyna í bílakaupum einum. „Ég festi kaup á frönskum bíl af gerðinni Simca," segir Helgi og ljóminn frá Lundúnaferðinni forðum rennur af honum. „Þetta var í upphafi áttunda áratugarins. Það er reyndar löngu hætt að framleiða þessa bíla núna og ég held að það útskýri málið. Eitt af því sem plagaði mig nokkuð við þennan bíl var það að rúðuþurrkurnar virkuðu aldrei sem getur verið afar hvimleitt þegar menn vilja aka á norðlægum slóðum.

Ég reyndi þó að bæta úr þessu með því að taka mér streng til handargagns og festa tusku á hann og svo dró ég hann til skiptis um framgluggann hjá farþegasætinu og glugga ökumanns. Þetta er gamalt og þekkt trix en afar lýjandi."

GÓÐ HÚSRÁÐ:

LÁTIÐ VININN VINNA FYRIR LÉLEGT KAUP

„Ef maður leigir með vini sínum getur uppvask og þvottur gleymst en við þessu er gott ráð," segir Atli Fannar Bjarkason blaðamaður. „Gott er að ýta undir að vinurinn verði blankur frekar snemma í mánuðinum, til dæmis með því að hvetja hann til að kaupa alls kyns óþarfa. Svo þegar hann er að farast úr hungri dæsir maður yfir óhreina tauinu og býður meðleigjandanum að þvo og vaska upp gegn því að þú splæsir máltíð á veitingastað. Þannig er maður búinn að láta meðleigjandann vinna í þrjá til fjóra tíma fyrir svona tvö þúsund kall, svart. Glatað tímakaup fyrir hann og þú stendur uppi sem sigurvegari."

Höfum opnað nýja og stórglæ

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

■ **Flugverð**

Fullorðinsverð fyrir börn hjá Sterling

Danska flugfélagið Sterling lætur börn greiða fullt verð fyrir flugmiðann, að sögn norska dagblaðsins Aftenposten. Þegar flugmiði er keyptur á netinu á sterling.com þarf greiðandinn að gefa upplýsingar um það hvort barnið sé undir tólf ára aldri eða ekki en greiða þarf fullorðinsverð fyrir miðann.

Aftenposten segir að reglan sé sú að öll börn yfir tveggja ára aldri greiði fullorðinsverð hjá Sterling, Ryanair og Easyjet.

Michael T. Hansen, yfirmaður hjá Sterling, segir að Sterling skipti farþegunum í fullorðins- og barnahóp af öryggisástæðum. „Við biðjum fólk að gefa upplýsingar um börn á aldrinum 2-11 ára af því að þau eru of ung til að sitja við neyðarútganga. Við veitum barnaafslátt, til dæmis þegar við förum í auglýsingaherferðir, en annars gefum við ekki barnaafslátt," segir hann.

Segir það skipta máli að löggjöf um minna magn transfitusýra í mat á Íslandi fylgi fé til eftirlits og fræðslu:

Vilja minnka herta fitu í mat á Íslandi

Í lok febrúar lögðu þrettán þingmenn allra flokka á Alþingi fram þingsályktunartillögu þar sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er falið að hefja undirbúning að setningu reglna um hámarksmagn transfitusýra í matvælum. Vilja þingmennirnir að hámarkið verði tvö grömm í hverjum hundrað grömmum af fitumagni vörunnar, sem er sambærilegt við það sem gildir í Danmörku.

Í greinargerð sem fylgir ályktuninni segir að neysla á transfitusýrum auki líkur á hjarta- og æðasjúkdómum mun meira en neysla á mettaðri fitu, sem þó er vel þekktur áhættuvaldur fyrir slíka sjúkdóma. Þá eykur neysla transfitusýra hættu á offitu og sykursýki 2.

Elva Gísladóttir, verkefnisstjóri næringar hjá Lýðheilsustöð, segir að til séu tvenns konar transfitusýrur. Annars vegar séu þær sem myndist á náttúrulegan hátt í vömb jórturdýra. Hins vegar myndist transfitusýrur þegar olía sé hert en hörð fita er notuð til að matvæli fái ákveðna eiginleika eins og til dæmis aukið geymsluþol.

OF MIKIÐ AF HERTRI FITU Íslendingar neyta 3,5 gramma af hertri fitu á dag í stað 2 gramma sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin segir æskilega hámarksneyslu.

Meðal vara sem mögulega innihalda transfitusýrur eru smjörlíki, steikingarfeiti, kökur, kex og franskar kartöflur, auk djúpsteikts skyndimatar, örbylgjupopps, snakks og sælgætis. Elva segir það val framleiðenda hvort þeir noti slíkar vörur, þar sem til sé steikingarfeiti og smjörlíki sem innihaldi ekki transfitusýrur. „Það er alls ekki þannig að það þurfi að taka þessar vörur af markaði," segir Elva. „Það skiptir máli hvað er notað í staðinn, til dæmis olía þó það sé skárri kostur að það sé mettuð fita en transfitusýra."

Elva segir tvær leiðir mögulegar. Annars vegar að fara sömu leið og Danir en þá þurfi að fræða framleiðendur og efla eftirlit. Eftirlit með merkingum á vöru er í dag í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Hin leiðin sé að fræða neytendur með næringargildismerkingum, sem kosti líka fé. „Það skiptir máli að svona löggjöf fylgi fé til eftirlits og fræðslu."

- ovd

MATUR & NÆRING RAGNHEIÐUR HÉÐINSDÓTTIR MATVÆLAFRÆÐINGUR

Heilmalað hveiti ákjósanleg uppspretta trefjaefna

Hveitikorn er samsett úr þremur hlutum, kjarna, hýði og kími. Í kjarnanum eru aðallega kolvetni (sterkja eða mjölvi), prótein (glúten) og vatn en í hýði og kími er mest af trefjum, steinefnum og bætiefnum. Auk þess inniheldur kímið svolítið af mjúkri fitu. Í heilu hveitikorni eru um það bil 11,1 prósent prótein, 57 prósent sterkja, 10,4 prósent vatn, 16,9 prósent trefjar, 2 prósent fita og 2,3 prósent steinefni. Heilmalað hveiti er því ákjósanleg uppspretta trefjaefna og ýmissa bætiefna. Hveiti inniheldur mun meira glúten en aðrar korntegundir sem veldur því að hveiti hefur mun betri baksturseiginleika en til dæmis, rúgur, bygg og hafrar. Þegar brauðdeig er hnoðað myndast loftbólur sem verða til fyrir tilstuðlan gers. Utan um þessar loftbólur myndast nokkurs konar glútenhimnur sem stífna við baksturinn og halda loftinu inni þannig að brauðið verður svampkennt.

Hveiti er malað og sigtað í mismunandi afurðir áður en hægt er að nota það í bakstur. Hægt er að mala hveitikornið eins og það kemur fyrir, og kallast það heilmalað hveiti, en algengast er að sigta hluta af hýði og kími frá við mölunina. Hveitið verður léttara í sér og baksturseiginleikar þess batna eftir því sem meira ar hreinsað frá af hýði og kími. Í hvítu hveiti hafa um 30 prósent af korninu verið sigtuð frá, aðallega hýði og kím, en þá er eftir prótein- og sterkjuríkasti hlutinn. Venjulegt heilhveiti er aftur á móti um 80-90 prósent af heila korninu. Hýði og kím eru líka oft skilin sérstaklega frá og notuð til íblöndunar í bökunarvörur til að auka trefjainnihald þeirra. Það sem af gengur við hveitimölun er notað í skepnufóður þannig að enginn hluti kornsins fer til spillis. Baksturseiginleikar hveitis ráðast að miklu leyti af próteininnihaldi þess. Hveiti þarf að hafa hátt próteininnihald til að það henti í brauðbakstur en hveiti með minna próteininnihaldi hentar betur í kökur og enn minna í kex. Til venjulegra heimilisnota er einfaldast að nota hveiti með miðlungsmiklu próteininnihaldi eins og til dæmis venjulegt Kornaxhveiti.

Hveiti er best að geyma á þurrum, dimmum stað þar sem ekki er of heitt. Mikilvægt er að geyma það í vel lokuðu íláti svo það taki ekki í sig raka eða bragð af öðrum matvælum.

Hveiti, eins og aðrar kornvörur, hefur nokkuð langt geymsluþol en geymist þó ekki endalaust. Fitan í hveitinu er mjúk og þránar með tímanum. Heilhveiti geymist skemur en fínmalað hveiti vegna þess að í því er meira af fitu.

mni.is

silega verslun í Holtagörðum!

asics

– Byltingarkenndir fótboltaskór sem allir knattspyrnumenn verða að prófa – kynning á laugardag.



adidas **Adidas** *hlaupaskór og footscan greining – skokkarar vilja ekki missa af þessu – kynning á sunnudag.*

THE NORTH FACE

Stórglæsileg North Face deild

Opnunartilboð:

20% afsláttur af öllum North Face vörum

Jamis barnahjól
Árgerð 2008

Opnunartilboð:

20% afsláttur

Heelys hjólaskór

Verð: 9.990 kr.

Opnunartilboð: ***7.990 kr.***

Asics Kayano 13 hlaupaskór

Verð: 18.300 kr.

Opnunartilboð: ***12.990 kr.***

ÚTILÍF

Níu þúsund fyrirspurnir bárust Leiðbeininga- og kvörtunarþjónustu Neytendasamtakanna á síðasta ári:

Spurt um rétt vegna raftækja og ferðalaga

Rúmlega níu þúsund fyrirspurnir bárust Leiðbeininga- og kvörtunarþjónustu Neytendasamtakanna síðastliðið ár og er það 24 prósenta aukning frá fyrra ári. Flestar eru fyrirspurnirnar vegna raftækja og ferðalaga.

Ástæða þess að heildarfjöldi fyrirspurna jókst á árinu er rakin til þess að fólk sé að verða æ meðvitaðra um rétt sinn. „Vakningin sem átti sér stað meðal fólks vegna virðisaukaskattslækkunarinnar hafði sín áhrif en svo eru samtökin alltaf að verða sýnilegri líka," segir Hildigunnur Hafsteinsdóttir, stjórnandi Leiðbeininga- og kvörtunarþjónustu Neytendasamtakanna. Hún segir enn fremur að fólk sé einfaldlega orðið duglegra að láta heyra í sér og ákveðin straumhvörf hafi orðið í fyrra.

Bróðurpartur erindanna er einfaldar fyrirspurnir um rétt neytenda. Oftast komu fyrirspurnir vegna kaupa á raftækjum eða ferðalögum, en einnig var mikið spurt um verðlag og auglýsingar.

Voru fyrirspurnir vegna þess síðastnefnda um 500, sem er sjötíu prósentum meira en á síðasta ári. Orsökin er talin vera aukin verðlagsvitund vegna lækkunar virðisaukaskatts á matvælum fyrir ári.

Kvörtunum fækkaði nokkuð á árinu og voru þær 153 en lækkunin stafar af breyttum skráningarreglum. Í kvörtunarmálum hafa Neytendasamtökin milligöngu milli neytanda og seljanda til að komast að málamiðlun sem allir eru sáttir við. Flestar voru kvartanirnar vegna pósts og fjarskipta.

Athygli vekur að fyrirtæki nota sér Neytendasamtökin í auknum mæli og leituðu 540 fyrirtæki til samtakanna en í fyrra voru þau 462. Hildigunnur sagði að þetta væru fyrirtæki sem vildu fara að lögum og væru að spyrja um rétt neytenda. Væri þetta yfirleitt í tengslum við afgreiðsluskilmála fyrirtækjanna, útsölur og almenn deilumál. Oft væri neytandi kominn til þeirra með kvörtun og fyrirtækin væru að kanna hver réttur hans væri. Sagði hún það vera mjög jákvætt að fyrirtæki sem og einstaklingar bæru mikið traust til samtakanna.

HILDIGUNNUR HAFSTEINSDÓTTIR Segir fólk orðið duglegra við að láta í sér heyra.

KAUPÞING

Skilmálar afturkallaðir:

Ollu misskilningi og óánægju

Kaupþing hefur afturkallað nýja kreditkortaskilmála bankans sem taka áttu gildi 10. mars. Breytingarnar lutu að því að bankinn áskildi sér rétt til að safna upplýsingum um hvernig kortin voru notuð, til að bankinn og samstarfsaðilar gætu boðið viðskiptavinum sérvalin tilboð. Í tilkynningu frá Kaupþingi kemur fram að nýir skilmálar hafi valdið misskilningi og óánægju og hafi því verið afturkallaðir. Kaupþing, sem útgefandi kortanna, vilji hins vegar bera ábyrgð gagnvart sínum viðskiptavinum á þeim skilmálum sem í gildi séu.

Í lok febrúar sendu Neytendasamtökin erindi til Persónuverndar vegna skilmálanna, þar sem farið var fram á að breytingarnar á skilmálunum yrðu skoðaðar.

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
4.850 **+0,69%**

Fjöldi viðskipta: 404
Velta: 6.526 milljónir

MESTA HÆKKUN

LANDSBANKINN	+1,34%
BAKKAVÖR	+1,12%
KAUPÞING	+1,10%

MESTA LÆKKUN

MAREL	-1,45%
ÖSSUR	-1,19%
STRAUMUR-B.ÁS	-1,15%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 8,00 -0,62% ... Bakkavör 40,50 +1,12% ... Eimskipafélagið 29,10 +0,35% ... Exista 11,95 +0,59% ... FL Group 9,16 -0,22% ... Glitnir 17,00 +0,59% ... Icelandair 24,90 -0,40% ... Kaupþing 735,00 +1,10% ... Landsbankinn 26,50 +1,34% ... Marel 88,50 -1,45% ... SPRON 5,29 +0,57% ... Straumur-Burðarás 11,17 -1,15% ... Teymi 5,04 +1,00% ... Össur 91,00 -1,19%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Vinsæll Skífukóngur

Eins og kunnugt er hafnaði breskur dómsstóll frávísunarkröfu Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar í meiðyrðamáli hans og Jóns Ólafssonar á þriðjudag. Jón höfðaði mál gegn Hannesi árið 2004 en Hannes hafði gefið í skyn í ræðu og á heimasíðu sinni að Jón hefði efnast á ólöglegan hátt. Var hann í kjölfarið dæmdur til að greiða Jóni átta milljónir króna í skaðabætur auk kostnaðar og vaxta. Áhugi fólks hefur greinilega vaknað á Jóni síðustu misserin en heyrst hefur að ævisaga hans frá árinu 2005 sé einkar vinsæl á bókamarkaðnum í Perlunni um þessar mundir. Bókin er á tæpar 700 krónur, sem er frekar lítið fyrir 500 blaðsíðna doðrant.

Toppmenn í vatninu

Jón hefur slegið í gegn á fleiri stöðum en á bókamarkaðnum í Perlunni. Vatnsfyrirtækið Icelandic Water Holdings, sem Jón og Kristján sonur hans eiga að mestu og stýra og selur margverðlaunað átappað vatn úr Ölfusinu í flöskum undir merkjum Icelandic Glacial hefur verið á rjúkandi ferð upp á síðkastið. Fyrirtækið hefur fengið heilmikla athygli víða um heim, nú síðast á Óskarsverðlaunahátíðinni en þar svöluðu heimsþekktar en þorstlátar kvikmyndastjörnur sér á vatni feðganna úr Ölfusinu. Svo virðist sem hrakspár um efnahagssamdrátt hafi ekki ratað inn fyrir dyr Icelandic Water Holdings því fyrirtækið hefur fjölgað fólki á sama tíma og aðrir standa í uppsögnum. Á meðal nýráðinna starfsmanna eru tveir stórjaxlar úr bandarískum drykkjavörugeira. Þeir eru Daniel Stepper, frá Coke, og James Harris, sem áður var einn af markaðsstjórum Fiji Waters, helsta keppinauti Icelandic Glacial vestanhafs. Munu þeir eiga að hjálpa til við stóraukna markaðshlutdeild úti í hinum stóra og harða heimi vatnsbransans.

MARKAÐSPUNKTAR

FL Group hefur selt 13,3 prósenta hlut sinn í norska innheimtufyrirtækinu Aktiv Kapital. Söluverðmætið nemur 6,3 milljörðum króna. Bókfært tap á fyrsta fjórðungi vegna sölunnar nemur 400 milljónum, að því er segir í tilkynningu.

Verðbólga mældist 3,5 prósent innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) í janúar. Verðbólgan var mest í Tyrklandi, 8,2 prósent. Hún var 5,8 prósent hér á sama tíma en langminnst í Japan, 0,7 prósent.

Hagnaður Sparisjóðs Mýrasýslu nam 635,2 milljónum króna í fyrra samanborið við 1.458 milljónir í hitteðfyrra. Þetta er 56 prósenta samdráttur á milli ára.

Komið á frábæra opn

HOLTAGÖRÐUM ∘ GLÆSIBÆ ∘ KRINGLUNNI ∘ SMÁRALIND ∘ SÍMI 545 1500

Hagnaður minnkar um þriðjung milli ára

FL Group fær 204 milljónir í arð frá Royal Unibrew.

Hagnaður Royal Unibrew í Danmörku nam 155 milljónum danskra króna eftir skatt í fyrra, eða tæplega 2,1 milljarði króna, samkvæmt nýbirtu uppgjöri. FL Group á 25,6 prósenta hlut í félaginu.

Fram kemur að tekjur félagsins hafi aukist um 13 prósent milli ára, en á sama tíma dróst hagnaður saman um þriðjung.

Stjórn Royal Unibrew leggur til fyrir aðalfund arðgreiðslu upp á 10 danskar krónur á hlut, eða heildararð upp á 59 milljónir dankra króna. Það jafngildir tæplega 797 milljónum íslenskra króna, sem greiddar verða út 6. maí næstkomandi. Í hlut FL Group koma því væntanlega um 204 milljónir króna. - óká

FRAMLEIÐSLAN Royal Unibrew framleiðir meðal annars Faxe-bjór.

SpKef tapar á seinni hluta ársins

Hagnaður dróst saman um 60 prósent milli ára hjá Sparisjóðnum í Keflavík (SpKef) samkvæmt nýbirtu uppgjöri. Eftir skatta nam hagnaður sjóðsins árið 2007 tæplega 1,9 milljörðum króna, en var 4,8 milljarðar árið áður.

Mikill viðsnúningur varð í rekstri sjóðsins á seinni hluta ársins, en fyrstu sex mánuðina hafði verið methagnaður í rekstrinum upp á rúma 4,6 milljarða króna, en árið endaði sem fyrr segir tæplega 1,9 milljörðum.

Geirmundur Kristinsson, sparisjóðsstjóri SpKef, segir afkomu ársins viðunandi miðað við erfiðar markaðsaðstæður, en því sé ekki að neita að töluvert tap hafi verið á seinni hluta ársins. „Við eigum það stóra stöðu í Exista að það hafði mikil áhrif eftir að markaðir hrundu," segir hann. Eignin var færð á markaðsvirði í hálfsársuppgjöri. „Þetta truflar auðvitað eitthvað en horfir öðruvísi við hjá okkur sem á sínum tíma stofnuðum félagið og áttum. Þá hét þetta Scandinavian Holding, varð síðan Meiður og svo Exista. Út af fyrir sig höfum við bara notað eignarhlutinn sem við fengum út úr Kaupþingi á sínum tíma, en höfum ekki verið að fjárfesta neitt."

GEIRMUNDUR KRISTINSSON

Geirmundur segir stöðu sparisjóðsins góða. „CAD-hlutfall sjóðsins er fyrir 20 prósent," segir hann og kveður lausafjárstöðu sjóðsins líka góða og fjármögnunarþörf ekki mikla. „Við höfum engar áhyggur. Ástandið í fjármálaheiminum er vitanlega ekki gott, en kemur verr niður á mörgum öðrum en okkur."

Fram kemur í ársreikningi SpKef að stjórn sjóðsins leggi til að greiddur verði 25 prósenta arður til stofnfjáreigenda af endurmetnu stofnfé sjóðsins. Stofnfé nemur tæpum 13,6 milljörðum króna. Arður til stofnfjáreigendanna 1.626 næmi því um 3,4 milljörðum króna. Aðalfundur SpKef verður haldinn 11. mars. - óká

Lánshæfishorfur ríkisins versna

Horfum varðandi Aaa-lánshæfi íslenska ríkisins hefur verið breytt úr stöðugum í neikvæðar samkvæmt nýju mati alþjóðlega matsfyrirtækisins Moody's. Einkunnin er sú hæsta mögulega.

Breyttar horfur eru fyrst og fremst til komnar vegna lækkunar fyrirtækisins á fjárhagsstyrkleikaeinkunn Kaupþings, Glitnis og Landsbankans fyrir helgi, að því er fram kemur í tilkynningu sem Moody's sendi frá sér í gær.

Breytingin nær til einkunnar skuldabréfa ríkisins og fyrir landseinkunn innlána í erlendri mynt. Horfurnar haldast stöðugar fyrir skuldbindingar í erlendri og innlendri mynt.

Joan Feldbaum Vidra, sérfræðingur Moody's, segir í rökstuðningi fyrir ákvörðuninni að mikilvægur þáttur fyrir Aaa-einkunn ríkis sé bankakerfi með háa meðaleinkunn fyrir fjárhagslegan styrk og bendir á að ekkert annað land í Aaa-flokki hafi bankakerfi með einkunn undir C. Hún segir stjórnvöld þó fullfær um að fást við áfall í bankakerfinu en bætir við að neikvæðar horfur gefi til kynna þá skoðun Moody's að „frekari framrás bankakerfisins á erlendri grundu muni reyna á getu stjórnvalda til að bregðast við áfalli á virkan hátt".

VIÐ STJÓRNARRÁÐIÐ Breyttar lánshæfishorfur ríkisins eru raktar til lækkunar breytts mats Moody's á fjárhagslegum styrk bankanna; verra lánshæfi þeirra leiði sjálfkrafa til endurmats á áhættu ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í umfjöllun greiningardeildar Glitnis er bent á að Standard & Poor's hafi síðan í nóvember haft lánshæfismat ríkisins á neikvæðum horfum.

Greiningardeild Landsbankans segir boltann hjá stjórnvöldum. „Enda segir í tilkynningu Moody´s að breyttar horfur endurspegli ekki róttækt endurmat á lánshæfi íslenska ríkisins heldur áhyggjur af atriðum sem stjórnvöld geta tekið á," segir í Vegvísi Landsbankans og bætt er við að með þessu sé gefið til kynna að á næstunni þurfi að efla gjaldeyrisforða Seðlabankans og festa í sessi samstarf við erlenda seðlabanka, sem tæki af allan vafa um aðgengi að lausafé og hver hefði hlutverk lánveitanda til þrautarvara. - óká

SKULDATRYGGINGARÁLAG (CDS-SPREAD) 5. MARS

Banki	Álag í punktum
Kaupþing	665
Glitnir	648
Landsbankinn	485

Skuldatryggingarálag á bréf bankanna var óbreytt milli daga við lokun markaða í gær, þrátt fyrir breyttar lánshæfishorfur ríkisins.

Kippur eftir útspil Kaupþings

Skuldatryggingarálag (CDS) á fimm ára skuldabréf stóru viðskiptabankanna lækkaði umtalsvert eftir fréttir af fjármögnun Kaupþings á þriðjudag með sölu skuldabréfa og lántöku í Evrópu.

Álag á bréf Kaupþings lækkaði um sem nemur 70 punktum og bréf Landsbankans og Glitnis um 20 til 50 punkta.

Í gærmorgun, áður en fregnir bárust af breyttum horfum lánshæfis ríkisins, stóð CDS-gildi Kaupþings í 665 punktum, Glitnis í 648 punktum og Landsbankans í 485 punktum og hefur samkvæmt heimildum blaðsins sjaldan munað jafnlitlu á álaginu sem lagt er á bréf Glitnis og Kaupþings. - óká

unarhátíð um helgina

Nike Pro

hátæknifatnaður – aðeins það besta til íþróttaiðkunar – kynning á fimmtudag og laugardag.

Nike T-bolir

Opnunartilboð:

20% afsláttur

Chrysalis dúnsvefnpoki

frá The North Face

Verð: 25.990 kr.

Opnunartilboð: **17.990 kr.**

Casall fatnaður

Opnunartilboð:

20% afsláttur

Jamis reiðhjól

Árgerð 2007

Opnunartilboð:

40% afsláttur

ÚTILÍF

Hátt gengi á Skiptum

„Þetta eru ef til vill ekki kjöraðstæður til að skrá félag á markað. Það helgast af lausafjárskortinum," segir Grétar Már Axelsson, sérfræðingur hjá Greiningu Glitnis.

Skipti, móðurfélag Símans, verða skráð í Kauphöllina og viðskipti með bréf í fyrirtækinu hefjast 19. þessa mánaðar. Þrjátíu prósenta hlutur verður hins vegar seldur í hlutafjárútboði dagana 10. til 13. mars. Almenningur og fagfjárfestar geta þá keypt hluti fyrir 100 þúsund krónur að lágmarki og í mesta lagi 25 milljónir króna. Gengið í útboðinu verður 6,64 til 8,10. Ekki fást upplýsingar um hvernig þetta gengi var fundið.

„Við fyrstu sýn virðist þetta vera heldur hátt, miðað við sambærileg félög," segir Grétar Már.

Miðað við þetta gengi er verðmæti þrjátíu prósenta hlutar í félaginu á bilinu 14,7 til 17,9 milljarðar króna. Samkvæmt því verður hæsta mögulega virði félagsins við skráninguna 59,7 milljarðar króna. Skuldir félagsins nema um fimmtíu milljörðum króna, eftir því sem næst verður komist.

Skipti keyptu Landsímann af ríkinu á tæpa 67 milljarða króna á síðari hluta ársins 2005. Síðan þá hafa orðið töluverðar breytingar á félaginu.

GEIR H. HAARDE Undirritar samning um sölu Símans til Skipta, núverandi móðurfélags Símans. Aðstandendur félagsins fylgjast með. Tæplega þriðjungshlutur í Skiptum fer á hlutabréfamarkað í mánuðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Til stóð að Skipti yrðu skráð á markað fyrir áramót, en það var meðal skilyrða við sölu ríkisins á fyrirtækinu. Það frestaðist vegna tilboðs Skipta í slóvenska símann. Fjármálaráðherra heimilaði frestun á skráningunni fram til loka þessa mánaðar. - ikh

Hætti án skýringa

Þórólfur Gíslason hefur sagt af sér sem stjórnarmaður og stjórnarformaður Fjárfestingarfélagsins Giftar.

ÞÓRÓLFUR GÍSLASON

Afsögnin kemur mönnum á óvart og var hún fyrirvaralaus. Stjórnarmenn í Gift vísa á Þórólf um skýringar, en neita því að deilur séu í stjórninni. Ekki hefur náðst í Þórólf, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Stjórnarfundur var haldinn í félaginu fyrir helgi. Þangað kom Þórólfur ekki. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins barst öðrum stjórnarmönnum bréf á mánudag, þar sem fram kom að Þórólfur ætlaði að hætta. Engar skýringar fylgdu í bréfinu. Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu, tekur við stjórnarformennsku í Gift fram að næsta aðalfundi. Óvíst er hvenær hann verður haldinn.

Gift var stofnað í fyrrasumar upp úr Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingum. Eigið fé félagsins hleypur á tugum milljarða króna.

Þeir sem tryggðu hjá Samvinnutryggingum á tilteknu árabili eiga að fá hluti í Gift. Ekki liggur fyrir hversu mikið fellur hverjum og einum í skaut, en þess er vænst að það liggi fyrir í mánuðinum. - ikh

skoðun

greinar@frettabladid.is

Gjaldmiðilsmál og íslenzkt atvinnulíf:

Ísland vill evruna

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Í dag halda Samtök iðnaðarins árlegt Iðnþing undir yfirskriftinni „Ísland og Evrópa – mótum eigin framtíð“. Samtökin hafa um árabil haft þá afstöðu að Ísland eigi að stefna á fulla aðild að Evrópusambandinu og að evrópska myntbandalaginu. Evrópustefna SI hefur þannig verið mun afdráttarlausari en sú stefna sem heildarsamtök atvinnulífsins, SA, hafa fylgt vegna óeiningar um hana innan raða samtakanna. Sú óeining virðist hins vegar vera óðum að víkja fyrir sameinuðu kalli eftir því að stjórnvöld setji sér að markmiði að taka upp evruna og hagi hagstjórninni í samræmi við það.

Í janúar héldu Samtök atvinnulífsins málþing um gjaldmiðilsmál, sem var liður í umræðu samtakanna og aðildarfélaganna um stöðu krónunnar sem gjaldmiðils. Að því er samtökin greina sjálf frá á heimasíðu sinni er sú umræða sprottin af því að í stjórn þeirra séu sterkar raddir um að æskilegt sé að Íslendingar taki upp evru sem gjaldmiðil. Um þetta hafi hins vegar ekki verið samstaða innan samtakanna og þau því ekki sett það fram sem stefnu sína, enn sem komið er að minnsta kosti. Í október í haust beindi stjórn SA því til allra aðildarsamtakanna að taka gjaldmiðilsmálið til umfjöllunar og að taka þannig þátt í endurmati á því hvort íslenzku atvinnulífi sé betur borgið með öðrum gjaldmiðli en íslenzku krónunni. Ef marka má yfirskriftina á frásögninni af áðurnefndu málþingi á heimasíðunni liggur svarið við þessu endurmati þegar fyrir: Tími krónunnar er liðinn. Þessi ályktun endurómaði einnig mjög á Viðskiptaþingi í febrúar. Viðhorfskönnun meðal aðildarfélaga Viðskiptaráðs sýndi að 63 prósent þeirra eru fylgjandi því að skipta um lögeyri hér á landi.

Kostnaðurinn af krónuhagkerfinu er nú á tímum hnattvæðingar miklu meiri en ávinningurinn af því að hafa sjálfstæða mynt á minnsta myntsvæði heims.

Margt bendir því til að ráðandi öfl í íslenzku atvinnulífi hafi sannfærzt um að ekki sé við íslenzku krónuna búandi til framtíðar og eina raunhæfa lausnin á gjaldmiðilsvandanum sé innganga í ESB og evrópska myntbandalagið. Kostnaðurinn af krónuhagkerfinu er nú á tímum hnattvæðingar, frjáls fjármagnsflæðis og útrásar íslenzkra fyrirtækja einfaldlega miklu meiri en ávinningurinn af því að hafa sjálfstæða mynt á minnsta myntsvæði heims. Meirihluti almennings, sem ber megnið af kostnaði hins óstöðuga krónuhagkerfis, gerir sér einnig grein fyrir því að hag íslenzkra neytenda væri líka bezt borgið með evrunni. Það endurspeglast í skýrri niðurstöðu nýjustu skoðanakönnunar Fréttablaðsins; 55 prósent þjóðarinnar vilja aðildarumsókn.

Af þeim orðum sem Geir H. Haarde forsætisráðherra lét falla í nýlegri heimsókn sinni í höfuðstöðvar Evrópusambandsins í Brussel er hins vegar ljóst, að undir hans forystu hyggst ríkisstjórnin ekki svara þessu kalli þjóðarinnar og íslenzks atvinnulífs heldur halda sig við þá biðleiksstefnu sem samið var um í stjórnarsáttmálanum (að kröfu Geirs sem formanns Sjálfstæðisflokksins). Þjónar sú biðleiksstefna hagsmunum þjóðarinnar?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

* Innifalið í verði: Flug, flugvallarskattar og gjöld. Ferðatímabil: 1.–30. apríl.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Viðrar vel til tónleika

Hugmyndasamkeppni stendur nú yfir um nafngift á tónlistarhúsið við Austurbakka. Skilyrðin eru að nafnið falli að íslenskri tungu, sé þjált á erlendum málum og lýsandi fyrir starfsemina sem þar fer fram. Jónas Kristjánsson og Egill Helgason eru báðir innblásnir af vindstrengnum yfir höfnina. Egill stingur upp á nafninu Illulág en Jónas leggur til að tónlistarhöllin heiti Svipvindastaðir og torgið sem hún stendur við verði nefnt Alviðra. Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, er með aðra tillögu sem hann telur að uppfylli öll skilyrðin: Björk. Hann bætir reyndar við að hann sé ekki hlutlaus í þessu máli.

Einar vill olíuhreinsun

Einar K. Guðfinnsson ráðherra hefur lýst sig fylgjandi olíuhreinsistöð á Vestfjörðum og telur að ríkið eigi að beita sér fyrir að hún rísi. Haft er fyrir satt að olíuhreinsistöð myndi skaffa um 500 manns vinnu. Enn hefur þó ekki verið svarað hvaðan það starfsfólk á að koma en miðað við atvinnuástandið er nokkuð ljóst að það þyrfti að koma utan frá. Nema sjávarútvegsráðherra sé búinn að gefa fiskveiðar endanlega upp á bátinn?

Gamalt vín á nýjum belg?

Fyrir nokkrum árum setti Ágúst Einarsson hagfræðingur fram hugmyndir um hvernig mætti gera Ísland að hagkvæmri rekstrareiningu. Íslendingar ættu að stefna að því að tífalda íbúafjöldann á næstu áratugum með því að fá hingað útlendinga. Ágúst benti á að Íslendingar búi yfir þremur framtíðarauðlindum; byggingarlandi, vatni og djúphita. Enginn tók tillögu Ágústs sérstaklega alvarlega þegar hann setti hana fram. Nú virðast Vestfirðingar vera farnir að gefa þeim möguleika gaum að gera kjálkann að hagkvæmri rekstrareiningu með þessum hætti. Helsti munurinn er sá að tillaga Ágústs gerði ráð fyrir vistvænum orkubúskap.

bergsteinn@frettabladid.is

Seðlabanki í sjálfheldu

ÞORVALDUR GYLFASON
Í DAG | Bankarnir og efnahagsástandið

Hagstjórnarmistök undangenginna ára blasa nú við landsmönnum. Fyrst birtist Jón Ásgeir Jóhannesson, einn helzti eigandi Glitnis, og varar við því í sjónvarpi og útvarpi, að vandamál viðskiptabankanna séu vandamál þjóðarinnar allrar og hvetur Seðlabankann til að lækka vexti og hleypa verðbólgunni aftur á skrið. Næst birta tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson, langa grein í Morgunblaðinu, þar sem þeir taka undir vaxtalækkunarkröfuna; ákall þeirra er einnig tillaga um meiri verðbólgu. Loks stígur Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, fram og segir á málstofu BSRB: „Það er spurning hvort ekki sé rétt að Seðlabankinn bakki út úr þessu öngstræti,ýti verðbólgumarkmiði tímabundið að minnsta kosti til hliðar.“ Landsbankamenn þurfa ekki að taka til máls fyrir opnum tjöldum, því að þeir eru sem kunnugt er í beinu talsambandi við Sjálfstæðisflokkinn og Seðlabankann.

Skammsýnar kröfur

Hvað vakir fyrir þeim, sem mæla fyrir því, að verðbólgunni sé aftur hleypt á skrið? Þeir vilja, að sívaxandi vanda bankanna – vanda, sem bankarnir bökuðu sér sjálfir með því að sjást ekki fyrir – sé velt yfir á almenning. Þeir vita, að launatekjur almennings eru óvarðar fyrir verðbólgu, en vaxtatekjur bankanna eru að miklu leyti verðtryggðar. Væri verðbólgunni aftur hleypt á skrið með vaxtalækkun, eins og þeir lýsa eftir án þess að segja það berum orðum, myndi gengi krónunnar falla enn frekar en orðið er og kaupmáttur heimilanna minnka. Bankarnir gætu hagnazt á því um skeið, þar eð þeir gætu þá aukið útlán með því að bjóða lántakendum lægri vexti en nú eru í boði. En það yrði vísast skammgóður vermir, því að skerðing kaupmáttar og gengislækkun krónunnar myndu draga úr getu margra viðskiptavina bankanna til að standa skil á skuldum sínum. Afskriftir og útlánatöp bankanna myndu aukast, eins og Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri hefur bent á. Aukin verðbólga myndi rýra álit bankanna í útlöndum enn frekar eins og Ólafur Ísleifsson hagfræðingur hefur lýst og torvelda þeim aðgang að lánsfé, sem var lykillinn að velgengni þeirra, þegar allt lék í lyndi. Krafa bankanna um aukna verðbólgu í krafti vaxtalækkunar virðist reist á skammsýni – svipaðri skammsýni og kom þeim í þann vanda, sem þeir hafa ratað í og leita nú leiða til að leysa, helzt á kostnað almennings.

Seðlabankinn brást

Það hefur lengi legið fyrir hvert stefndi. Ítrekaðar viðvaranir vegna ört vaxandi skulda erlendis án nægrar eignamyndunar á móti voru virtar að vettugi, enda var skuldasöfnunin bein afleiðing agalausrar hagstjórnar og ónógs aðhalds Seðlabankans að bönkunum. Seðlabankinn hefur lagaheimild til að hemja skuldasöfnun bankanna í útlöndum, en hann kaus að nýta hana ekki. Hann beitti ekki heldur bindiskyldueimild laga til að hemja útlán bankanna, heldur lækkaði hann bindiskylduna og ýtti þannig undir útlánaþensluna. Gjaldeyrisforði Seðlabankans þyrfti samkvæmt erlendum stöðlum að vera tólf sinnum meiri en hann er nú. Svipmót efnahagslífsins í augum erlendra banka er nú nauðalíkt aðdraganda fjármálakreppunnar í Suðaustur-Asíu 1997. Þess vegna er skuldatryggingarálag bankanna erlendis nú komið upp úr öllu valdi og girðir að svo stöddu fyrir aðgang þeirra að erlendu lánsfé. Samt er ekki við bankana eina að sakast. Seðlabankanum bar skylda til að veita bönkunum aðhald, en hann gerði það ekki. Nú er svo komið, að bankarnir leggja Seðlabankanum lífsreglurnar frekar en öfugt. Seðlabankinn ber ásamt ríkisstjórninni höfuðábyrgð á þeirri óvissu, sem nú ríkir um efnahagsframvinduna.

Seðlabankinn er í sjálfheldu. Hann þarf að halda vöxtum uppi, þar eð verðbólgan er enn sem jafnan fyrr langt yfir auglýstu verðbólgumarkmiði bankans, enda segir í lögum: „Meginmarkmið Seðlabanka Íslands er að stuðla að stöðugu verðlagi.” Seðlabankinn virðist eigi að síður líklegur til að láta von bráðar undan þrýstingi viðskiptabankanna og annarra og víkja frá meginmarkmiði sínu, og mun þá verða vísað til þessara orða í seðlabankalögunum: „Seðlabanki Íslands skal ... stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi.“ Engin spenna myndast milli þessara tveggja markmiða, þar eð stöðugt verðlag styrkir fjármálakerfið. Aukin verðbólga veikir fjármálakerfið enn frekar á Íslandi en annars staðar eins og sakir standa. Seðlabankinn er kominn í sjálfheldu fyrir eigin mistök og andvaraleysi. Ríkisstjórnin er samábyrg, þar eð stjórn ríkisfjármálanna hefur verið sama marki brennd og peningastjórnin og ýtt undir óvissu, verðbólgu og skuldasöfnun.

1500 milljónir

UMRÆÐAN
Varnarmál

FINNUR DELLSÉN

Í frumvarpi utanríkisráðherra til varnarmálalaga er gert ráð fyrir að fyrirhuguð Varnarmálastofnun kosti 1350 milljónir króna. Þegar við bætist kostnaðurinn af NATO-aðildinni eru það rúmar 1500 milljónir sem hin herlausa íslenska þjóð á nú að eyða í hernað. Og þá eru ekki meðtaldar allar milljónirnar sem við munum borga erlendum hersveitum fyrir að æfa sig hér á landi á okkar kostnað. Síðasta æfing kostaði 45 milljónir eða 150.000 á hvern hermann.

En 1500 milljónirnar eru einar og sér heill hellingur af peningum. Fyrir þessa upphæð mætti fjölga leikskólaplássum um minnst 1500. Eða reka þrjá meðalstóra framhaldsskóla eða einn háskóla. Í utanríkismálunum væri svo hægt að tvöfalda framlagið til Þróunarsamvinnustofnunar og komast þar með aðeins nær því sem við höfum skuldbundið okkur til að leggja af mörkum í þeim efnum. Fyrir 1500 milljónir væri líka hægt að reka heilan Ríkislögreglustjóra til viðbótar við þann sem nú er, með þeim sérsveitum og sprengjusérfræðingum sem þar starfa.

Í því sambandi má kannski minna á að þegar upp hafa komið sprengjuhótanir hér á landi, þá er alltaf hringt í lögregluna en ekki í hermálayfirvöld. Þeir allra vænisjúkustu, sem halda að Hitler og Stalín séu í þann mund að verða endurbornir, geta huggað sig við það að ef ófriðlega horfir í heiminum er varnarsamningurinn við Bandaríkin ennþá í gildi og bandarískt herinn skuldbundinn til að verja landið. 1500 milljónirnar eru nefnilega bara til þess að „verja“ okkur á friðartímum.

Allt er þetta gert áður en sérstök nefnd sem á að meta „varnarþörf“ Íslands hefur skilað niðurstöðum sínum. Að vísu þarf ekkert að efast um að nefnd sem skipuð er helstu hernaðarhaukum landsins komist að þeirri óvæntu niðurstöðu að auka þurfi útgjöld til hernaðarmála en samt er spurning hvort áhorfendur þessa leikrits eigi ekki í það minnsta skilið að heyra leikarana fara með línurnar sínar í réttri röð.

Höfundur situr í stjórn Ungra Vinstri-grænna.

Thinking of you

Electrolux

NÝ HÖNNUN FRÁ ELECTROLUX

TV4You sjónvarp kr. 143.599
1802567
Innbyggt LCD sjónvarp á armi, fjarstýring fylgir. Pláss fyrir DVD spilara bakvið.

Smáofn kr. 112.484
1808826
Sambland af venjulegum ofni og örbylgju. Grill, blástur, 12 sjálfvirk kerfi.

Espresso 4You kaffivél kr. 154.992
1808915
Sjálfvirk espresso kaffivél, 4 stillingar, gufustútur, 2 ltr vatnstankur.

Vatns- og klakavél kr. 224.473
1808917
Innbyggð vatns-, sódavatns- og klakavél. Stjórnborð með snertitökkum.

Frystiskápur kr. 171.839
1808865
Hálfinnbyggður frystiskápur. H: 1780 B: 560 D: 550 mm. Rafræn stýring með LCD skjá, orkuflokkur A+, 208 ltr.

Vínkælir kr. 232.853
1808869
Hálfinnbyggður vínkælir. H: 1780 B: 560 D: 550 mm. Rafræn stýring með LCD skjá, orkuflokkur A+, 325 ltr.

Kæliskápur kr. 174.525
1808868
Hálfinnbyggður kæliskápur. H: 1780 B: 560 D: 550 mm. Rafræn stýring með LCD skjá, orkuflokkur A+, 330 ltr.

Innréttingar | Húsgögn | Hreinlætistæki | Parket | Flísar | Ljós | Raftæki | Gjafavara | Heimilistæki | Búsáhöld | Hurðir | Hönnunarsetur

EGG ER MEÐ ALLT TIL AÐ
INNRÉTTA OG FEGRA HEIMILIÐ ÞITT

EGG
SMÁRATORGI

OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 / LAUGARDAGA 11-18 / SUNNUDAGA 12-17

FJÓRHJÓLADR
OG ÖRUGGUR

QASHQAI FÉKK HÆSTU EINKUNN Í ÁREKSTRARPRÓFI EURO-N
KOMDU Í KAFFI Í DAG OG REYNSLUAKTU FRÁBÆRUM JEPPLI

Þú færð nýjan bíl afhentan fyrir páska

Nissan Qashqai

Verð frá: **2.840.000 kr.**

Þessi nýi fjórhjóladrifni bíll frá Nissan hefur svo sannarlega slegið í gegn á síðasta ári. Hann er til í mörgum útfærslum, með og án sjálfskiptingar, bensín eða dísil.

GÓÐ ÞJÓNUSTA Í HÁDEGINU

Þeir sem vilja nota hádegið til að skoða bíl eða reynsluaka fá að bragði rammíslenska pylsu og svalandi kók. Þú skoðar þig um í þægilegu umhverÞ og þiggur aðstoð frá einhverjum af sölumönnum okkar. Taktu hádegishléið hjá okkur, fáðu þér eina með öllu og reynsluaktu nýjum bíl að eigin vali.

Ingvar Helgason í hádeginu – alla virka daga í mars.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

ENNEMM / SÍA / NM32568

RIFINN
R JEPPLINGUR

NCAP FRÁ UPPHAFI, EÐA 38 STIG AF 40 MÖGULEGUM.
NGI.

VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI YKKUR

INGVAR HELGASON

Stofnun Rannsóknarstofnunar um utanríkis- og öryggismál I

UMRÆÐAN
Utanríkis- og öryggismál

Hverri þjóð er nauðsynlegt að móta og fylgja vel skilgreindri stefnu í utanríkismálum sem hafi fyrst og fremst að markmiði að vernda hagsmuni og öryggi ríkis og þjóðar út á við sem inn á við og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi sem stuðlar að framgangi þess markmiðs, að teknu tilliti til viðurkenndra hagsmuna annarra ríkja og þess veruleika sem alþjóðasamfélagið býr við.

Til að hægt sé að framfylgja utanríkisstefnu þjóðríkis þarf hún að vera vel skilgreind. Skilgreina þarf m.a. grundvallarhugmyndafræði stefnunnar og grundvallarmarkmið og skapa pólitíska samstöðu um þau og hvernig ríkið hyggist ná þeim fram. Stefnan þarf að byggjast á yfirvegaðri greiningu á ytra umhverfi ríkisins, skilningi á grundvallaratriðum í utanríkisstefnu annarra ríkja, skilningi á þeim kröftum sem áhrif hafa á þróun þeirra og skilningi á þeim breytingum sem kunna að verða á sviði utanríkismála á hverjum tíma, bæði hnattrænt og svæðisbundið. Þá þarf utanríkisstefnan að vera trúverðug, þ.e. að ljóst sé að grundvallarforsendur hennar standist, að markmið hennar séu raunhæf og að pólitískur vilji og geta sé til staðar til að framfylgja henni til lengri tíma litið.

Ef vel á að takast til krefst mótun utanríkisstefnu í síbreytilegum heimi kerfisbundinna og sjálfstæðra vinnubragða, fræðilegra sem hagnýtra, og víðtækrar öflunar upplýsinga og gagna, sem og samstarfs, samráðs og skoðanaskipta við aðrar stofnanir, fræðimenn og áhrifaaðila á sama sviði nær sem fjær.

Breytingar í alþjóðamálum sem varða Ísland

Á undanförnum tveimur áratugum hafa orðið sögulegar breytingar í alþjóðamálum, þær mestu frá dögum seinni heimsstyrjaldarinnar. Þær sem mestu máli skipta fyrir Ísland eru m.a. breytingar í öryggismálum vegna brotthvarfs varnarliðsins, breytingar á norrænu samstarfi vegna aðildar þriggja Norðurlanda að Evrópusambandinu, hrun fyrrum Sovétríkjanna og þátttaka fyrrum kommúnistaríkja í Evrópusambandinu og Nató. Þá má nefna breytingar á alþjóðlegu viðskiptaumhverfi með alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs og frjálsara flæði fjármagns og vinnuafls, m.a. í kjölfar EES-samningsins og breytingar vegna aðildar Íslands að Schengen-svæðinu og þar með þá staðreynd að Evrópa er án landamæra að stórum hluta. Þá má nefna að í fyrsta sinn í sögunni virðist sem alþjóðleg glæpastarfsemi hafi teygt anga sína til Íslands.

Fyrirsjáanleg er þörf á umræðu um stöðu Íslands í Evrópu og mótun framtíðarstefnu um tengsl Íslands og Evrópusambandsins á næstu árum ekki síst vegna þróunar síðustu missera, sem og umræðu um mögulega breytingu á starfsemi Nató, m.a.vegna óvissu um framtíð bandalagsins og um skipan öryggismála í Evrópu almennt, sem gæti orðið á dagskrá fyrr en síðar.

Mín skoðun er sú, að öryggismál Íslands til lengri framtíðar séu í óvissu. Staða þeirra mála í dag er ekki til umræðu í þessari grein.

Við skynjum öll að nýrra og róttækari viðhorfa gætir í umhverfismálum sem verða æ alþjóðlegri í eðli sínu og því utanríkispólitísk í vaxandi mæli. Vísindamenn hafa einkum áhyggjur af stigvaxandi áhrifum gróðurhúsalofttegunda á umhverfi mannsins og á veðurskilyrði á jörðinni sem munu trúlega hafa mun alvarlegri áhrif á lífsskilyrði okkar en hingað til hefur verið haldið. Sú þróun kann að valda nýrri spennu í alþjóðamálum og leiða til átaka á heimsvísu ef ekki næst víðtækt alþjóðlegt samkomulag um aðgerðir gegn vandanum. Hluti af þeim breytingum er hröð bráðnun heimsskautasvæða jarðar sem kann að valda hækkun sjávarborðs en um leiða gjörbreyta siglingaleiðum, m.a á norðurslóðum, sem gæti haft veruleg áhrif á landfræðilega stöðu Íslands með tilliti til alþjóðlegra siglinga og hernaðarlegs mikilvægis landsins.

ÞORSTEINN ÓLAFSSON

Við þetta má bæta að á síðustu árum hafa íslensk fyrirtæki fjárfest í vaxandi mæli í fjarlægum heimshlutum og reka þar starfsstöðvar m.a. með íslenskum ríkisborgurum. Þar eru miklir hagsmunir í húfi fyrir íslenskt athafnalíf og þar með fyrir íslensk stjórnvöld.

Á seinni árum hefur Ísland hafið þátttöku í alþjóðlegu friðargæslustarfi og aukið verulega framlög til þróunarmála. Lítil umræða hefur farið fram um þann þátt, bæði hvað varðar forsendur, stöðu og framtíðarmarkmið og samhengi þeirrar þátttöku við markmið okkar í utanríkismálum almennt.

Aðrar breytingar í alþjóðamálum

Fyrir utan fall Sovétríkjanna og aðildar Austur-Evrópuríkja að Evrópusambandinu og Nató, sem fyrr hefur verið nefnt, hefur tilkoma Kína sem efnahagslegs stórveldis og vaxandi viðleitni Rússlands til að endurheimta fyrri áhrif í alþjóðamálum sem og tilhneiging Bandaríkjanna til einhliða ákvarðana í utanríkis- og öryggismálum án samráðs við rótgrónar bandalagsþjóðir, nema í orði kveðnu, haft víðtæk áhrif á stöðu heimsmála.

„Orkídeur eru vinsælar til skreytinga nú og notadrjúgar því af einu blómi má klippa niður blóm og lauf í mismunandi skreytingar. Þannig má setja hluta blómanna í vasa á veisluborðið og annan hluta í litla blómakubba á gestabókarborðið, eða ofan í kertaluktir til skrauts með fermingarkertinu," segir María, sem í fórum sínum á glitrandi og litríkar glimmerkúlur sem unglingarnir heillast mjög af.

„Það má segja að strákarnir vilji síst bleikan lit í sínar skreytingar, en annars séu þeir opnir fyrir breiðu litavali og þar á meðal rauðu. Stelpurnar eru meira fyrir þema og vita upp á hár hvað þær vilja, um leið og þær eru opnar fyrir öllum litum og nýjungum," segir María samtímis því að hún setur kristilegt kerti ofan í fallega kertalukt.

„Við lánum blómavasa, kertaluktir og annað undirlag í fallegu úrvali, þannig að blóm, kerti og skrautkúlur eru það eina sem keypt er. Það nýtur aukinna vinsælda því oft liggur mikill peningur í slíkum munum sem svo detta úr tísku og fólk situr uppi með í stórum stíl. Kostnaður við gerð fermingarskreytinga er því miklu lægri en áður var, og þótt tíska í skreytingum sé nú fremur látlaus, er hún samt mjög ákveðin yfirlýsing með glamúr og fegurð."

- þlg

Dásamleg kertaskreyting fyrir fermingardrenginn í fallegri lukt með hvítri rós og hvítum perlum, ásamt silfruðum og bláum glimmerkúlum.

Grænar orkídeur falla að smekk beggja kynja og fallegt að sjá litlar blómakúlur fljóta um í stóra vasanum.

Bleikar orkídeur með perluskrauti í litlum vasa á gestabókarborðið.

Hluti smáatriða í skvísulegri kertaskreytingu fyrir fermingarstúlkuna með bleikum og silfruðum glimmerkúlum og bleikum orkídeum.

Bleikar orkídeur í glærum vasa sem einnig nýtast í lítinn blómakubb og fallegt fermingarkerti í glitrandi steinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sálmabækur fást í hvítu og svörtu. Hægt er að fá áletrun á bækurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Byggir á gamalli hefð

Fermingarundirbúningurinn er sjálfsagt langt á veg kominn á heimilum þeirra landsmanna sem láta ferma og þeir allra skipulögðustu búnir að kaupa föt og panta tíma í klippingu og greiðslu fyrir fermingarbarnið. Salurinn, skreytingarnar og veitingarnar frágengnar og einhverjir með fallega sálmabók í sigtinu.

Sálmabækur þurfa flest fermingarbörn að eiga, að minnsta kosti þau sem staðfesta trú sína í kirkju.

Sálmabækurnar fást bæði í svörtu og hvítu, annað hvort með eða án áletrunar. Þær má nálgast á ýmsum stöðum, þar á meðal í Kirkjuhúsinu, Blómavali og í Garðheimum, þar sem stykkið kostar frá 1.740 krónum og upp úr. Borga þarf aukalega fyrir áletrun í sálmabækurnar, en löng hefð er fyrir því að annað hvort nafn fermingarbarnsins eða valin orð úr bæn eða sálmi séu letruð á þær.

- mmr

PÓSTURINN
allur pakkinn

HALLA FÉKK 43 SKEYTI, FLEST AF ÖLLUM Í BEKKNUM.

Heillaskeyti á fermingardaginn er persónuleg leið til að tjá vináttu og væntumþykju.
Sendu skeyti - farðu inn á **www.postur.is** eða hringdu í síma **1446**.

EINFALT OG SKEMMTILEGT!

NÝJUNG - GJAFASKEYTI
Nú getur þú sent gjafakort frá Kringlunni með heillaskeytinu.
Þú hringir í síma 1446 og tilgreinir gjafaupphæð.

ÍSLENSKA/SÍA/ISP 41458 02/08

Litrík og rokkuð fermingarföt

Fermingarfötin í ár eru litsterk og flott. Starfsfólki verslana ber saman um að fermingartískan í ár verði rokkuð, litrík og glæsileg. Strákarnir eru óhræddir við að velja sér skærbleik bindi við jakkafötin og stelpurnar sækja í dömulega kjóla með víðum pilsum og svo fallegar ermar eða gollur við.

Töffaraleg fermingarföt frá Deres í Kringlunni. Skyrta 4.990 krónur. Jakki 12.990 krónur. Buxur 14.990 krónur.

Rokkaður, bleikur kjóll og pallíettujakki við úr Sautján. Kjóll 7.900 krónur. Jakki 4.990 krónur.

Gráteinótt jakkaföt frá Jack & Jones í Kringlunni. Jakki 17.900 krónur. Buxur 8.990 krónur. Skyrta 4.990 krónur. Bláröndótt bindi 2.990 krónur.

Víður og glæsilegur brúnn tjullkjóll og golla frá Accessorize í Kringlunni. Kjóll 12.999 krónur. Golla á 4.950 krónur.

Munstraður kjóll og svört peysa frá Warehouse í Kringlunni. Kjóll 14.990 krónur. Svört peysa 5.990 krónur.

Rétta sveiflan

Í Tösku- og hanskabúðinni má finna mikið úrval af handtöskum, tölvu- og skjalatöskum, seðla-og leðurveskjum, ferðatöskum, leðurhönskum og vönduðum göngustöfum svo fátt eitt sé nefnt. Þú getur litið við í verslun okkar eða einfaldlega farið á slóðina www.th.is þar sem hægt er á aðgengilegan og myndrænan hátt að skoða úrvalið og gera góð kaup.

Tösku og hanskabúðin

Tösku og hanskabúðin · Skólavörðustíg 7 · 101 Reykjavík · Sími 551 5814 · www.th.is

Flottir fermingarskór

Á fermingardaginn þarf að vera vel skóaður og mikið úrval er í verslunum af fallegum skóm á stúlkur og drengi fyrir stóra daginn.

Pæjulegir háir skór frá GS skóm í Kringlunni á 10.990 krónur.

Litríkir og sætir fermingarskór á 7.990 krónur í GS Kringlunni.

Töffaralegir svartir Converse-skór úr Focus í Kringlunni á 7.990 krónur.

Sígildir og stællegir herraskór á 10.500 krónur frá Bianco Kringlunni.

FERMINGARTILBOÐ

Frábær fermingartilboð sjá www.svefn.is

Sá nýjasti og besti frá Leggett

Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.

Stærstu kírópraktorasamtök heims mæla með

Chiropractic®

Amerísku heilsudýnurnar

IQ-CARE

HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi

Gerið samanburð og finnið muninn.

VELJUM GÓÐAR HEILSUDÝNUR FYRIR VAXANDI FÓLK!

AKUREYRI

Svefn & heilsa

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

Sumir fæðast og fermast sem séntilmenni

Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar býður þeim sem ekki fara hefðbundnar leiðir upp á öðruvísi klæðnað.

Að sögn Kormáks Geirharðssonar, annars eiganda Herrafataverslunar Kormáks og Skjaldar, hefur eftirspurn eftir hvítum jakkafötum verið mikil þetta árið og einnig er síaukin eftirspurn eftir hinum klassísku fötum úr tvídefni.

„Sumir fæðast einfaldlega sem séntilmenni og vilja því fermast sem slíkir. Þessir strákar með herramannsgenin finna sig ekki í þeim fatnaði sem markaðssettur er sem fermingarfatnaður fyrir stráka. Einnig er James Bond-útlitið vinsælt og þar eru hvítu jakkafötin númer eitt," segir Kormákur, ánægður með að finna hve margir ungir drengir þora að fara sínar eigin leiðir í fatavali.

„Við reynum að koma til móts við þessa flottu drengi með því að panta inn minni stærðir og erum smám saman að auka úrvalið fyrir unga viðskiptavini. Stelpurnar geta að sjálfsögðu fundið eina og eina flík við sitt hæfi en aðaláherslan er lögð á herrafatnað," segir herramaðurinn Kormákur, sem sjálfur velur tvídfatnað flesta daga.

- vaj

Aðaláherslan er á herrafatnað í versluninni.

Mikil eftirspurn hefur verið eftir hvítum jakkafötum í James Bond-stíl í búðinni og einnig fötum úr tvídefni.

Kormákur Geirharðsson tekur vel á móti fermingarbörnum í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar.

Ungir séntilmenn ættu að finna eitthvað við sitt hæfi í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sony Center

Magnaðar myndavélar

Sony Cyber-Shot T2

- 4GB innbyggt minni fyrir allt að 40.000 myndir.
- 8,1 megapixlar og 2,7" snertiskjár.
- Smile Shutter – smellir ekki af fyrr en allir brosa.
- BIONZ örgjörvi – frábær myndgæði og lágur viðbragðstími.
- Full HD tengi við sjónvarp og HD slideshow með tónlist.
- Dual Anti-Blur og Super SteadyShot stillingar til að taka myndir í lítilli birtu.
- Auðvelt að hlaða myndum inn á bloggsíður eða aðrar vefsíður án hugbúnaðar.

Verð: 39.900,-

SONY

Sony Center
Kringlunni
103 Reykjavík
Sími: 512-3300
www.sonycenter.is

MAX RAFTÆKI

Velkomin í Holtagarða og Kauptún

8GB MP3

Ótrúlega flottur hljóð- og mynd spilari með Íslensku viðmóti

SanDisk VIEW8GB
8GB Sansa View MP3 spilari • 2.4" LCD litaskjár (320x240) • Spilar MP3, WMA, AAC, WAV og Audible • FM útvarp • Sýnir ljósmyndir og kvikmyndir • Með hleðslurafhlöðu • Allt að 35 tímar í tónlist og 7 í kvikmyndir • microSDHC kortalesari • Innbyggður diktafónn ofl.

19.989 kr.
Fullt verð 24.999

Sparaðu 5.010

Philips heimabíósett

Panasonic SCPT150
330w heimabíókerfi • fjölkerfa DVD spilari • 12bit/108MHz Video DAC • Progressive scan • 5 hátalarar og bassabox • SDolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II • FM útvarp með stöðvam. • Hljóðtengi (RCA) • USB • SCART • Fjarstýring

24.989 kr.
Fullt verð 29.999

Sparaðu 5.010

Ef þú ættir að velja fermingargjöf ...

Dúndur TILBOÐ

7.2 milljón punkta

Casio EXZ75
Stafræn myndavél • 7.2 milljón punkta upplausn • BESTSHOT sem einfaldar myndatöku við öll skilyrði • Antishake DSP hristivörn

14.989 kr.
Fullt verð 19.999

Sparaðu 5.010

59.989 kr.
Fullt verð 69.999

26 tommur

Sparaðu 10.010

United LTV26W42
26" LCD breiðtjald • 1366x768 punkta upplausn •Progressive Scan • HD Ready • 30w Nicam Stereó hljóð • 3 Scart • HDMI • Component • SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • textavarp ofl.

Dæmið er einfalt - Hlutirnir eru ódýrari í Max - og úrvalið ótæmandi!

Opnunartími

Mánudaga	kl. 11-19	Fimmtudaga	kl. 11-22
Þriðjudaga	kl. 11-19	Föstudaga	kl. 11-19
Miðvikudaga	kl. 11-19	Laugardaga	kl. 11-18
		Sunnudaga	kl. 12-18

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

SanDisk

RAUN STÆRÐ

HæðxBreiddxxDýpt
5.5x3.4x1.6sm

Sandisk Clip1GB
Agnarsmár MP3 SPILARI með 1GB innb. minni, diktafóni, USB 2, hleðslurafhlöðu ofl. Mikill hljómur og bjartur skjár. Hreinasta snilld.

VERÐ 6.990
FRÁBÆRT VERÐ

Sandisk Clip2GB KR. 10.990

MP3 OG DIKTAFÓNN

Sandisk M250
2GB MP3 SPILARI með innbyggðum diktafón, baklýstum skjá og USB 2.0. Spilar MP3, WMA.

TILBOÐ 7.990
FULLT VERÐ kr. 10.990

ÍSLENSKT VIÐMÓT

SanDisk VIEW8GB
8GB MP3 SPILARI með 2.4" LCD litaskjá, FM útv., innb.diktafóni og microSDHC kortalesara. Sýnir ljós- og kvikmyndir, högg- og rispuþolinn, hleðslurafhlöður, 35 klst. í tónlist - 7 í kvikm. Spilar MP3, WMA, AAC, WAV og Audible. Íslenskt viðmót.

TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 21.990

SanDisk VIEW16GB KR. 24.990

JBL

JBL ONTIMEBK
ÚTVARPSVEKJARI með 1 Ridge og 2 Phoenix Neodymium hátölurum, 2x6w innb. magnara, Halo acoustics, útvarpi með stöðvarm., LCD skjá með baklýsingu, iPod vöggu, Aux inng. og Subwoofer útg. Fyrir iPod, MP3, CD ofl. Ath. iPod fylgir ekki.

VERÐ 26.990
FRÁBÆRT VERÐ

JVC RCEZ31
FERÐATÆKI með geislaspilara, útvarpi með stöðvaminnum, segulbandi ofl.

JVC

VERÐ 7.990
FRÁBÆRT VERÐ

harman/kardon

harman/kardon GoPlay
HÁTALARAR með innbyggðum magnara fyrir iPod, MP3, CD spilara ofl. Tveir hátóna- og tveir bassa-hátalarar, 4x30w magnari, snertitakkar til að hækka og lækka, Fjarstýring, vagga fyrir iPod, 3.5mm jack tengi.

TILBOÐ 32.990
FULLT VERÐ kr. 44.990

JBL

JBL RadialBlk
HÁTALARAR með innb. 2x15w og 1x30w magnara, 4 Odyssey hátölurum og 1 Neodynium fyrir djúptóna, snertitökkum, vöggu fyrir iPod, 3.5mm jack tengi ofl. Fyrir iPod, MP3, CD ofl. Ath. iPod fylgir ekki.

VERÐ 34.990
FRÁBÆRT VERÐ

Dantax LCD DVD

Dantax 19LCDDVDP3
19" SJÓNVARP með 1440x900 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, innb. fjölkerfa DVD spilara, 500:1 skerpu, Nicam stereó hljóð, kortalesari SD/MS/MMC, USB, Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.

VERÐ 49.990
FRÁBÆRT VERÐ

Panasonic

Panasonic SCPM4
20w MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara og stafrænu FM/AM RDS útvarpi með 35 stöðvaminnum, tónjafnara, klukku með vekjara og svefnrofa, Music Port, heyrnartólstengi, Bass Reflex hatölurum ofl.Spilar CD, CD-R/RW og MP3/WMA

VERÐ 14.990
FRÁBÆRT VERÐ

JVC

JVC UXS11
10w RMS 1 með MP3 geislaspilara, Bass Boost, RDS útvarpi með stöðvaminnum, Auto Reverse segulbandi, Aux inngangi að framan, kukku, heyrnartólstengi og fjarstýringu. Spilar CD-R/RW.

VERÐ 14.990
FRÁBÆRT VERÐ

DIVX VIDEO

JVC

JVC UXG70
MÍKRÓSAMSTÆÐA með 5 diska DVD spilara, 160w magnara, Progressive Scan, Dolby Digital og DTS, RDS útvarpi með stöðvaminnum, Sound Turbo II með kvikmynda- eða tónlistar-stillingu, Aux inn.að framan, USB, Scart og Component tengi, Digital Optical og Subwoofer út., heyrnartólstengi ofl.

VERÐ 44.990
FRÁBÆRT VERÐ

UNITED

United LTV26W42
26" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 30w Nicam Stereó hljóðkerfi, 3 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ 59.990
FULLT VERÐ kr. 69.990

ÖFLUG VÉL MEÐ CORE 2 DUO OG BLUETOOTH

Innbyggð vefmyndavél

Asus F3SE-AS069C
FARTÖLVA 15.4" TFT WXGA breiðskjá með innb. vefmyndavél, Intel Core 2 Duo T5450 1.66GHz örgjörvi, ATI MOBILITY RADEON X2500 896MB skjákorti, 2048MB DDRII 667MHz vinnsluminni, 160GB 5400rpm SATA hörðum disk, Windows Vista Home Premium stýrikerfi, Sound Blaster Pro hljóðkorti og fl.

TILBOÐ 99.990
FULLT VERÐ kr. 149.990

ÖFLUG VÉL MEÐ CORE 2 DUO OG BLUETOOTH

Innbyggð vefmyndavél

Asus A8SC4S019C
FARTÖLVA með 14" TFT WXGA breiðskjá, innb. vefmyndavél, Intel Core 2 Duo T7100 1.8GHz örgjörva, NVidia GeForce 8400 skjákorti (384MB), 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni, 160GB 5400rpm SATA hörðum disk, Intel High Definition samhæfðu hljóðkorti, DVD Dual Layer brennari, 5 USB 2.0, FireWire, Express, DVI og VGA út tengi, Line in, Mic og heyrnartólstengi, Infrared, Bluetooth ofl.

TILBOÐ 99.990
FULLT VERÐ kr. 149.990

ASUS

ÖFLUG VÉL MEÐ CORE 2 DUO OG BLUETOOTH

TASKA OG MÚS FYLGIR ÖLLUM FARTÖLVUM

Innbyggð vefmyndavél

Asus G1S-AK005G
FARTÖLVA með 15.4" TFT WSXGA+ breiðskjá, innb. vefmyndavél, Intel Core 2 Duo T7500 2.20GHz örgjörva, nVidia GeForce Go 8600M 256MB GDDR3 skjákorti, 2GB DDRII, 667MHz vinnsluminni (mest 4GB), 160GB SATA 5400rpm hörðum disk, Intel High Definition samhæðu hljóðkorti, DVD Dual Layer brennara,4 USB 2.0, HDMI, VGA, Express, FireWire og e-SATA tengi,Line in, Mic og heyrnartólstengi, Bluetooth, Windows Vista Ultimate stýrikerfi ofl.

TILBOÐ 149.990
FULLT VERÐ kr. 199.990

FLOTTARI FERMINGARGJAFIR

FÆST Í ÞREMUR LITUM

OLYMPUS

7.1 MILLJÓN PUNKTA

HRISTIVÖRN VATNSVÖRN

Olympus MJU770
Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljónir punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 5x Digital Zoom, Linsa: 6.7 - 20.1mm (35mm samb.: 38 - 114mm), 2,5" LCD Skjár (230.000 pixlar), Frábær við öll birtuskilyrði, hreyfimyndataka með hljóði, USB tengingu, 18MB innbyggðu minni og tekur xD kort. Er vatnsheld að 10m dýpi, höggheld upp í 1.5m hæð, þolir þrýsting að 100kg, þolir allt að -10°C frost.

TILBOÐ 34.990
FULLT VERÐ kr. 38.990

HÖGGHELD VATNSHELD ÞOLIR ALLT AÐ 10M DÝPI

FJÖLDI LITA

OLYMPUS 7.1 MILLJÓN PUNKTA

Olympus FE270SIL
Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljóna punkta upplausn, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, 2,5" LCD skjá, hreyfimyndatöku, USB 2.0 og 6.9MB innra minni. Tekur xD kort.

VERÐ 15.990
FRÁBÆRT VERÐ

LEICA DC LENS

OLYMPUS 7.1 MILLJÓN PUNKTA

Panasonic DMCLS70
Digital MYNDAVÉL með 7,0 mp upplausn, Venus Engine II, LUMIX DC Vario linsu, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.0" LCD skjá, hreyfimyndatöku. Tekur SD/SDHC kort.

TILBOÐ 17.990
FULLT VERÐ kr. 22.990

3 LITIR BLÁ, SVÖRT OG SILFUR

OLYMPUS 8.0 MILLJÓN PUNKTA

Olympus MJU820
Digital MYNDAVÉL með 8 mp upplausn, 3x Optical og 5x Digital Zoom, 7.4 - 22.2mm linsu, 2,7" LCD skjá, Dual Image Stabilization hristivörn, hreyfimyndatöku, tímarofa, USB og 28,4MB innra minni ofl. Tekur xD kort.

TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 24.990

OLYMPUS 7.1 MILLJÓN PUNKTA

Olympus MJU790SWBL
Digital MYNDAVÉL með 7.1 mp upplausn, vatnsheld að 3m dýpi, höggheld úr 1.5m hæð, 3x Optical og 5x Digital Zoom, 6.7 - 20.1mm linsa, 2,5" LCD skjár, hreyfim.t. með hljóði, USB og 14.7MB innra minni. Tekur xD kort.

VERÐ 29.990
FRÁBÆRT VERÐ

OLYMPUS 10 MILLJÓN PUNKTA

Olympus E410KIT
Digital SLR MYNDAVÉL með 10 milljón punkta upplausn,, Live View, Supersonic Wave Filter sem eyðir ryki, 14 - 42mm (35mm samb.: 28 - 84mm) linsa fylgir, 2,5" LCD skjár, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure ofl, tímarofa, USB 2.0. Tekur CompactFlash og xD kort. Skipta má um Digital linsur. 2 linsur fylgja: Linsa 1: 14 - 42mm (35mm samb.: 28 - 84mm), Linsa 2: 40 - 150mm (35mm samb.: 80 - 300mm)

TILBOÐ 69.990
FULLT VERÐ kr. 79.990

2 LINSUR FYLGJA:
LINSA 1: 14 - 42MM (35MM SAMB.: 28 - 84MM)
LINSA 2: 40 - 150MM (35MM SAMB.: 80 - 300MM)

EISA AWARD Best Product 2007-2008 CONSUMER CAMERA Olympus E-510

OLYMPUS 10 MILLJÓN PUNKTA

Olympus E510KIT
Digital SLR MYNDAVÉL með 10 milljón punkta upplausn, innbyggð hristivörn, Live View, Supersonic Wave Filter sem eyðir ryki, 14 - 42mm (35mm samb.: 28 - 84mm) linsa fylgir, 2,5" LCD skjár, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure ofl, tímarofa, USB 2.0. Tekur CompactFlash og xD kort. Skipta má um Digital linsur. 2 linsur fylgja: Linsa 1: 14 - 42mm (35mm samb.: 28 - 84mm), Linsa 2: 40 - 150mm (35mm samb.: 80 - 300mm)

TILBOÐ 79.990
FULLT VERÐ kr. 89.990

JVC GRD740
Digital DV TÖKUVÉL með 2,7" LCD skjá með 1/6 CCD upptökuflögu með 800.000 dílum, 520 lína upplausn, 800x Digital Zoom, 34x Optical Zoom, DV útgangi, Snapshot möguleika og Digital ColorNightScope (myndar í myrkri).

INNBYGGÐ KYRRMYNDAVÉL

TILBOÐ 24.990
FULLT VERÐ kr. 39.990

JVC 20GB

JVC GZMG47
Digital Media TÖKUVÉL með 20GB hörðum diski (25 tíma uppt.) og kyrrmyndavél, 1/5" upptökuflögu með 1.33 MegaPixel upplausn, 2,7" LCD skjá, F1.2 linsu, 15x Optical og 700x Digital Zoom, Dolby Digital hljóðupptöku og USB 2.0. Tekur SecureDigital kort.
Everio Share Station fylgir!

TILBOÐ 54.990
FULLT VERÐ kr. 74.990

JBL OG HARMAN KARDON GRÆJUR Í MIKLU ÚRVALI

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspitalinn, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.



Fylgihlutir fyrir fermingarbörnin

Á fermingardaginn er að ýmsu að huga; hárgreiðslu og skarti hjá stelpunum og fallegu hálstaui hjá strákunum. Litagleðin er við völd þetta árið og óhætt að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn.

Fallegt og dömulegt veski fyrir fermingarstúlkuna til að geyma sálmabókina í. Fæst í Warehouse í Kringlunni á 2.990 krónur.

Litrík og skemmtilega mynstruð bindi eru vinsæl hjá fermingardrengjum í ár. Bleikt bindi og annað hauskúpumynstrað frá Sautján í Kringlunni, 2.990 krónur hvort.

Lítið og fallegt glimmerveski fyrir smáhluti fermingarstúlkunnar passar vel við silfrað armband. Bæði úr Bianco, Kringlunni. Veskið á 1.400 krónur og armbandið á 1.000 krónur.

Rósir eru fallegar í fermingargreiðsluna. Rauðar og lillableikar rósir á spennu fást í Accessorize í Kringlunni, sú rauða kostar 599 krónur en sú lillableika 799 krónur.

Litlir skartgripir í hárið eru fallegir á fermingardaginn. Kambur með glitsteinum 1.099 krónur og litlir steinar á vír til að þræða í fermingargreiðsluna átta saman á spjaldi á 699 krónur í Accessorize í Kringlunni.

ENIGA MENIGA

PABBAR og MÖMMUR

AFAR og ÖMMUR

FRÆNDUR og FRÆNKUR

SYSTUR og BRÆÐUR

VINIR og VANDAMENN

– við erum að tala um fermingarpeninga!

Þú leggur 5.000 kr. eða meira inn á Framtíðarsjóð fermingarbarnsins.
Við hjá Byr leggjum 2.000 kr. á móti.
Þetta köllum við góða vaxtarækt: **allt að 40% ávöxtun á aðeins einum degi.**

Framtíðarsjóður Byrs er verðtryggður sparnaðarreikningur bundinn til 18 ára aldurs og ber hæstu vexti almennra innlánsreikninga.

Mundu eftir flottu gjafaöskjunum sem fylgja Framtíðarsjóðnum. Kósí!

DYNAMO REYKJAVÍK

Fjárhagsleg heilsa

Ræktaðu fermingarpeningana með Byr. Öll fermingarbörn sem leggja 50.000 kr. eða meira inn á Framtíðarsjóð Byrs fá 5.000 kr. mótframlag beint frá Byr. Vertu við fjárhagslega góða heilsu. Leggðu fermingarpeningana inn hjá Byr.

Vertu með Byr í vaxtaræktinni – framtíðarinnar vegna.

BYR
SPARISJÓÐUR

Sími 575 4000 • byr.is

Fermingin forsmekkur að framtíðinni

Bræðurnir Þórólfur og Árni Páll Árnasynir minnast fermingardagsins með gleði en það var faðir þeirra séra Árni Pálson sem fermdi þá báða.

Bræðurnir Árni Páll og Þórólfur Árnasynir eiga ljúfar minningar frá fermingardeginum. Þórólfur segir fermdinguna hafa haft mótandi áhrif á allt sitt líf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þórólfur er á leið í kirkjuna á Rauðamel, annar í röðinni.

Bræðurnir Þórólfur og Árni Páll Árnasynir eiga ljúfar minningar frá fermingunni. Faðir þeirra, séra Árni Pálsson fermdi, þá báða og sá einnig um fermingarfræðslu þeirra. Þórólfur fermdist árið 1971, einn af þremur þann daginn, í sveitasókn en Árni Páll fermdist í Kópavogssókn og var því hluti af aðeins stærri hópi.

Þórólfur segir að það að vera prestssonur sé samofið öllu hans lífi. Einnig kenndu foreldrar bræðranna báðir við skólann sem hann var í og hitti hann þau því reglulega þótt hann væri sjálfur í heimavist. Báðir voru þeir bræður árgangi á undan sínum jafnöldrum í skóla.

Þórólfur sótti fermingarfræðslu í Laugargerðisskóla, með sínum skólasystkinum sem komu af öllu Snæfellsnesi, og sá faðir hans um fræðsluna. Hann fermdist ári seinna í Rauðamelskirkju á Snæfellsnesi, vorið 1971. Þeir voru þrír strákar sem fermdust sama dag og þætti það eflaust frekar óvanalegt í dag.

Árni Páll ásamt ömmu sinni, Önnu Árnadóttur, og afa, Páli Geir Þorbergssyni,

„Fermingardagurinn var vitanlega eftirminnilegur, það að vera nánast „í aðalhlutverki“ í litlu samfélagi var sérstakt. Veislan var fámenn, kaffi og kökur heima eftir messuna en systkinabörn og þeirra foreldrar höfðu komið vestur. Þetta var um hvítasunnuna,“ rifjar Þórólfur upp án þess að nefna annars konar „aðalhlutverk“ sem honum kunna að hafa hlotnast á öðrum vettvangi.

Þótt styttra sé frá fermingu Árna Páls man hann lítið eftir sinni fermingu. Hann rifjar þó upp að hafa farið venjulega leið með sínum skólafélögum og talar um að hafa verið orðinn svo vanur því að vera prestssonurinn að það skipti engu máli þegar kom að fermingarfræðslu og fermingu.

„Skólasystkinin voru hætt að spá í það. Ég fermdist með mínum skólaárgangi árið 1979 og var þá 13 ára. Pabbi var þá prestur í Kópavogssókn og þar var fínt að vera. Mér þótti það ekkert tiltökumál og man ekki til þess að hafa hugsað sérstaklega út í að mínar aðstæður væru aðrar en hinna sem fermdust með mér,“ segir Árni Páll, sem fannst fermingin ljúf og fín endurminning.

Fermingargjöf foreldranna man hann þó vel þar sem hann fékk ferð til London og fór þangað með mömmu sinni stuttu síðar.

Þórólfur man einnig vel eftir sínum gjöfum. „Fermingarpeningarnir voru nú ekki stór fjárhæð. Þeir voru lagðir inn í bankann og síðan notaðir í eitthvað smálegt. Aðal fermingargjöfin frá foreldrunum var svefnpoki, hann er enn til og nú nýttur sem undirlag í sólbaði í sumarbústaðnum,“ viðurkennir Þórólfur, ánægður með nýtnina.

Þórólfur bætir við að kristin siðfræði og það sem hafi verið kennt í kristinfræði og fermingarfræðslunni hafi örugglega haft áhrif og mótað lífsviðhorf hans. „Ég held að það sé erfitt að vera ósammála þeim boðskap að hver maður eigi að reyna að koma fram við náunga sinn eins og hann vill að komið sé fram við hann sjálfan,“ segir hann að lokum.

- vaj

Höfum trú á framtíðinni
Það þarf ekki kraftaverk
Við breytum 5.000 kr. í 7.000 kr.
Fátt er mikilvægara en að tryggja æsku landsins örugga og bjarta framtíð. Ef þú gefur fermingarbarni 5.000 kr. gjafabréf í Framtíðarsjóð bætir Sparisjóðurinn 2.000 kr. við gjöfina. Við höfum trú á framtíðinni.
Líttu við á spar.is og kynntu þér kosti Framtíðarsjóðsins
Há raunávöxtun
Verðtryggður reikningur
Hægt að semja um reglubundinn sparnað
Hægt að leggja inn hvenær sem er
SPARISJÓÐURINN
spar.is
Fíton/SÍA

Hér er bleikum, hvítum og dimmrauðum blóm fléttað saman á listilegan hátt utan um kerti fermingarstúlkunnar.

Blá og hvít blóm ásamt fallegum laukum, mynda yndislegan náttúrukrans utan um fermingarkertið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Æskufjör unglinganna speglast í vorblómunum

Unglingar eru eins og ferskir ávextir; ilmandi, yndislegir og litríkir. Þann blómatíma lífsins ættu fermingarskreytingar að endurspegla, að mati Bertu Heiðarsdóttur blómaskreytis í Blómagalleríi á Hagamel, en þaðan koma þessar stásslegu kertaskreytingar fyrir fermingardaginn.

„Þetta eru hefðbundnar skreytingar þar sem við sameinum kerti og blóm, í stað þess að setja blóm í vasa og hafa kerti stakt í stjaka. Þetta er bara ein hugmynd, en við í Blómagalleríi erum á því að nota eingöngu blóm, kerti og servíéttur á fermingardaginn," segir Berta og bætir við að slíkt sé fallegast, einfaldast og yfrið nógu tilkomumikið á þessum stóra degi í lífi unglingsins.

„Þetta er hátíðisdagur í lífi barns og um að gera að hafa allt sem ferskast. Eftir harðan vetur er dásamlegt að bera á borð blómaskreytingar með vorblómunum sem nú eru að lifna og koma í blómabúðir og hér notum við litrík blóm sem einkenna þennan árstíma," segir Berta, sem í fyrra fermdi dreng og fermir stúlku í ár.

„Í fyrra mátti ég ráða öllu en nú

Glæsileg kerta- og blómaskreyting frá Blómagalleríi fyrir fermingarstrákinn, en í hana er notað himinhátt kerti og fersk blóm eingöngu, úr vorbúri náttúrunnar.

Sakleysislega fögur skreyting, eins og fermingarstúlkan er sjálf. Hátt kerti skreytt með perlum sem mynda kross. Fersk vorblóm í kvenlegum litum.

engu," segir hún og skellir upp úr yfir mismun kynjanna. „Stelpur hafa mjög ákveðnar skoðanir á útliti skreytinga sinna en þær eru líka svo þroskaðar. Ég ráðlegg fólki að hafa ferminguna einfalda í sniðum þegar kemur að blómum og kertum, því á tímabili var farið gera svo mikið úr fermingunni og skreytingar orðnar yfirþyrmandi þegar fólk var farið að setja steina og annað á veisluborðið. Slíkt nýtur ekki vinsælda í dag og staðreynd að of íburðarmiklar blómaskreytingar týnast á kökuborði þar sem hátíðlegar tertur og mikið skreytt veisluföng draga frá þeim athygli. Ein svona kertaskreyting á veisluborðið og stöku blóm í vasa meðal gestanna er fallegast. Það er unga fólkið sem á þennan dag og um að gera að leyfa ferskleika þess að njóta sín." *- þlg*

Fermingargjafir

Snyrtitaska kr. 4.900

Seðlaveski með nafngyllingu er nytsöm gjöf. Verð frá 3.900

"Bjútýbox" kr. 12.300

Ferðatöskur, fislétt fermingargjöf kr. 24.900, kr. 17.900, kr. 9.900

Skartgripaskrín er lífstíðareign. Margar stærðir. Verð frá 6.900

Drangey

Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is

The greatest freedom is to believe in yourself.

BRITNEY SPEARS™ believe

My new fragrance.

britneyspearsbelieve.com

©2007 EA Fragrances Co., *Britney Spears*™ is a trademark licensed to Elizabeth Arden, Inc. by Britney Brands, Inc.

María milli Múhameðs og Krists

Fjölskylda Maríu Tamimi aðhyllist ólík trúarbrögð. Hún fermdist ekki sjálf en styður dóttur sína í þeirri ákvörðun að fermast í vor.

María Tamimi með dóttir sína Heru Hallsdóttir sem fermist nú í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það er óhætt að segja að María Tamimi sé umvafin trú. Eiginmaður hennar, Hallur Ingólfsson, er prestssonur. Faðir hennar, Salmann Tamimi, er formaður Félags múslima. Móðurbróðir hennar, Gunnar Þorsteinsson, er forstöðumaður hins kristna safnaðar Krossins. Móðir hennar, Þórstína Björg Þorsteinsdóttir, er skráð í þjóðkirkjuna og María er skírð og er þar með einnig skráð í þjóðkirkjuna en hún hefur aldrei staðfest þá skráningu.

„Kristinfræðsla í skólanum samræmdist ekki mínum skoðunum, það fór ekki vel í mig þegar talað var um Jesú sem eina son Guðs. Þá fannst mér eins og það væri kominn milliliður milli mín og Guðs. Ég held að ég sé í milliliðalausu sambandi við Guð. Guð er nefnilega í okkur öllum. Þegar kom að fermingu kom það einhvern veginn ekki til greina að fermast. Vinir mínir og skólafélagar fermdust held ég allir en það var ekki mín leið. Ef borgaraleg ferming hefði verið í boði þegar ég var fjórtán ára hefði ég kannski valið þá leið en hún var ekki í boði. Það var aldrei talað um fermingu á heimilinu og ég hugsaði í raun lítið út í það," segir María, sem stendur nú á öðrum tímamótum í sínu lífi.

Frumburðurinn, Hera Hallsdóttir, ætlar að staðfesta sína trú. Hún hefur valið að fermast og mun fara með sín ritningarorð í Langholtskirkju. Eftir athöfnina í kirkjunni verður fjölskyldu og vinum boðið upp á heimalagaðar veitingar í sal hjá ömmu og afa. Fermingarbarnið valdi að hafa veisluna í japönskum stíl og hennar orð og vilji fá að ráða þennan dag.

„Við ræðum ekki mikið um trú og túarbrögð á heimilinu. Engu að síður vita krakkarnir okkar ýmislegt um íslam og Kóraninn til jafns við Biblíuna og sitthvað um önnur trúarbrögð. Þau eru öll skírð en þegar kemur að fermingu er það þeirra að velja hvað þau gera. Hera valdi sjálf að fermast og staðfesta kristna trú og þá styðjum við hana í þeirri ákvörðun. Hún veit hvað hún er að gera," segir María stolt og viðurkennir að vera mjög ánægð að fá tilefni til að hóa fjölskyldunni saman og hitta alla.

„Tíminn líður svo hratt að maður gefur sér allt of sjaldan tíma til að hitta ættingja og vini. Fermingar og aðrar stórveislur eru frábærar fyrir stórfjölskylduna. Það er svo gott fyrir fólk að gleðjast saman. Það er eitt að því sem mér finnst Palestína hafa umfram Ísland. Fjölskylduböndin eru mun sterkari þar en hér og fólk gefur sér meiri tíma til að vera saman," segir María dreymin og vonar að friður komist á fljótlega svo hún geti farið þangað með fjölskylduna.

María fór með fjölskyldunni árlega til Palestínu frá unga aldri og bjó þar í ár þegar hún var fimmtán ára. Um sína upplifun af landinu, trúnni og menningunni segir hún: „Það er skrítið að hugsa til þess en ég var aldrei hrædd þar, kannski óþarflega huguð þar sem ég stalst stundum út, í óþökk pabba, til að taka þátt í mótmælum. Ég man meira að segja eftir því að hafa safnað táragashylkjum og verið að hlaupa undan löggunni. Það þýðir ekkert að vera hræddur, hvort sem maður býr hér á friðsælu Íslandi eða í ófriðarástandi í Palestínu." María segir hins vegar ekkert skrítið að fólk skuli vera hrætt þegar það býr við stríðsástand.

„Fólki sem líður illa og er hrætt leitar í trúna til að finna styrk. Við þurfum að auka fræðslu hér til að spyrna við fordómum. Það má alveg byrja í grunnskólum með aukinni trúarbragðafræðslu, eins og ég held að sé gert í Austurbæjarskóla, þar sem krakkarnir kynnast og læra inn á aðra menningu og fá innsýn í aðra trú. Íslamstrú og kristni eru mjög lík trúarbrögð í grunninn og ef fólk kynnir sér önnur trúarbrögð losnum við fljótlega við fordóma sem skapast af fáfræði. Ég neita að setja stimpil á mína trú en ég trúi á Guð!"

- vaj

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Gefðu frábæra fermingargjöf!

Þú finnur bestu fermingargjöfina hjá Hans Petersen, enda hefur úrvalið af vönduðum og skemmtilegum myndavélum sjaldan verið jafn fjölbreytt og í ár.

Frítt námskeið og inneign á 100 stafrænar framkallanir fylgir öllum myndavélum frá Hans Petersen

HOLGA

Stillanlegt flass; gult, blátt, rautt eða venjulegt. Mismunandi hraði á lokara.

Verð 7.990 kr.

INTERFIT heimastúdíó

Myndaðu eins og fagmaður og taktu hágæða ljósmyndir heima í stofu. Kennsluefni á DVD innifalið.

Verð 39.900 kr.
eða 2.230 kr. á mánuði*

SAMSUNG I6

Spilar mp3 og kvikmyndir, 6,0 megapixlar, 39-117 mm linsa, 2,5" skjár, vídeóupptaka, macro-linsa og diktafónn. Heyrnartól fylgja.

Verð 19.900 kr.
eða 1.270 kr. á mánuði*

SAMSUNG L85

8,1 megapixla upplausn, 5x optical zoom, 2,5 tommu LCD skjár og HDMI tengi fyrir HD sjónvarp.

Verð 36.900 kr.
eða 2.141 kr. á mánuði*

HORIZON

Örfáar vélar eftir

Tekur ótrúlegar 120° „panorama" myndir. Sjálfvirkt ljósop og fókus; bara smella af!

Verð 19.990 kr.
eða 1.274 kr. á mánuði*

KODAK C713

7,0 megapixla upplausn, 3 x optical zoom, 2,5 tommu skjár, hristivörn. Vegur 137 gr.

Verð 9.900 kr.

KODAK M873

8,0 megapixla upplausn, 3 x optical zoom, 2,5" LCD skjár, hristivörn. Vegur aðeins 110 gr.

Verð 25.900 kr.
eða 1.577 kr. á mánuði*

KODAK M753

7,0 megapixla upplausn, 3 x optical zoom, LCD skjár, hristivörn og fleira.

Verð 16.900 kr.

Allt verð og tilboð í þessari auglýsingu er birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.
*Meðalgreiðsluupphæð miðast við 24 mánaða greiðslukortasamning (13. febrúar 2008).
Vextir eru samkvæmt ákvörðun Borgunar á hverjum tíma og eru núna 18,4%. Öll önnur gjöld eru ákvörðuð af útgefendum korta.

www.hanspetersen.is

» Laugavegur 178
105 Reykjavík
Sími 412 1840

» Bankastræti 4
101 Reykjavík
Sími 412 1810

» Kringlan
103 Reykjavík
Sími 412 1830

» Smáralind
201 Kópavogur
Sími 412 1870

» Fjörður
220 Hafnarfjörður
Sími 412 1820

HANS PETERSEN

Engu gleymt í 100 ár

Skemmtilegar fermingartertur

Falleg og girnileg fermingarterta er oft miðpunktur veisluborðsins. Hin hefðbundna kransakaka hefur lengi verið vinsæl en óhefðbundnar og litríkar kökur eru að ryðja sér til rúms. Þegar fermt er um páska er gaman að nota liti og skraut tengt páskunum og skreyta fermingartertuna til dæmis með sælgætiseggjum. Svo gæti verið skemmtilegt að fermingarbarnið baki og skreyti tertuna sjálft.

Í fullorðinna manna tölu

Fermingardagurinn markar upphaf unglingsára; þegar barn breytist í hálffullorðna manneskju. Slík tímamót ættu að vera unglingnum hvatning til að láta gott af sér leiða sem ábyrg og heilsteypt manneskja. Til að byrja með er flott að fara skynsamlega með fermingarféð og leggja fyrir til framtíðar, því að kvöldi fermingardags stendur gjarnan eftir mesta peningagjöf ævinnar. Þá er fallegt að sýna frumkvæði að hvers kyns góðverkum á unglingsárunum, því allir njóta fegurðar og félagsskapar unglinga. Taktu fyrsta skrefið í að vera gamla fólkinu í kringum þig raunverulegur félagi, yngri börnum góð fyrirmynd, dýrum raungott skjól og berðu virðingu fyrir náttúrunni. Vertu ávallt traustur og sannur vinur vina þinna og hleyptu í hóp þinn þeim sem eru einmana og útundan á þessum miklu þroskatímum. Sýndu foreldrum þínum ást og hjálpsemi, og vertu sanngjarn og fullur virðingar í garð kennara þinna og annarra samferðamanna. Mundu að sýna þakklæti þitt fyrir heilbrigði, hreysti og allar góðar stundir. Lífið er yndislegt og bara rétt að byrja.

- þlg

Fermingargjöf frá okkur:
Við gefum 5.000 kr.
upp í fermingarrúm.

RÚM

Svíf þú inn í Svefninn

Úrval fylgihluta:
Rúmteppi, púðar, pífur, sængurverasett, dýnuhlífar, náttborð og fleira.

Eftir þínu höfði:
RB-rúmin og gaflar eru sérsmíðuð eftir þínum óskum. Þú ræður lengd, breidd, hæð, fótum og lit á gafli og botni.

RB-rúm er í heimssamtökunum ISPA, sem eru gæðsamtök fyrirtækja sem sérhæfa sig í framleiðslu og hönnun springdýna.

Opið alla virka daga frá 8–18 og á laugardögum frá kl. 10–14.
RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is

RÚM
Stofnað 1943

Fermingarbörn þurfa að velja ritningu úr biblíunni.

Tíu vinsælir ritningarstaðir

Matt. 5.7 Sælir eru miskunnsamir, því að þeim mun miskunnað verða.
Matt. 5.8 Sælir eru hjartahreinir, því að þeir munu Guð sjá.
Matt. 7.12 Allt sem þér viljið, að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.
Jóh. 3.16 Því svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki, heldur hafi eilíft líf.
Jóh. 8.12 Jesús sagði: Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér, mun ekki ganga í myrkri, heldur hafa ljós lífsins.
Jóh. 10.14 Jesús sagði: Ég er góði hirðirinn og þekki mína, og mínir þekkja mig,
Sálm. 37.5 Fel Drottni vegu þína og treyst honum, hann mun vel fyrir sjá.
Sálm. 42.2 Eins og hindin, sem þráir vatnslindir, þráir sál mín þig, ó Guð.
Sálm. 86.11 Vísa mér veg þinn, Drottinn, lát mig ganga í sannleika þínum, gef mér heilt hjarta, að ég tigni nafn þitt.
Sálm. 119.9 Með hverju getur ungur maður haldið vegi sínum hreinum? Með því að gefa gaum að orði þínu.

MAX RAFTÆKI

DVD verðhrun!

1.989 kr. stk.

Fimm góðar á hverjum DVD

Seríur og safndiskar

USB PS3/PS2 heyrnartól

Logitech Vantage PS3 / PS2
Þægileg og létt usb tengd heyrnatól með hljóðnema • Noise-cancellation tækni svo aðrir heyri skýrt í þér þrátt fyrir bakgrunns hávaða • 3 mismunandi gerðir eyrnapúða fylgja

4.989 kr.

Ef þú ættir að velja gjöf ...

Þrjár úrvals myndir á hverjum DVD

Philips fyrir iPod

Philips MCM138D
Glæsileg Míkró samstæða • iPod vagga fylgir til að hulsta og hlaða spilarann • FM útvarp með stöðvaminnum • Geislaspilari með MP3/WMA afspilun • Spilar CD og CD-R/RW • Klukka og vekjari • Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost • Fjarstýring • (Ath. iPod spilari fylgir ekki)

19.989 kr.

Stafræn myndavél
Högg- og vatnsheld

Olympus MJU790SWBL
Digital myndavél • 7.1 milljónir punkta upplausn • Vatnsheld að 3m dýpi • Höggheld upp í 1.5m hæð • 3x Optical Zoom og 5x Digital Zoom • Linsa: 6.7 - 20.1mm (35mm samb.: 38 - 114mm) • 2,5" LCD Skjár (230.000 pixlar) • Frábær við öll birtuskilyrði • Hreyfimyndataka með hljóði • USB • 14.7MB innbyggt minni • Tekur xD kort ofl.

29.989 kr.

HD flakkari

Tvix M-6500A
HD margmiðlunarspilari • Tekur Sata II diska • Stafrænn skjár • Styður allar helstu skrár • 1080P fyrir full HD gæði • HDMI 1.3 • USB / Lan tengi f. tölvur

44.989 kr.

49.989 kr.
Fullt verð ~~59.989~~
Tölvuskjár 24 tommur

Samsung Syncmaster 245BW
24" tölvuskjár • 1920 x 1200 punkta upplausn • 5 ms svartími • 1000:1 skerpa • VGA & DVI tengi

Ferðablásari

Remington D3019
1800W ferðahárblásari • Tveggja hita - tveir hraðar • Spenna - 120/230-240V • Takki fyrir kalt loft • Hitadreifari fyrir sítt hár • Klær fyrir EUR/UK, EUR/USA

Gjafasett

3.989 kr.
Fullt verð ~~4.989~~

Sléttujárn

Remington S2005
Sléttujárn • Stillanlegur hiti upp í 230°C • Tilbúið til notkunnar á 60 sek. • Keramik plötur til tryggja öfluga og jafna hitadreifingu

Gjafasett

4.989 kr.
Fullt verð ~~5.989~~

Dæmið er einfalt - Hlutirnir eru ódýrari í Max - og úrvalið ótæmandi!

Opnunartími

Mánudaga	kl. 11-19	Fimmtudaga	kl. 11-22
Þriðjudaga	kl. 11-19	Föstudaga	kl. 11-19
Miðvikudaga	kl. 11-19	Laugardaga	kl. 11-18
		Sunnudaga	kl. 12-18

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

GRÆJUR

Frábærar FERMINGAR GJAFIR

PHILIPS

Philips HTS3154
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DivX DVD spilara, 300w (4x37.5w og 2x75w RMS) Digital magnari, 5 litlum hátölurum og bassaboxi, spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0/Ultra, CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með 40 stöðvaminnum, SCART (með RGB), USB tengi ofl.

VERÐ **23.995** FRÁBÆRT VERÐ

Philips SA1355
GoGear 1GB MP3 SPILARI með FM útvarpi með 30 stöðvam., innb. diktafóni, 2 lita OLED skjá, USB 2.0, tónjafnara, hleðslurafhlöðu (10 klst.). Spilar SMV vídeó að 450kbps, geymir 380 lög, spilar MP3, WMA og WAV. Uppfæranlegur.

VERÐ **8.995** FRÁBÆRT VERÐ

Philips SA3125
GoGear 2GB MP3 SPILARI með FM útvarpi með 10 stöðvaminnum, innb. diktafóni, USB 2.0, tónjafnara, hleðslurafhlöðu (10 klst.). Spilar SMV vídeó að 450kbps, geymir 380 lög, spilar MP3, WMA og WAV. Uppfæranlegur.

VERÐ **12.995** FRÁBÆRT VERÐ

CASIO

7.2 MILLJÓN PUNKTA

Casio EXZ75
Stafræn MYNDAVÉL með 7.2 milljón punkta upplausn, BESTSHOT sem gerir einfalt að taka myndir við öll skilyrði og Antishake DSP hristivörn.

TILBOÐ **17.995** FULLT VERÐ **22.995**

Panasonic

LEICA DC LENS

7.2 MILLJÓN PUNKTA

Panasonic DMCFX12
Stafræn MYNDAVÉL með 7,2 milljón punkta upplausn, Venus Engine II, LUMIX DC Vario linsu, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.5" LCD skjá, hreyfimyndatöku og rauf fyrir SD/SDHC kort. 27MB innra minni.

TILBOÐ **19.995** FULLT VERÐ **24.995**

CASIO

YouTube CAPTURE MODE

10.1 MILLJÓN PUNKTA

Casio EX1080
MYNDAVÉL með 10.1 millj. punkta uppl., EXILIM Engine 2.0, BESTSHOT, Face Detection function, Anti-Shake DSP, 2.6" LCD skjá, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 7.39 - 23.7mm linsu, You Tube Capture Mode, hreyfimyndatöku, Innovative H.264 Movies, 15MB innra minni, rauf fyrir SD/MMC kort og rafhlöðu sem dugar 370 skot.

TILBOÐ **26.995** FULLT VERÐ **32.995**

HRISTIVÖRN VATNSVÖRN

7.1 MILLJÓN PUNKTA

OLYMPUS

Olympus MJU790SWBL
Digital MYNDAVÉL með 7.1 mp upplausn, vatnsheld að 3m dýpi, höggheld úr 1.5m hæð, 3x Optical og 5x Digital Zoom, 6.7 - 20.1mm linsa, 2,5" LCD skjár, hreyfim.t. með hljóði, USB og 14.7MB innra minni. Tekur xD kort.

VERÐ **29.995** FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

Philips MC146
8w MÍKRÓSAMSTÆÐA með geislaspilara, Dynamic Bass Boost, FM útvarpi með 20 stöðvaminnum, heyrnartólstengi ofl.

TILBOÐ **10.995** FULLT VERÐ **13.995**

MÁ HENGJA Á VEGG

Philips MCM275
2x10w MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara og útvarpi með 40 stöðvaminnum, Dynamic Bass Boost, Digital Sound Control, klukka með vekjara og svefnrofa, Aux inng. og heyrnartólstengi, 2-way Bass Reflex hátalarar ofl.

TILBOÐ **21.995** FULLT VERÐ **24.995**

Philips MCD296
2x30w HLJÓMTÆKJASAMSTÆÐA með fjölkerfa DVD spilara, Dolby Digital, Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost, útvarpi með stöðvaminnum, kassettutæki, SVHS og CVBS tengi, Aux inn- og útgangur, Digital Coaxal og Subwoofer útgangi ofl.

VERÐ **26.995** FRÁBÆRT VERÐ

Philips MCM398D
2x100w míkró SAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara, iPod vöggu og FM útvarpi með 40 stöðvaminnum, 2-way hátölurum, klukku og vekjara, Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost, Aux inn og USB ofl. Spilar CD-R/RW og MP3/WMA. ATH. iPod fylgir ekki

VERÐ **32.995** FRÁBÆRT VERÐ

Panasonic TX26LE7F
26" V-Real LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, V-Real tækni (einstök myndgæði), HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ **69.995** FULLT VERÐ **99.995**

Philips 20PFL4122
20" LCD SJÓNVARP með 640x480 p. uppl., Crystal Clear III og Progressive Scan, 800:1 skerpu, 20w Nicam Stereó með Incredible Surround, Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi (styður að XGA), textavarpi ofl.

TILBOÐ **62.995** FULLT VERÐ **74.995**

Casio CTK591
HLJÓMBORÐ með ásl.næmni, 5 átt., 61 nótu, 128 hljóði (MIDI samh.) og 110 ryþmum, 24 nótna pólifóníu, 3ja þrepa kennslukerfi, píanó stillingu, 100 innb. lögum, „Sing along" og heyrnart.tengi.

TILBOÐ **19.995** FULLT VERÐ **25.995**

Casio CDP100
88 nótna RAFMAGNSPÍANÓ með 32 nótna pólifóníu, 5 hljóðum og 20 rythmum, Midi In/Out, tengi fyrir 2 heyrnartól og 2 pedala. Spennubreytir og pedali fylgja.

CASIO

TILBOÐ **49.995** FULLT VERÐ **59.995**

PHILIPS

Philips PET716
Fjölkerfa FERÐA DVD SPILARI með 7" LCD breiðtjaldsskjá, hristivörn, Dolby Digital, AV út og heyrnartólstengi, hleðslurafhlöðu (2 tíma ending), bíltengi og fjarstýringu. Fyrir 110 - 240V.

VERÐ **19.995** FRÁBÆRT VERÐ

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

SELFOSS
EYRARVEGI 21
480 3700

Heimilistæki ht.is

fagmenn.is
Sérhæfðir í viðhaldi fasteigna.
5 52 53 54
fagmenn@fagmenn.is

Febrúar tilboð 20% afsláttur.
Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Stigagangar, sameignir og íbúðir, gamalt og nýtt.
Upplýsingar í síma 869 3934
Ingimundur Málarameistari.

Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Trégaur ehf
Á að setja upp innréttingar fyrir páska? Setjum upp innréttingar og parket. Tökum líka niður innréttingar, vanir Íslenskir smiðir. Atli, sími 898 6248.

Pípulagnir
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

Múrverktakar
Múrvertakar geta bætt við sig allt alment múrverk eða múrviðgerðir. Margt kemur til greina. S. 865 2782.

Stífluþjónusta

Stíflulosun Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

Stífluþjónustan ehf
S. 554 2255 / 896 5800
Stíflulosun-röramyndum
www.stiflutjonustan.is

Tölvur

Tölvuþjónusta
Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

Tölvuviðgerðir íhlutir Cisco og Microsoft vottun. S. 821 6839, Stefán.

Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

Spádómar

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Alspá
445 5000 & 823 8280
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393

Kristjana spámiðill. Þeir sem til mín vilja leita. Pantið tíma í s. 554 5266 & 695 4303.

Símaspáin.
Ný tækifæri, vinnan, fjármálin, ástarmálin, heilsan - fjarheilun/fyrirb. Spák. Yrsa. 908-6414 (199 mín.) 553-5395 (173 mín.Visa/MC). Símat. 10-24. Hringdu núna!

Súpufundurinn fer fram í Sunnusal Hótels Sögu og hefst kl. 18. Aðgangseyrir að fundinum er 1.200 kr. Tónleikarnir sjálfir hefjast svo kl. 19.30 í Háskólabíói. Miðaverð er á bilinu 2.800 kr. til 3.200 kr.

- vþ

Samræmi eða óreiða?

Reykjavíkurakademían boðar til síðdegisfundar um skipulag og framtíð miðborgar Reykjavíkur í dag á milli kl. 16.30 og 18.30.

Í fyrri hluta dagskrár verða flutt tvö framsöguerindi. Hjálmar Sveinsson, heimspekingur og útvarpsmaður, reifar helstu yfirstandandi og yfirvofandi verkefni á sviði skipulagsmála milli Kvosar og Norðurmýrar og hugmyndafræði þeirra og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, doktorsnemi í skipulagshagfræði, ræðir niðurrif, uppbyggingu og endurreisn í gamla bænum og gildi miðbæja fyrir hagsæld og mannlíf í borgum. Að loknu stuttu kaffihléi mun Hjálmar Sveinsson leiða pallborðsumræður um skipulag og framtíð miðborgar Reykjavíkur.

Þátttakendur í umræðunum verða Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi og formaður skipulagsráðs, Nikulás Úlfar Másson, forstöðumaður Húsafriðunarnefndar ríkisins, og Helgi S. Gunnarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Portus, sem stendur að uppbyggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss á svonefndu Austurhafnarsvæði.

Málþingið fer fram í húsnæði Reykjavíkurakademíunnar, Hringbraut 121, 4. hæð. Allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

- vþ



HJÁLMAR SVEINSSON Fer yfir stöðu skipulagsmála á málþingi í dag.

Salurinn

LAUGADAGUR 8. MARS KL. 13
MEISTARI MOZART.
STRENGJA-OG PÍANÓKVINTETT
TÓNLEIKAR KENNARA TÓNÓ KÓP.

LAUGADAGUR 8. MARS KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGBÓK JAZZINS.
TÓNLIST COLES PORTERS.
KRISTJANA STEFÁNS & FÉLAGAR

SUNNUDAGUR 9. MARS KL. 16
SÖNGLÖG JÓRUNNAR VIÐAR.
HELGA RÓS OG GUÐRÚN DALÍA

ÞRIÐJUDAGUR 11. MARS KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR.
LUBOV STUCHEVSKAYA,
TÓMAS TÓMASSON
OG KURT KOPETSKY

MIÐVIKUDAGUR 12. MARS KL. 20
TÍBRÁ: PÍANÓTÓNLEIKAR
SIMON SMITH - ÖLL PÍANÓVERK
HAFLIÐA HALLGRÍMSSONAR
EINSTAKT TÆKIFÆRI !

BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

LÓKAL
Alþjóðleg leiklistarhátíð í Reykjavík 5.- 9. marz

Miðasala hafin
á midi.is!

www.lokal.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið um helgina

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri.
Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Ívanov leikgerð og leikstjórn Baltasar Kormákur
sýn. fim. 6/3, lau 8/3 sun 9/3 örfá sæti laus
sýningum lýkur 16/3

Vígaguðinn e. Yasminu Reza
sýn. 7/3 örfá sæti laus

Sólarferð e. Guðmund Steinsson
sýn. 7/3 uppselt

Pétur og úlfurinn, brúðusýning
síðustu sýningar sun. 9/3

Baðstofan e. Hugleik Dagsson
sýn. fim 6/3, fös 7/3 örfá sæti laus

Skilaboðaskjóðan e. Þorvald Þorsteinsson
sun 9/3 uppselt

[Íd] ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN SÝNIR Á SUNNUDAGSKVÖLD

Dans andi

Kvart eftir Jo Strømgren
Station Gray – Last stop eftir Alexander Ekman

SÝNINGAR: 09.03. 14.03. 16.03.
MIÐAR: S. 568 8000 - www.id.is

AÐEINS ÞRJÁR SÝNINGAR EFTIR!

★★★★
„Flott sýning og skemmtileg"
P.B.B., Fréttablaðið, 28.02.08

Landsbankinn
Traustur bakhjarl Íslenska dansflokksins
Vörðu- og Námufélagar fá 50% afslátt á sýningar Íd.

DÝRMÆTAR SEKÚNDUR

Það tekur afar stuttan tíma að tryggja sér miða, en miklar líkur eru á að þeim tíma sé vel varið. Síðasta ár gaf af sér 35.695 vinningshafa í Happdrætti Háskólans. Við stefnum að því að þeir verði fleiri á þessu ári.

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

Næsti útdráttur verður
11.03.2008

GOTT FÓLK

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

2 stk.

Búkkar
Járn, 2 stk. 78 sm
5079901

1.299

50% afsláttur

Rúllusett
Anza, 23 sm
7014821

699
~~1.399~~

IDO

13.590
~~20.900~~

Salerni, vegghengt
Hörð seta fylgir.
8076037

Gildir til 12. mars 2008

Afsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.

Plastparket, Scénic 7 mm
Eikarlíki, 3ja stafa.
Borðastærð 194x1.292 mm.
146878

Kraftpakkinn
3 rafhlöður

Hleðsluborvél
Hitachi, 12V,
3 rafhlöður, ljós,
67 stk bitar og
borar fylgja,
hleðslutími
40 mín
5247028

Hillurekkar
í miklu úrvali

Hillurekki Star Galva
Galv. 6 hillur,
burðarþol 90 kg.
Stærð 180x90x35
5803663

4.299
~~6.499~~

Hillurekki Titan
Grár 6 hillur,
burðarþol 100 kg.
Stærð 200x100x40
5803660

7.499
~~10.899~~

Vertu klár
í vorverkin

Hekkklippur
Ikra, 550W, 60 sm blað
klippir 18 mm
5083540

Gólfflís, Keope
Gegnheilar frostþolnar,
8.5 mm þykkar, 30x30 sm.
8630030/31/33

Álstigi
VHR Profi,stigi 4 m, trappa
2.10 m.
5078870

13.499
~~18.999~~

Amica

Ofn og helluborð
Amica,
Elegance
blástursofn
með 8
eldunarkerfi,
51 ltr, rafstýrður
m/klukku,
25W ofnljós,
31,5x39,5x40,5 sm
1850495

67.999

Electrolux

Uppþvottavél
Electrolux,
ESF 64020X, stál, AAA,
5 þvottakerfi, 12 manna
1808860

59.990

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

> **Butler framleiðir**

Leikarinn Gerard Butler, sem lék í Bjólfskviðu hér á landi og hinni vinsælu 300, hefur stofnað sitt eigið framleiðslufyrirtæki, Evil Twins, ásamt umboðsmanni sínum Alan Siegel. Fyrsta verkefni þeirra verður myndin Law Abidin Citizen og fer Butler þar með aðalhlutverkið. Tvær myndir til viðbótar eru á teikniborðinu, Hanging Tale og Teacher Man.

bíó

bio@frettabladid.is

Samræða um fegurðina

Heimildarmyndin The Bohemians eftir Þorstein J. verður frumsýnd í Listasafni Reykjavíkur annað kvöld klukkan 20. Myndin fjallar um félagsskap karlmanna í Dublin sem hefur verið starfræktur síðan 1878. Til að vera félagi þarf aðeins tvennt, að vera söngvari eða hafa óslökkvandi áhuga á söng og að vera drengur góður.

„Ég hljóðblandaði hana aftur í fyrrakvöld (mánudagskvöld) til að vera með þetta alveg eins og ég vildi hafa það," segir Þorsteinn J. sem hefur unnið að myndinni í tvö ár með hléum. „Það er gaman að hvíla verkefni eins og þetta og koma að því aftur. Þannig skerpist frásagnarhátturinn og myndin verður einhvern veginn skýrari."

Þó að myndin líti út fyrir að vera einföld skrásetning á félagsskapnum segir Þorsteinn að í henni séu þræðir sem gefi henni aukna vídd. „Þarna eru element eins og vinátta og fegurð og það að halda áfram að syngja þótt röddin sé komin á áfangastað fyrir nokkru síðan. Þetta er samræða um fegurðina má segja og hvernig hún birtist."

Auk þess að frumsýna myndina í Listasafninu hefur Þorsteinn gefið hana út á mynddiski sem er til sölu í Eymundsson. Hvort hún verður sýnd erlendis á eftir að koma í ljós. „Myndin á klárlega erindi til Bretlandseyja. Þetta var aðeins í annað skiptið sem það fékkst leyfi til að mynda þennan félagsskap og það tók sinn tíma að fá leyfið. En þeir eru búnir að sjá hana og eru ánægðir." -fb

THE BOHEMIANS Atriði úr heimildarmynd Þorsteins J., The Bohemians, sem verður frumsýnd annað kvöld.

Will Ferrell er hversdagslegur fagmaður

Grínistinn Þorsteinn Guðmundsson hefur fylgst með ferli Wills Ferrell síðan hann lék í Saturday Night Live. „Hann er svona „late bloomer". Hann var búinn að vera töluvert lengi að áður en fólk byrjaði að kveikja á honum, sem er ekkert einsdæmi," segir Þorsteinn. „Það sem einkennir hann er að hann spilar út frá mjög mannlegum hversdagslegum nótum. Ég held að fólk sjái sjálft sig svolítið í honum. Hann er ekki sá flinkasti en hann er einlægur og virkar eins og kunnuglegur maður úr hversdagslífinu," segir hann. „Ég held að það sé svolítið það sem blífur í þessum Hollywood-heimi til lengdar. Þess vegna verða menn ekki svona bólur eins og Jim Carrey. Fólki finnst hann rosalega fríkaður en svo fær það leið á honum."

ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON Þorsteinn segir að Ferrell spili út frá hversdagslegum nótum í sínum gamanleik. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þorsteinn segir Ferrell sjaldnast fara yfir strikið og það hafi fleytt honum langt í Hollywood. „Hann heldur sig við þessar hversdagsaðstæður og svo hefur hann kannski með reynslunni forðast dónaskap og svoleiðis. Hann er frekar penn grínisti og ég held að það sé rosalega vel séð í Hollywood að ráða slíka menn. Hann lendir ekki í neinum stórvandræðum og er reglumaður sem er ekkert að sprauta sig inni á klósetti. Ég get ímyndað mér að hann sé svolítill fagmaður."

Þorsteinn, sem er einna hrifnastur af Ferrell í Anchorman, segist ekki hafa tekið hann sér til fyrirmyndar í sínu gríni. „Ég var eiginlega kominn langt af stað þegar hann fór að slá í gegn en ég hef mjög gaman af honum."

- fb

„SVAKALEGA STEIKTUR"

Börn og unglingar eru næmari en aðrir fyrir skaðlegum áhrifum geislunar frá ljósabekkjum og sól.

HÆTTAN ER LJÓS

Félag íslenskra húðlækna, Geislavarnir ríkisins, Krabbameinsfélagið, Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð hvetja foreldra og forráðamenn fermingarbarna til að fara að tilmælum alþjóðastofnana um **að börn og unglingar fari ekki í ljósabekki.**

WILL FERRELL Ferrell fer með hlutverk körfuboltakappans Jackie Moon í grínmyndinni Semi-Pro.

Fáránleikinn í fyrirrúmi

Gamanleikarinn Will Ferrell leikur körfuboltakappann Jackie Moon í grínmyndinni Semi-Pro sem verður frumsýnd hérlendis um helgina. Ferrell sló fyrst í gegn eins og svo margir aðrir í gamanþáttunum Saturday Night Live.

Aðeins fimm ár eru liðin síðan Ferrell lék sitt fyrsta aðalhlutverk, eða í gamanmyndinni Old School þegar hann lék hinn stórundarlega Frank „The Tank" Richard. Síðan þá hefur hann leikið í hverjum smellinum á fætur öðrum og má þar nefna Elf, Anchorman, Talladega Nights og Blades of Glody. Einnig hefur hann farið með minnisstæð aukahlutverk í Zoolander, Wedding Crashers og Starsky & Hutch á móti nokkrum af félögum sínum úr „Frat Pack"-hópnum, Ben Stiller, Owen Wilson og Vince Vaughn.

Sjö ár í Saturday Night Live

Hinn fertugi Ferrell fékk leiklistarbakteríuna er hann stundaði nám við Irvine-menntaskólann í Kaliforníu. Þar vakti hann athygli fyrir að lesa upp daglegar tilkynningar í hátalarakerfið með hinum ýmsu grínröddum. Eftir að hafa útskrifast úr háskólanum í Suður-Kaliforníu gekk Ferrell til liðs við spunaleikhópinn The Groundlings og þar kynntist hann Chris Kattan. Varð þeim vel til vina og nokkru síðar gengu þeir til liðs við Saturday Night Live, eða árið 1995. Eftir brösugt gengi fyrsta árið kom Ferrell sterkur inn á sínu öðru ári og sló í gegn með eftirhermum sínum. Sérstaklega þótti hann ná George W. Bush Bandaríkjaforseta vel.

FERRELL Ferrell sló í gegn í sjónvarpsþáttunum vinsælu Saturday Night Live þar sem hann lék í sjö ár.

Golden Globe-tilnefningar

Ferrell yfirgaf Saturday Night Live árið 2002 eftir sjö ára sigurgöngu og varð þá eini meðlimur þáttanna sem var kvaddur af kollegum sínum í lokaþættinum. Síðan hefur hann átt farsælan kvikmyndaferil og tvívegis hefur hann verið tilnefndur til Golden Globe-verðlaunanna. Fyrst fyrir hlutverk sitt í söngvamyndinni The Producers og síðan fyrir Stranger Than Fiction þar sem hann sýndi á sér alvarlegri hlið en venjulega.

Næsta mynd Ferrells á eftir Semi-Pro er Step Brothers sem fjallar um tvo ofdekraða náunga (Ferrell og John C. Reilly) sem verða stjúpbræður eftir að einhleypir foreldrar þeirra ákveða að gifta sig.

Fáránlegur söguþráðurinn kemur svo sem ekki á óvart, enda ekki við öðru að búast þegar Will Ferrell er annars vegar.

freyr@frettabladid.is

16% vaxtaauki!

Nýttu þér þetta TILBOÐ og stofnaðu reikning á spron.is

ARGUS / 08-0100

FRUMSÝNDAR UM HELGINA

THE ORPHANAGE

Hér er á ferðinni kynngimögnuð hrollvekja frá Spáni sem fjallar um konu sem opnar munaðarleysingjahæli fyrir fötluð börn. Áður en langt um líður fer sonur hennar að haga sér undarlega. Framleiðandinn er Guillermo del Toro, leikstjóri Pan's Labyrinth. Myndin hefur slegið í gegn víða um heim, þar á meðal í heimalandi sínu.

Leikstjóri: Juan Antonio Bayona.

Aðalhlutverk: Belén Rueda og Fernando Cayo.

Dómur IMDB: 7,9/10.

THE BUCKET LIST

Tveir krabbameinssjúkir menn strjúka af sjúkrahúsi og fara í ferðalag til að uppfylla hinstu óskir sínar.

Leikstjóri: Rob Reiner (Stand By Me, When Harry Met Sally, Misery).

Aðalhlutverk: Jack Nicholson og Morgan Freeman.

Dómur IMDB: 7,8/10.

AUGUST RUSH

Mynd um undrabarnið August Rush sem notar tónlistargáfur sínar til að hafa uppi á foreldrum sínum. Hefur hann tröllatrú á því að hann muni hitta þá um leið og þeir heyri hann spila.

Leikstjóri: Kirsten Sheridan.

Aðalhlutverk: Freddie Highmore, Keri Russell, Jonathan Rhys Meyers og Robin Williams.

Dómur IMDB: 7,4/10.





> PRÓFAÐU...

...að feta í fótspor nýtnustu húsmæðranna og snúa afgöngum upp í nýjar dýrindis máltíðir. Plokkfiskur sem er poppaður upp með dálitlu karrí, osti og öðru tilfallandi er herramannsmatur. Sérstaklega þegar hann er borinn fram með rúgbrauði og smjöri í jöfnum hlutföllum.

matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN GUÐJÓN DAVÍÐ KARLSSON LEIKARI

Krókódílaborgari furðulegasta máltíðin

Hvaða matar gætirðu síst verið án?
Þessa dagana er ég algjör ávaxtafíkill, svo í dag verð ég að segja að ég gæti síst verið án ávaxta.

Besta máltíð sem þú hefur fengið:
Úff, það er erfitt að velja. En Friðrik V og félagar klikka aldrei. Þar fær maður æðislegan mat og frábæra þjónustu hjá Öddu. Ekki spillir fyrir ef Karen og Axel eru á svæðinu, þá er máltíðin alveg súper.

Er einhver matur sem þér finnst vondur?
Nei, það er enginn matur sem mér finnst beinlínis vondur, en hann getur vissulega verið misgóður.

Leyndarmál úr eldhússkápnum:
Leynivopnið mitt er að hringja bara í mömmu, þá reddast allt.

Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?
Þá fæ ég mér eitthvað rosalega gott nautakjöt.

Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?
Ég á alltaf til ávexti og lýsi.

Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?
Friðrik V.

Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?
Það er krókódílahamborgari. Hann var mjög skrýtinn. Ég fékk hann á einhverjum skyndibitastað í Ameríku. Þetta var sem sagt hamborgarabrauð með krókódílakjöti á milli. Svo komst ég að því seinna að þetta var bara nautahakk í einhverjum krókódílabúningi, þetta var mjög spes allt saman.

EPLACHUTNEY Indversk chutney henta með ýmiss konar mat. Það er lítið mál að sjóða sitt eigið.

NORDICPHOTOS/GETTY

Auðvelt eplamauk

Indverskur matur nýtur vinsælda víða um heim. Svokölluð „chutney“ eru oftar en ekki borin á borð með réttunum, en þar eru á ferðinni krydduð ávaxtamauk. Á Indlandi eru þau oft gerð úr ferskum ávöxtum, en hér á landi eru þau þekktari upp úr krukkum. Mangó chutney er kannski hvað þekktast en til er mauk úr öllu frá eplum til kókoshnetu, gúrku til guava.

Þó að chutney eigi rætur sínar að rekja til Indlands er maukið gott með öllum mögulegum mat. Þeir sem vilja spreyta sig á að gera sitt eigið epla-chutney geta prófað þessa uppskrift, sem er að finna á síðunni Simply Recipes, á elise.com/recipes.

Afhýðið eplin, fjarlægið kjarnann og saxið eplin. Blandið öllu saman í meðalstórum potti og hrærið vel. Látið suðu koma upp, lækkið hitann og látið malla undir loki í um 50 mínútur. Takið lokið af og sjóðið áfram í nokkrar mínútur til að þykkja blönduna. Kælið. Ef maukið er sett í loftþétt ílát geymist það í ísskáp í allt að 2 vikur. Það gæti einnig verið tilvalin tækifærisgjöf.

- 2 stór Granny Smith-epli
- ½ bolli saxaður laukur
- ¼ bolli rauðvínsedik
- ¼ bolli púðursykur
- 1 msk. rifinn appelsínubörkur
- 1 msk. rifið ferskt engifer
- ½ tsk. allrahanda, Allspice

ferskasta fiskmetið...

spennandi fiskverslun sem leggur áherslu á tilbúna fiskrétti - holla, gómsæta og framandi, beint í ofninn, á grillið eða pönnuna. Frábært úrval af fersku fiskmeti af öllu tagi.

fiskverslun Gallerý fiskur

Verslun: mán.-fös. 10:00-18:30, Veitingahús: mán.-fös. 11:30-15:00, fim.- lau.18:00-22:00

Hollustuhornið

Kjúklingasamloka og lítill skyrdrykkur

tilboðsverð kr. 599.-

verð áður kr. 790.-

Select

Saknar enskra matarhefða

Ben Cockerill fluttist til Íslands frá Englandi fyrir rúmu ári. Hann saknar hefðbundins ensks matar, en hefur sjálfur mest gaman af að reiða fram indverskar og ítalskar máltíðir.

„Ég er eiginlega hrifnastur af indverskum og ítölskum mat, og svo auðvitað hinni hefðbundnu ensku sunnudagssteik með Yorkshire-búðingi,“ segir Ben en íslenskur kærasti hans bar ábyrgð á flutningi hans hingað til lands fyrir rúmu ári. Hann segir sunnudagssteikina á meðal þess matar sem hann saknar hvað mest. „Mamma eldaði þetta alltaf þegar við vorum lítil, og var annaðhvort með kjúkling eða nautakjöt. Svo var alltaf Yorkshire-búðingur á eftir, þar sem við vorum nú einu sinni í Yorkshire,“ útskýrir Ben. „Annars er það helst Jaffa-kex og „custard“ sem ég sakna. Ég held að Íslendingar viti ekki einu sinni hvað það er,“ segir hann og hlær við.

Ben heldur þó eigin sunnudagshefðir í heiðri, en þær taka á sig form steikingar á eggjum og beikoni að morgni dags. Hvað íslensku hefðirnar varðar segist Ben ekki eiga erfitt með neinn hefðbundinn íslenskan mat. „Ég er að venjast hákarlinum, það er alltaf verið að pína hann ofan í mig. Ég hef reyndar ekki farið á þorrablót enn þá, þannig að ég er ekki alveg viss um hvernig mér mun semja við hrútspungana,“ segir hann hugsi. „Ég er hins vegar mjög hrifinn af bæði hrefnukjöti og hrossakjöti, sem fólk borðar alls ekki í Englandi,“ bætir hann við.

Kjúklingur: Skerið þrjár rispur í hvert kjúklingastykki með beittum hníf. Blandið öllu öðru saman og nuddið inn í kjúklinginn. Látið marínerast yfir nótt, eða í minnsta lagi í eina klst. Bakið þá kjúklinginn í ofni við 180 gráður þar til hann er tilbúinn.

Sósa: Þurrristið kryddfræin á pönnu yfir miðlungshita í um 10 mín., eða þar til þau ilma. Merjið í mortéli þar til þau eru orðin að dufti. Steikið kryddin í olíunni í 5 mín. Bætið tómötum út á og eldið þar til þeir loða saman í sósu. Bætið safa af tilbúnum kjúklingnum út í. Látið suðu koma upp, takið af hitanum og hrærið sýrðum rjóma saman við. Smakkið til með salti og pipar. Sigtið sósuna áður en hún er borin fram.

Kúskús: Eldið kúskús samkvæmt leiðbeiningum á pakka, notið kjúklingasoð í stað vatns. Saxið annað mjög fínt, og blandið saman við tilbúið kúskúsið. Smakkið til með salti og pipar.

SAKNAR SUNNUDAGSSTEIKARINNAR Ben Cockerill saknar hinnar hefðbundnu ensku sunnudagssteikar, með Yorkshire búðingi, en heldur sínar eigin hefðir í heiðri á sunnudögum, þegar hann reiðir fram egg og beikon. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kryddaður kjúklingur að hætti Ben
- 500g kjúklingalæri
- 1 tsk. túrmerik
- 1 tsk. mulin kúmenfræ (caraway)
- 1 tsk. rifið engifer
- ½ tsk. salt
- 3 hvítlauksgeirar

Sósa
- 1 tsk. ostakúmenfræ (cummin)
- 1 tsk. kóríanderfræ
- 1 tsk. fennelfræ
- 1 tsk. sinnepsfræ
- 1 msk. grænmetisolía
- 3 ferskir tómatar, saxaðir
- 1 dl sýrður rjómi
- Safi af elduðum kjúklingnum
- Salt og pipar

Stökkt kúskús
- 250 g kúskús
- 1 pakki snjóbaunir (mangetout)
- 1 appelsínugul paprika
- 2 sellerístilkar
- Salt og pipar

Bjórinn keyptur í kílóatali

Nýr staður var opnaður við Hafnarstræti fyrir helgi, þar sem Galileó var áður til húsa. Nú er þar að finna mexíkóskan bar og grillveitingastað, Tabascos, þar sem gestir geta komið til að svala þorstanum með mexíkóskum bjór eða gætt sér á góðri máltíð. „Við leggjum mikið upp úr vörum frá Mexíkó, og erum þess vegna til dæmis með mexíkóskan bjór og tequila, og svo frosnar margarítur,“ útskýrir Helgi Guðmundsson, sem á staðinn ásamt Þresti Magnússyni og Sigurði Garðarssyni.

Húsinu er skipt í fjórar hæðir. Aðalveitingasalirnir eru á annarri og þriðju hæð, en sú fjórða gengur undir nafninu Rómeó og Júlíu-hæðin. „Þar siturðu á svölum og horfir yfir salinn. Þar eru tveggja manna borð og gosbrunnur, allt mjög rómantískt,“ segir Helgi brosandi. Í kjallaranum er svo að finna sófa og spilaaðstöðu, en þar verður einnig hægt að kaupa bjór í kílóatali. „Þetta er sniðugt fyrir þá sem eru kannski að halda upp á afmæli og vilja koma í bjór. Þá vigtum við bjórkútinn þegar fólkið kemur og aftur þegar það fer, og fólk borgar eftir kílóum,“ útskýrir Helgi. Mexíkósk stemning ríkir á staðnum öllum, enda segir Helgi takmarkið vera að bjóða upp á brot úr Mexíkó í Reykjavík.

Nánari upplýsingar og matseðla verður að finna á heimasíðunni tabascos.is innan skamms. - sun

MEXÍKÓSKUR ANDI Helgi Guðmundsson segir mexíkóska stemningu ríkja á öllum fjórum hæðum Tabascos, nýs veitingastaðar í miðbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Elizabeth Arden

i love my **gift**

Þessi glæsilega gjöf* fylgir þegar keyptir eru tveir hlutir
í Elizabeth Arden línunni þar af 50 ml rakakrem.

Elizabeth Arden kynning í Hagkaupum dagana 6. – 9. mars.

Sérfræðingar verða á staðnum með faglega ráðgjöf fyrir viðskiptavini.

*Meðan birgðir endast

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> ENGIN BRITNEY

Victoria Beckham segir að hún myndi missa vitið ef líf hennar líktist lífi Britney Spears, sem er hundelt af ljósmyndurum á degi hverjum. „Ég þarf næði með eiginmanni mínum og börnum, annars yrði ég bara klikkuð," segir Beckham, sem birtist þó ósjaldan í slúðurblöðunum sjálf.

fólk

folk@frettabladid.is

Leitar hjálpar við þunglyndi

Breska söngkonan Lily Allen hefur leitað sér hjálpar vegna þunglyndis. Hún dvelst nú á meðferðarheimili í London en fær að fara út til að hitta vini og vinna við tökur á þáttunum Lily Allen and Friends sem nú eru sýndir á BBC3.

„Síðustu mánuðir hafa verið mjög erfiðir fyrir Lily," segir heimildarmaður The Sun. Söngkonan þurfti að takast á við fósturlát í janúar og skömmu síðar slitu hún og kærastinn, Ed Simons, sambandi sínu. „Hún var svo hamingjusöm að vera ólétt og var tilbúin að fórna skemmtanalífinu til að koma sér fyrir og eignast fjölskyldu," segir heimildarmaðurinn. „Hún hefur reynt að takast á við þetta en fannst að hún þyrfti aðstoð fagmanns," bætir hann við. „Hún bregst vel við meðferðinni og er ánægð með að hún megi fara út til að taka upp fyrir þáttinn og hitta þá vini sem styðja við bakið á henni."

Lily aflýsti nýlega tónleikum sínum á Isle of Wight-hátíðinni í júní og talið er að hún muni einnig fresta útgáfu næstu plötu sinnar.

ERFIÐUR TÍMI Lily Allen hefur ekki átt sjö dagana sæla síðustu mánuði, en hún hefur nú leitað sér hjálpar vegna þunglyndis.
NORDICPHOTOS/GETTY

MA sefur vel en MH æfir sig á miðilsfundum

Fyrri undanúrslitaleikurinn í Gettu betur fer fram á RÚV í kvöld þegar Menntaskólinn á Akureyri mætir Menntaskólanum við Hamrahlíð. Fréttablaðið tók púlsinn á stemningunni.

SKIPTIR EKKI MÁLI HVERJUM ÞAU MÆTA Í ÚRSLITUM Gettu betur-lið MA. Arna er í miðjunni.

VILJA MÆTA MR Í ÚRSLITUM Gettu betur-lið MH.

Sofa vel og slaka á

Lið MA skipa þau Konráð Guðjónsson, Svala Lind Birnudóttir og Arna Hjörleifsdóttir. Arna varð fyrir svörum.

Besti árangur MA til þessa?

„MA vann keppnina árin 1991 og 1992 og svo aftur 2006."

Leið MA í undanúrslitin?

„Við mættum Fjölbrautaskólanum við Ármúla í fyrri útvarpsumferðinni og unnum 26-16. Í seinni útvarpsumferðinni mættum við Menntaskólanum á Egilsstöðum og sigruðum með 28 stigum gegn 17. Við mættum síðan Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi í 8-liða úrslitum og sigrðum 30-24."

Hvernig er undirbúningi háttað fyrir keppni?

„Við höfum bara æft reglulega í allan vetur og sérstaklega eftir áramót."

Helgisiðir fyrir keppni?

„Nei, við erum voðalega róleg í þeim efnum. Reynum bara að sofa vel, slaka á og taka lífinu rólega."

Óskaandstæðingur í úslitum?

„Þegar það er komið svona langt í keppninni skiptir það ekki máli. Ef maður ætlar að vinna keppnina verður maður að geta unnið alla."

Óskastigavörður?

„Svo sem enginn sérstakur en það væri skemmtileg tilbreyting að sjá einhvern tímann karlkyns stigavörð. Annars er Steinunn Vala mjög fínn stigavörður, enda gamall MA-ingur."

Sérsvið þitt?

„Það hittist þannig á að við erum hvert á sinni brautinni þannig að það kemur í minn hlut að vita hluti tengda náttúrufræði og þess háttar. Ég reyni líka að vera með ættartengsl og fólk í fréttum á hreinu."

Hvað veistu akkúrat ekkert um?

„Ég veit nákvæmlega ekki neitt um gamlar bíómyndir og hljómsveitir, en Konni veit nú vonandi eitthvað um það."

Hver er kynþokkafyllstur í liði MA?

„Þjálfararnir."

Uppáhaldshljómsveit íslensk?

„Flashy Hannes og Sprengjuhöllin."

Uppáhaldssjónvarpsþáttur (fyrir utan Gettu betur!)?

„Eru til aðrir sjónvarpsþættir en Gettu betur? Annars höfðar læknadrama eins og ER og Grey's Anatomy mjög til mín."

Eyða í áfengi, konur og bíla

Lið MH skipa þeir Arnar Pétursson, Ingi Þór Óskarsson og Snorri Hallgrímsson. Snorri svaraði spurningum Fréttablaðsins.

Besti árangur MH til þessa?

„Fimm sinnum komist í úrslit og alltaf tapað."

Leið MH í undanúrslitin?

„Við sigruðum vini okkar í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri í 1. umferð og unnum svo eina húsnæðislausa skóla landsins, Menntaskóla Borgarfjarðar, í 2. umferð. Í 8 liða úrslitum sigruðum við Kvennaskólann í Reykjavík í mjög umdeildri keppni þar sem Páll Ásgeir dómari fór á kostum."

Hvernig er undirbúningi háttað fyrir keppni?

„Við öðlumst þekkingu frá hinum látnu í gegnum miðilsfundi."

Helgisiðir fyrir keppni?

„Ekki annað en að við eyðum peningum nemendafélagsins í áfengi, konur og bíla. Restin fer svo í vitleysu."

Óskaandstæðingur í úrslitum?

„MR."

Óskastigavörður?

„Whoopi Goldberg."

Sérsvið þitt?

„Led Zeppelin, ljóð um bavíana, Liverpool og bara flest sem byrjar á bókstafnum l. Fyrir utan Whoopi Goldberg auðvitað."

Hvað veistu akkúrat ekkert um?

„Mig myndi langa að fræðast meira um Cockermouth, sem er bær í Skotlandi. Ég veit lítið um hann en ætla mér að fara þangað einhvern tíma."

Hver er kynþokkafyllstur í liði MH?

„Ingi Þór Óskarsson – eða Björn Ingi eins og hann er kallaður."

Uppáhaldshljómsveit íslensk?

„Erfitt val. Ég sjálfur spila á trommur og hvað eina í Pönkbandinu Fjölni og Arnar spilar á gítar í Mammút. Eftir á að hyggja er valið auðvelt: Pönkbandið Fjölnir."

Uppáhaldssjónvarpsþáttur (fyrir utan Gettu betur!)?

„Simpsons."



Lettar syngja Hi Hi Ho

Þótt lag Barða Jóhannssonar, Ho ho ho we say hey hey hey, hafi tapað fyrir Fullkomnu lífi Örlygs Smára, geta aðdáendur Mercedez Club andað léttar, því framlag Letta í ár er næstum því alveg eins og Ho ho ho. Það eru reyndar engin vöðvatröll sem flytja það heldur tveir söngvarar og ein söngkona sem öll eru klædd upp eins og sjóræningjar. Á bakvið þau skaka sér svo léttklæddar sjóræningastelpur.

LETTNESKU SJÓRÆNINGJARNIR syngja hæ hæ hó og hæ hæ hey.

Söngtríóið heitir Pirates of the Sea upp á ensku og er skipað Aleksandru Kurusova, Janis Vaisla og Roberto Meloni. Roberto er ítalskur en hefur búið um hríð í Lettlandi og keppti fyrir hönd þjóðarinnar í fyrra í sönghópnum Bonaparti.lv. Lagið sem sönghópurinn flytur sigraði með nokkrum yfirburðum. Það heitir Wolves of the Sea og það þurfti hvorki fleiri né færri en fjóra sænska lagahöfunda til að berja það saman. Lagið er mjög grípandi og viðlagið minnir mikið á Hó hóið hans Barða. Í því er sungið „We're the hi hi ho, we're the hi hi hey". Lettar keppa á seinna undankvöldinu eins og við, og því má reikna með að við styðjum þá með ráðum og dáðum og símunum okkar.

EUROVISION

79 DAGAR TIL STEFNU

FÁÐU ÞÉR SJORTARA Í NÆSTU BÓKABÚÐ

„Framsetning Cox er hrífandi,
hún er laus við tepruskap og gefur
gagnleg ráð eins og læknir
án hvíta sloppsins.“
THE OBSERVER

Tracey Cox er menntuð í sálfræði og hefur verið ráðgjafi hjá ýmsum fjölmiðlum í meira en áratug.

BÓKIN ER RÍKULEGA MYNDSKREYTT

SJORTARAR STYTTA VETURINN

www.forlagid.is

Eminem í upptökum

EMINEM Rapparinn Eminem er greinilega ekki dauður úr öllum æðum.

Ný plata frá rapparanum Eminem er væntanleg á næstunni samkvæmt upptökustjóranum Focus sem starfar með honum að plötu. „Platan frá Marshall kemur bráðum út. Við tókum fyrir stuttu upp tvö lög og við höfum samið mikið saman undanfarið," sagði hann. „Ég bý til taktana og sendi þá til hans."

Focus bætti því við að hann væri einnig önnum kafinn við næstu plötu Dr. Dre, Detox. Verður það fyrsta plata hans síðan 2004. „Detox kemur út á þessu ári. Ég veit að Dre hefur lagt sig mikið fram undanfarið," sagði Focus.

Cadillac Escallade AWD 2007

Ekinn 15,000.- þús km.
405 hestöfl
7.manna.
22"krómfelgur.
Nýjar 18" fylgja með.

Einn með öllu, sjón er sögu ríkari!

Ásett verð 8.150.000.- þús
Staðgreiðslutilboð 7.150.000.-þús

Upplýsingar í síma 846-2270 Sigþór

Betri en Clapton og Page

Breska hljómsveitin The Yardbirds spilar á Blúshátíð Reykjavíkur 19. mars. *Freyr Bjarnason* **spjallaði við trommuleikarann Jim McCarthy, sem hefur miklar mætur á gítarleikaranum Jeff Beck.**

THE YARDBIRDS Hljómsveitin The Yardbirds spilar á Blúshátíð Reykjavíkur 19. mars.

„Ísland er indæll staður og athyglisverður," segir Jim McCarthy, sem spilaði síðast með The Yardbirds hérlendis fyrir fimm árum. „Staðir eins og Ísland eru áhugaverðir því við hefðum aldrei spilað þar á sjöunda áratunum. Núna förum við þangað og til staða eins og Spánar og Austur-Evrópu sem við hefðum aldrei heimsótt áður. Fyrir nokkrum mánuðum spiluðum við líka í Bodö í Norður-Noregi. Það er mjög fallegur staður og fólkið var skemmtilegt."

Clapton, Page og Beck

McCarthy er meðlimur í einni sögufrægustu hljómsveit heims, enda var The Yardbirds innvígð í Frægðarhöll rokksins árið 1992. Þrír af færustu gítarleikurum heims í gegnum árin hafa spilað með sveitinni, þeir Eric Clapton, Jimmy Page og Jeff Beck, auk þess sem hetjur á borð við Brian May (Queen), Steve Vai (Whitesnake) og Slash (Guns N´Roses) hafa allar spilað inn á plötu með henni. Eftir að Page hætti í The Yardbirds stofnaði hann The New Yardbirds sem nokkru síðar breyttist í hina goðsagnakenndu Led Zeppelin. Clapton gekk aftur á móti til liðs við John Mayall's Bluesbreakers og stofnaði svo aðra merka sveit, Cream.

Beck var framúrskarandi

McCarthy, sem er annar tveggja upprunalegra meðlima í The Yardbirds, er ekki í vafa um hver sé besti gítarleikari bandsins frá upphafi. „Það er Jeff Beck, engin spurning. Hann er framúrskarandi og bestur í að spila af fingrum fram. Hann er mjög fjölbreyttur gítarleikari og hefur mikið ímyndunarafl. Hann er líka mjög skapandi og getur gert miðlungslag mjög gott."

Um þessar mundir er gítarleikari sveitarinnar 22 ára Frakki, Jean Michel, og segir McCarthy hann ekkert eiga erfitt með að feta í fótspor Becks, Pages og Claptons. „Hann er mjög jarðbundinn og hæfileikaríkur einstaklingur og virðist njóta þess mikið að spila," segir hann.

Þrjár kynslóðir á tónleikum

McCarthy, sem er búsettur í Frakklandi, segir að andrúmsloftið hafi breyst mikið síðan hann byrjaði að spila. „Þetta snýst miklu meira um viðskipti núna. Það er líka miklu meiri stuðningur á bak við okkur. Búnaðurinn er betri og aðstoðarmennirnir sömuleiðis. Síðan eru ferðalögin líka auðveldari. Við erum meira í flugvélum í stað þess að þurfa að húka í rútum. Svo erum við heldur ekki að spila í hverri viku."

McCarthy segir að allar kynslóðir mæti á tónleika hjá The Yardbirds, sérstaklega utan Bretlands. „Það er líka fyndið þegar maður sér þrjár kynslóðir á sömu tónleikunum, afann, soninn og barnabarnið. Það er frekar skrítið," segir hann.

Tónleikar The Yardbirds á Blúshátíð Reykjavíkur verða haldnir á Hilton Nordica-hótelinu og hefjast þeir klukkan 20.

HEILDSÖLU LAGERSALA
-aðeins í 5 daga!

Við rýmum til á lagernum fyrir nýjum vörum og seljum því eldri lager og sýnishorn á ótrúlegu verði.
Mikið úval af: skíðafatnaði, útivistarfatnaði, Soft Shell peysum, golffatnaði, barnagöllum, barnaúlpum og mörgu fl.

40-80% afsláttur

FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR

Verðdæmi:	verð áður	verð nú
3. laga jakkar:	29.900,-	**11.900,-**
Skíðabuxur:	15.900,-	**8.900,-**
Skíðaúlpur	18.900,-	**7.900,-**
Golfjakkar	16.900,-	**7.900,-**
Útivistarjakkar	18.900,-	**7.900,-**
Super Stretch peysur	8.900,-	**3.900,-**
Soft Shell peysur	14.900,-	**6.900,-**
Barnaúlpur	9.900,-	**4.900,-**

Opnunartími:		
Fimmtudagur	6. mars	kl. 14-20
Föstudagur	7. mars	kl. 14-20
Laugardagur	8. mars	kl. 10-18
Sunndagur	9. mars	kl. 11-18
Mánudagur	10. mars	kl. 14-20

Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) - Kópavogi

ZO•ON ICELAND

Frumsýning á

Orchidée Impérial sérum

og á

Orchidée Impérial rich cream

fullkomin alhliðalausn gegn öllum þáttum öldrunar, hentar nútímakonunni sem vill sjá árangur og notar aðeins það besta.

Sigrún Inga **sérfræðingur frá GUERLAIN** kynnir í snyrtivöruversluninni Glæsibæ **dagana 6. - 8. mars**

Kynnum einnig nýju vorlitina frá GUERLAIN og nýjan ilm MY INCOLENCE frá GUERLAIN

Hlökkum til að sjá ykkur

10%
kynningar-afsláttur

Snyrtivöruverslunin Glæsibæ
Sími: 568 5170

Lætur gott af sér leiða í MS

Sandra Ýr Pálsdóttir er ein nemenda í Menntaskólanum við Sund sem tekur þátt í kosningabaráttu vegna kosninga í embætti á vegum Skólafélagsins. Sandra fer þó nokkuð óhefðbundnar leiðir í baráttunni, og ákvað að láta þá styrki sem henni voru veittir renna til Konukots.

„Ég fékk meðal annars bækur frá Eddu útgáfu og gos frá Egils, og svo tuttugu þúsund króna fjárstyrk frá pabba mínum. Frambjóðendur eru yfirleitt með bása og gefa nemendum skólans svona í kynningarstarfsemi, en ég vildi gera þetta í staðinn. Ég vildi bæði láta gott af mér leiða og bæta um leið ímynd skólans. Við höfum haft frekar slæma ímynd síðastliðin ár, en það er sko alveg gott fólk í MS," segir Sandra.

KONUKOT FÉKK KOSNINGASTYRKINN Sandra Ýr Pálsdóttir er í framboði til ritara Skólafélags MS, en ákvað að láta þá styrki sem henni höfðu verið veittir renna til Konukots. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Sandra er nú á þriðja ári og býður sig fram til ritara, sem jafnframt er varaforseti Skólafélagsins, á næsta skólaári, en áður hefur hún verið formaður málfundafélagsins. Kosningabaráttan í MS stendur nú sem hæst, en í dag fara fram aðalkappræður á milli frambjóðenda. Kosningarnar sjálfar fara hins vegar fram á morgun.

Sandra afhenti Konukoti styrkina á þriðjudaginn. „Ég hitti þarna tvær konur sem eru sjálfboðaliðar hjá Rauða krossinum og sáu um þessa vakt. Þær voru mjög þakklátar, og ætla til dæmis að nota peninginn í að bæta eldunaraðstöðuna á staðnum," segir Sandra, sem var afar ánægð með móttökurnar. „Þetta var alveg æðislegt," segir hún. - sun

Björk reynir að lægja öldurnar

Björk Guðmundsdóttir hefur gefið út yfirlýsingu vegna fjaðrafoksins sem hefur orðið vegna lagsins Declare Independence sem hún hefur meðal annars tileinkað íbúum Kosovo, Tíbet og Færeyja á tónleikaferð sinni.

BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR Björk hefur sent frá sér yfirlýsingu vegna fjaðrafoksins í kringum lagið Declare Independence.

„Ég er ekki stjórnmálamaður heldur fyrst og fremst tónlistarmaður og sem slíkur finnst mér skylda mín að lýsa öllu litrófi mannlegra tilfinninga," segir Björk á heimasíðu sinni. „Sú þörf til að lýsa yfir sjálfstæði er aðeins ein af þeim en engu að síður er hún mjög mikilvæg og við finnum öll til hennar einhvern tímann í lífinu," segir hún. „Þetta lag var samið með einstaklinginn í huga en að merkingin sé nú orðin útbreiddari og lýsi þjóð sem búi við ofríki, veitir mér mikla ánægju. Mig langar að óska öllum einstaklingum og þjóðum góðs gengis í baráttunni fyrir sjálfstæði sínu."

Á tónleikum sínum í Kína um síðustu helgi söng Björk „Tíbet" nokkrum sinnum í laginu Declare Independence og féll það í grýttan jarðveg hjá þarlendum fjölmiðlum daginn eftir. Telja margir að hún hafi sungið sitt síðasta lag þar í landi vegna uppátækisins. Einnig kom fram í fréttum á dögunum að hætt hafi verið við tónleika hennar í Serbíu eftir að hún tileinkaði íbúum Kosovo lagið Declare Independece á tónleikum sínum í Japan.

Hafdís Huld á sviði NME

Hafdís Huld er ásamt Reykjavík! og Fm Belfast fulltrúi Íslands á risastóru tónlstarhátíðinni South by Southwest, sem tekur yfir Austin í Texas á hverju ári. Hafdís kemur fram á sérstöku sviði sem breska tónlistarblaðið NME stendur fyrir, en NME er virt meðal tónlistaráhugamanna og hefur lengi verið fyrst með fréttirnar. Á sama sviði í fyrra spiluðu meðal annars söngkonan Lily Allen og hljómsveitin Razorlight. NME býður á hverju ári upp á nýja og spennandi listamenn og auk Hafdísar spila á hátíðinni um þarnæstu helgi upprennandi hljómsveitir á borð við A Place to Bury Strangers, Holy Fuck og The Etters.

Hafdís Huld og hljómsveit koma einnig fram sem lokaatriði á tónleikum Hit Sheet-tímaritsins á SXSW-hátíðinni, en Hit Sheet er tímarit sem gefið er út fyrir plötufyrirtæki og aðra sem starfa innan tónlistariðnaðarins.

SPILAR Á SVIÐI NME Þetta er allt að koma hjá Hafdísi Huld.

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

ÁLFABAKKA

DARK FLOORS	kl. 6 - 10:10	14
UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL	kl. 6	L
NO COUNTRY FOR OLD MEN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
THERE WILL BE BLOOD	kl. 8:30 - 10:10	16
THERE WILL BE BLOOD	kl. 7 - 10:10	VIP
STEP UP 2	kl. 5:50 - 8 - 10:10	7
DEATH AT A FUNERAL	kl. 6	7
P.S. I LOVE YOU	kl. 8	L

KRINGLUNNI

JUNO	kl. 6 - 8 - 10:10	7
DARK FLOORS	kl. 8:20 - 10:40	14
UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL	kl. 6	L
STEP UP 2	kl. 10:30	7
SWEENEY TODD	kl. 6	16

SELFOSS

STEP UP 2	kl. 8	7
MEET THE SPARTANS	kl. 8	L
NO COUNTRY FOR...	kl. 10:10	16
RAMBO	kl. 10:10	16
BRÚÐGUMINN	sýnd um helg.	7

AKUREYRI

JUNO	kl. 6 - 8 - 10	7
UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL	kl. 6	L
STEP UP 2	kl. 8 - 10	7

KEFLAVÍK

NO COUNTRY FOR...	kl. 8 - 10:10	16
STEP UP 2: THE STREETS	kl. 8	7
P.S. I LOVE YOU	kl. 10:10	L

ÓSKARSMYNDIRNAR ERU Í SAMBÍÓUNUM
nánari upplýsingar um ÓSKARSMYNDIRNAR má finna á www.SAMbio.is

Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus

20% afsláttur fyrir Vörðufélaga Landsbankinn

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

FLUGDREKAHLAUPARINN	kl. 5.30, 8 og 10.30	12
27 DRESSES	kl. 10.10	L
RAMBO	kl. 6, 8 og 10.30	16
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM	kl. 5.30	L

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!
FRUMSÝNING
Frábær gamanmynd frá leikstjóra Eternal Sunshine of the Spotless Mind með Jack Black í fantaformi!
toppur - drekktu betur

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — 5%

BE KIND REWIND	kl. 5.45 - 8 - 10.15	
BE KIND REWIND LÚXUS	kl. 5.45 - 8 - 10.15	
27 DRESSES	kl. 5.30 - 8 - 10.30	
JUMPER	kl. 6 - 8 - 10.10	12
BRÚÐGUMINN	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	7
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM	kl. 3.40 ÍSLENSKT TAL	

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó!

BE KIND REWIND	kl. 5.45 - 8 - 10.15	
THE DIVING BELL AND THE BUTTERFLY	kl. 5.40 - 8 - 10.15	7
27 DRESSES	kl. 5.30 - 8 - 10.20	
JUMPER	kl. 6 - 8 - 10	16

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — 5%

THE KITE RUNNER	kl. 6 - 9	12
THERE WILL BE BLOOD	kl. 5.50 - 9	16
INTO THE WILD	kl. 5.20 - 10.10	7
ATONEMENT	kl. 8 - 10.30	14
BRÚÐGUMINN	kl. 5.50 - 8	7

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

BE KIND REWIND	kl. 8 - 10	
THE KITE RUNNER	kl. 8 - 10.10	12
27 DRESSES	kl. 6	
BRÚÐGUMINN	kl. 6	7

5%

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

„Ein glæsilegasta bókmenntafrumraun síðustu ára"
The Times

Suleiman er níu ára drengur sem býr í Trípólí í Líbýu á áttunda áratugnum þegar Gaddafi var einvaldur í landinu. Einn daginn er nágranni fjölskyldunnar dreginn á brott af svartklæddum útsendurum Gaddafis og smám saman rennur upp fyrir Suleiman að þeir hafa líka illan bifur á föður hans.

„Virkilega góð bók ... minnir mann í mörgu á *Flugdrekahlauparann*. ... mig langaði ekki að leggja hana frá mér. Án alls efa besta bókin af þeim sem ég hef lesið þetta árið."
Kolbrún Ósk Skaftadóttir / Eymundsson

KOMIN Í KILJU

JPV ÚTGÁFA www.jpv.is

TILNEFND TIL BOOKER-VERÐLAUNANNA 2006 OG GUARDIAN-VERÐLAUNANNA 2006

UNIFEM
www.unifem.is
HAFÐU Fiðrildaáhrif
FIÐRILDAVIKA
3.–8. mars 2008

Saltfélagið styrkir Fiðrildaviku UNIFEM

ÖRFÁ SÆTI LAUS

DSW Plastic Chair 1950

HÖNNUÐUR
CHARLES EAMES

TILBOÐSVERÐ Á SVÖRTUM OG HVÍTUM
29.900 KR.

SALTFÉLAGIÐ

HEIMILIÐ ER HEILAGT

Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is

Te & kaffi opið alla daga. Opið frá kl. **10-18 virka daga** og **11-16 laugardaga.**

ENNEMM / SÍA / NM32557

> Sigrar hjá Flensburg og Gummersbach

Flensburg vann verulega góðan sigur á útivelli, 24-28, gegn Lemgo í gær í þýsku deildinni. Alexander Petersson skoraði þrjú mörk fyrir Flensburg í leiknum og Logi Geirsson þrjú fyrir Lemgo. Flensburg er í öðru sæti deildarinnar, einu stigi á eftir Kiel. Gummersbach lagði svo Montpellier í Meistaradeildinni, 30-25. Guðjón Valur Sigurðsson skoraði fjögur mörk fyrir Gummersbach og Róbert Gunnarsson tvö. Gummersbach er jafnt Ciudad Real á toppi riðilsins en hefur leikið einum leik meira.

sport
sport@frettabladid.is

HREIÐAR LEVÝ GUÐMUNDSSON: BÚINN AÐ FRAMLENGJA SAMNING SINN VIÐ SÆNSKA FÉLAGIÐ SÄVEHOF

Hreiðar tekur eitt ár í viðbót í Svíþjóð

Landsliðsmarkvörðurinn Hreiðar Levý Guðmundsson hefur bundið enda á vangaveltur um framtíð sína með því að framlengja samning sinn við sænska félagið Sävehof. Núverandi samningur Hreiðars við félagið átti að renna út í sumar en hann hefur nú skrifað undir nýjan og betri árs samning við félagið.

„Það er mjög gott að vera búinn að ganga frá þessum málum og geta horft til framtíðar," sagði Hreiðar við Fréttablaðið í gær en hann hefur farið á kostum með Sävehof í vetur og fær því eðlilega betri samning en hann var með. „Ég er mjög sáttur við nýja samninginn og það er einhver hækkun. Svo á ég að fá stærri íbúð og bíl og eitthvað. Ég get ekki kvartað."

Hreiðar hefur undanfarnar vikur verið orðaður við félög í Þýskalandi en af því verður ekki að þessu sinni að hann fari þangað.

„Það voru nokkur lið í Þýskalandi sem og í Danmörku sem sýndu áhuga en aldrei neinar alvöru viðræður. Ég held líka að það sé gott fyrir mig að taka eitt ár áfram í Svíþjóð þar sem ég fæ að spila reglulega og held þá vonandi áfram að bæta mig. Eg framlengdi aðeins um eitt ár þar sem ég vil skoða þann möguleika að fara hugsanlega yfir til Þýskalands eftir næsta vetur," sagði Hreiðar, sem telur sig hafa valið rétt er hann ákvað að fara til Sävehof.

„Já, ég er ekki frá því. Hér hef ég fengið mikið að spila og um leið tækifæri til þess að bæta mig sem markmann. Ég tel mig geta gert enn betur og því nauðsynlegt að spila áfram næsta vetur í stað þess að taka áhættuna á að lenda á bekknum í Þýskalandi. Þess utan verður næsta tímabil mjög spennandi enda komum við til með að halda sama liði og eflaust bæta eitthvað við okkur. Við ættum því að geta gert harða atlögu að titlinum," sagði Hreiðar en Sävehof er í þriðja sæti sænsku deildarinnar sem stendur.

Liðin fyrir ofan Sävehof eru Hammarby og Ystad en Sävehof hefur gengið vel með þau í vetur og gæti gert góða hluti í úrslitakeppninni.

ÚRSLIT

Meistaradeild Evrópu:

Real Madrid-Roma 1-2
0-1 Rodrigo Taddei (73.), 1-1 Raul (75.), 1-2 Mirko Vucinic (90.+2).

Chelsea-Olympiacos 3-0
1-0 Michael Ballack (5.), 2-0 Frank Lampard, 3-0 Salomon Kalou (48.).

Porto-Schalke 1-4 í vítum (1-0)
1-0 Lisandro (86.)

Enska úrvalsdeildin:

Liverpool-West Ham 4-0
1-0 Fernando Torres (8.), 2-0 Fernando Torres (60.), 3-0 Fernando Torres (81.), 4-0 Steven Gerrard (83.).

Iceland Express-deild kvk:

KR-Keflavík 59-90
Stig KR: Candace Futrell 23, Hildur Sigurðardóttir 8, Sigrún Ámundadóttir 8, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 6, Guðrún Ósk Ámundadóttir 6, Helga Einarsdóttir 5, Lilja Oddsdóttir 3.
Stig Keflavíkur: Pálína Gunnlaugsdóttir 19, Susanne Biemer 17, Rannveig Randversdóttir 11, Margrét Sturludóttir 11, Birna Valgarðsdóttir 10, TaKesha Watson 7, Hrönn Þorgrímsdóttir 6, Halldóra Andrésdóttir 5, Ingibjörg Vilbergsdóttir 4.

Haukar-Grindavík 87-73
Stig Hauka: Victoria Crawford 42 (10 frák., 5 stoðs.), Kristrún Sigurjónsdóttir 13, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 10, Telma Björk Fjalarsdóttir 7 (9 frák.), Hanna Hálfdanardóttir 6, Unnur Tara Jónsdóttir 4, Kristín Fjóla Reynisdóttir 3, Bára Fanney Hálfdanardóttir 2.
Stig Grindavíkur: Tiffany Roberson 21 (10 frák.), Joanna Skiba 18 (9 stoðs.), Petrúnella Skúladóttir 17 (5 þristar), Jovana Lilja Stefánsdóttir 8, Helga Hallgrímsdóttir 4, Ólöf Helga Pálsdóttir 3, Ingibjörg Jakobsdóttir 2.

Hamar-Valur 81-66

Roma sló út Real Madrid

Roma kom skemmtilega á óvart í Meistaradeildinni í gær með því að slá Spánarmeistara Real Madrid úr keppninni með sigri á Santiago Bernabeau. Chelsea vann auðveldan sigur á Olympiacos. Dramatík var hjá Porto og Schalke.

FÓTBOLTI Chelsea, Roma og Schalke tryggðu sér sæti í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í gær. Þar með hafa sjö lið tryggt sér þáttökuseðil á meðal þeirra átta bestu en Liverpool og Inter bítast um lokafarseðilinn á Ítalíu þann ellefta þessa mánaðar.

Leik Real Madrid og Roma á Santiago Bernabeau var beðið með talsverðri eftirvæntingu. Roma vann fyrri leikinn frekar óvænt, 2-1, og spurning hvernig Rómverjum myndi reiða af í gryfjunni á Santiago Bernabeau í Madrid gegn geysisterku liði Real.

Það er skemmst frá því að segja að Rómverjar héldu sínu og rúmlega það. Fyrri hálfleikur var frekar tíðindalítill og markalaust í leikhléi.

Fjörið byrjaði af alvöru er 20 mínútur lifðu leiks. Þá fékk Pepe, leikmaður Real Madrid, sitt annað gula spjald og þar með það rauða. Rómverjar voru fljótir að nýta sér liðsmuninn og tóku forystuna tveim mínútum síðar með marki Taddei og Real í vondum málum.

Heimamenn gáfust ekki upp og Raul jafnaði leikinn tveim mínútum eftir mark Taddeis. Síðustu 15 mínútur leiksins voru fjörugar, Real sótti af kappi en gáf færi á sér í vörninni.

Það nýtti Mirko Vucinic sér til fullnustu í uppbótartíma er hann skoraði sigurmark Roma í leiknum. Magnað afrek hjá Rómverjum.

Eins og búist var við lenti Chelsea ekki í neinum vandræðum með Olympiacos á Brúnni. Ballack kom þeim yfir eftir 5 mínútur og Ballack kláraði rimmuna með öðru marki á 25. mínútu. Kalou bætti marki við í upphafi seinni hálfleiks og þar við sat.



GLEÐI Rodrigo Taddei fagnar hér marki sínu gegn Real Madrid innilega ásamt félaga sínum Juan. Roma er komið í átta liða úrslit keppninnar. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Porto varð að vinna upp 1-0 tap gegn Schalke á heimavelli í gær og það gerði Lisandro á 86. mínútu þó svo Porto væri manni færri eftir að hafa missti Fucile af velli átta mínútum fyrir leikslok. Það varð því að framlengja rimmuna.

Dauðþreyttir heimamenn gáfu sig alla í þær mínútur sem voru eftir og náðu að knýja fram vítaspyrnukeppni.

Þar var Manuel Neuer, markvörður Schalke, hetjan er hann varði tvö víti á meðan Schalke skoraði úr öllum sínum spyrnum.

henry@frettabladid.is

Iceland Express-deild kvenna:

Keflavík deildarmeistari

KÖRFUBOLTI Keflavík tryggði sér deildarmeistaratitilinn með glæsibrag þegar liðið vann 31 stigs stórsigur á KR, 90-69, í DHL-Höllinni í gærkvöldi.

Keflavíkurliðið er greinilega að koma upp á réttum tíma því í leiknum á undan vann liðið 48 stiga sigur á Haukum í Keflavík. KR var eina liðið sem átti möguleika á að ná Keflavík en KR-stúlkur geta nú einbeitt sér að úrslitaleiknum um 2. sætið við Grindavík í lokaumferðinni.

Pálína Gunnlaugsdóttir sem var að verða deildarmeistari þriðja árið í röð átti mjög góðan leik í liði Keflavík en annars var það góður varnarleikur, jöfn stigaskorun og góð liðsheild sem lagði grunn að frábærum sigri.

Það skipti ekki máli að Kesha Watson skoraði aðeins 7 stig í leiknum ekki síst þar sem Susanne Biemer og Rannveig Randversdóttir voru mjög sterkar í fyrri hálfleik. Candace Futrell skoraði 19 stig í fyrri hálfleik og hélt KR inn í leiknum á stórum stundum en skorti úthald til að klára leikinn af sama krafti.

Haukar unnu á sama tíma 14 stig sigur á Grindavík, 87-73, þar sem Victoria Crawford var með 42 stig, 10 fráköst og 5 stoðsendingar í sínum fyrsta leik og Haukaliðið vann öruggan sigur á bikarmeisturunum.

- óój

Ólympíuþorpið í Peking:

Frægir fá enga sérmeðferð

ÓLYMPÍULEIKAR Kínverjar hafa ekki í hyggju að veita frægustu íþróttamönnunum, á komandi Ólympíuleikum í Peking í haust, einhverja sérmeðferð í Ólympíuþorpinu.

Málið hefur verið tekið upp í fjölmiðlum í kjölfar þess að Roger Federer efaðist um að hann gæti búið með löndum sínum frá Sviss.

Federer kvartaði mikið yfir öllu því ónæði sem hann varð fyrir í Aþenu fyrir fjórum árum. „Í Ólympíuþorpinu eru allir jafnir og það sama gildir um alla," sagði Yu Debin, yfirmaður Ólympíuþorpsins.

Nýkjörinn besti knattspyrnumaður heims, Kaká, mun spila með Brasilíu á leikunum og mun búa í Ólympíuþorpinu og þeir eru fleiri sem verða ekki bara undir smásjánni í sjálfri keppninni heldur einnig hjá „minna" þekktum íþróttamönnum í Ólympíuþorpinu.

- óój

Íslenska kvennalandsliðið vann 2-0 sigur á Pólandi í fyrsta leik sínum á Algarve Cup í Portúgal í gær:

Stelpurnar komust í gang í síðari hálfleik

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið vann öruggan 2-0 sigur á Pólandi í fyrsta leik sínum á Algarve Cup í Portúgal í gær. Dóra Stefánsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir gerðu mörkin í seinni hálfleik.

Dóra skoraði fyrra markið með þrumuskoti á 58. mínútu eftir sendingu Margrétar og Margrét Lára skoraði síðan seinna markið á 81. mínútu eftir að hafa sloppið ein í gegn. Margrét Lára skoraði þarna í fimmta landsleiknum í röð og varð jafnframt fyrsti A-landsliðsleikmaður Íslands til þess að skora þrjátíu mörk fyrir landsliðið.

„Þetta er fín byrjun en stelpurnar voru svolítið værukærar í fyrri hálfleik og ekki að finna taktinn. Ég var mjög ánægður með seinni hálfleikinn þar sem við náðum að setja tvö mörk og það er mjög jákvætt að halda hreinu," sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari.

Hann gaf ungum stelpum strax tækifæri í hálfleik og þær Rakel Hönnudóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir áttu sinn þátt í að rífa upp leik íslenska liðsins í seini hálfleik.

„Við gáfum leikmönnum tækifæri strax í hálfleik og Sara Björk og Rakel komu þá inn og stóðu sig mjög vel. Seinni hálfleikurinn var miklu betri en sá fyrri, sem er kannski eðlilegt því þetta var fyrsti grasleikurinn og leikmenn því aðeins ryðgaðir," segir Sigurður.

MARKASKORARARNIR Margrét Lára Viðarsdóttir og Dóra Stefánsdóttir skoruðu mörkin gegn Pólandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Guðbjörg Gunnarsdóttir lék þarna sinn fyrsta leik í íslenska markinu síðan hún tók við stöðu Þóru Bjargar Helgadóttur sem aðalmarkvörður liðsins.

„Guðbjörg greip mjög vel inn í, kláraði það sem hún þurfti að gera og átti fínan leik," sagði Sigurður og bætti við: „Við höfum ekki enn fengið á okkur mark í opnum leik í Evrópukeppninni. Það segir okkur að vörnin okkar sé mjög sterk."

Fram undan er leikur gegn Írlandi á morgun. „Írska liðið er sterkt, við gerðum 1-1 jafntefli við þær í fyrra í leik sem hefði getað farið á hvorn veginn sem var. Þær eru með vaxandi lið og ég á von á hörkuleik á föstudaginn. Mótið mun nýtast okkur mjög vel. Við ætlum aðeins að breyta hlutum fyrir næsta leik og prófa okkur áfram. Það er gott að hafa svona stutt á milli leikjanna því það eru sex mánuðir síðan við spiluðum síðast," sagði Sigurður Ragnar að lokum.

- óój

FordEscape AWD

Auktu öryggi þitt. Kynntu þér nýja SoundScreen tækni Ford Escape.

Nýtt tákn um gæði

FORD ESCAPE AWD
5 dyra, sjálfskiptur
Verð frá 3.390.000 kr.*

Nýr Ford Escape. Auka þögn.

Hljóð eru þrýstingsbylgjur sem berast í gegnum efni. Sífellt áreiti á hljóðhimnurnar getur valdið þreytu og hættu í umferðinni. Horfðu á hljóð sem öryggisatriði. Auktu öryggi þitt. Kynntu þér nýja **Sound-Screen** tækni Ford Escape. Komdu í Brimborg – þar sem orðið hljóð merkir einnig þögn. Veldu Ford Escape AWD í dag.

visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

Spurðu um hvað fyrirmyndarþjónusta Brimborgar þýðir fyrir þig

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bíll á mynd er Ford Escape Limited með krómpakka. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

Drögum í kvöld!

Harley
+3 milljónir
í bakpokann...
á tvöfaldan miða!

Harley 8. mars – 62 milljónir í mars!

Sýndu þinn stuðning við baráttuna fyrir bættum aðbúnaði aldraða – þörfin er brýn.

Miðaverð aðeins 1.000 kr. (tvöfaldur 2.000 kr.)

Hringdu núna í síma 561 7757 – Kauptu miða á www.das.is

HAPPDRÆTTI das

-vinningur í hverri viku

Cesc Fabregas með sjálfstraustið í lagi:

Arsenal getur vel unnið tvo titla

FÓTBOLTI Spánverjinn ungi Cesc Fabregas, sem átti stórleik í sigri Arsenal gegn AC Milan í Meistaradeildinni á San Siro í fyrrakvöld, telur enska liðið hafa sýnt og sannað með sigrinum gegn ríkjandi Evrópumeisturum að það hafi alla burði til þess að vera sigursælt í lok leiktíðarinnar.

„Arsenal situr á toppi ensku úrvalsdeildarinnar og er komið í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar eftir að hafa slegið út núverandi Evrópumeistara á þeirra heimavelli og ég get ekki séð af hverju við ættum ekki að vinna báða titlana," sagði Fabregas bjartsýnn á fjölmiðlafundi eftir leikinn á San Siro.

Hvað varðar Meistaradeildardrauma Fabregas er fjarri því að hann sé einn á þeirri skoðun að hið unga lið Arsenal geti farið alla leið því Carlo Ancelotti, knattspyrnustjóri AC Milan, telur enska liðið afar sigurstranglegt.

„Arsenal er geysilega öflugt og átti sigurinn skilið gegn AC Milan og leikmenn enska liðsins sýndu það mikið hugrekki á San Siro að ég sannfærðist um að þeir geti farið í úrslitaleikinn og ég vona að Arsenal vinni Meistaradeildina, það er líka skárra að hafa fallið úr keppni gegn liðinu sem vann," sagði Ancelotti í leikslok í fyrrakvöld. **- óþ**

SIGURVISS Fabregas sér ekki af hverju Arsenal ætti ekki að geta unnið bæði ensku úrvalsdeildina og Meistaradeildina. NORDIC PHOTOS/GETTY

LAGERSALA
VETRARFATNAÐUR
50-70%
AFSLÁTTUR

TOPP
AFSLÁTTUR
Á TOPP
MERKJUM

EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

Fréttablaðið skoðar hver var með hæsta framlagið til sinna liða í Iceland Express-deild karla í febrúar:

Joshua Helm stóð sig best allra í febrúar

KÖRFUBOLTI KR-ingurinn Joshua Helm var með hæsta framlag allra leikmanna Iceland Express-deildar karla í febrúar en hann skilaði 32,0 framlagsstigum til síns liðs í þeim fjórum leikjum sem Íslandsmeistaranir spiluðu í mánuðinum.

Joshua Helm var með 24,3 stig, 9,8 fráköst og 3,0 stoðsendingar að meðaltali í leik en mesta athygli vakti skotnýting kappans, sem nýtti 70 prósent skota sinna í leikjunum fjórum. Helm var sem dæmi með rúmlega fimm prósentum betri nýtingu í skotum utan af velli en í vítaskotum sínum, en hann nýtti 64,7 prósent víta sinna.

Nate Brown lék einnig mjög vel með ÍR-liðinu í febrúar en hann var með 22,5 stig, 8,5 stoðsendingar, 8,0 fráköst og 4,8 stolna bolta að meðaltali í leik í fjórum leikjum Breiðholtsliðsins. Enginn stal fleiri boltum í febrúar en Nate Brown.

Grindvíkingurinn Páll Axel Vilbergsson var efstur af íslensku leikmönnunum með 26,8 framlagsstig í leik, tveimur stigum á undan Hlyni Bæringssyni hjá Snæfelli sem kom næstur.

Páll Axel var með 31,5 stig og 6 fráköst að meðaltali í leik en hann nýtti rúmlega 56 prósent skota sinna. Þar af setti hann niður 51,2 prósent af 43 þriggja stiga skotum sínum. Enginn leikmaður deildarinnar skoraði meira en hann í mánuðinum en nýi Stjörnumaðurinn Jarrett Stephens kom næstur með 27,7 stig í leik. Hlynur var með 15,3 stig, 14,8 fráköst, 3,5 stoðsendingar og 3,0 stolna bolta að meðaltali í leik en enginn leikmaður deildarinnar tók fleiri fráköst en hann í febrúar. - óój

HÆSTA FRAMLAGIÐ Í FEBRÚAR:

Joshua Helm, KR	32,0
Nate Brown, ÍR	31,0
Darrell Flake, Skallagrími	29,8
Jarrett Stephens, Stjörnunni	29,0
Cedric Isom, Þór Ak.	28,5
Páll Axel Vilbergsson, Grindavík	26,8
Justin Shouse, Snæfelli	25,8
Hlynur Bæringsson, Snæfelli	24,8
Damon Bailey, Njarðvík	24,5
Brenton Birmingham, Njarðvík	24,3

EFSTU TÍU ÍSLENDINGAR:

Páll Axel Vilbergsson, Grindavík	26,8
Hlynur Bæringsson, Snæfelli	24,8
Brenton Birmingham, Njarðvík	24,3
Friðrik Stefánsson, Njarðvík	18,8
Svavar Birgisson, Tindastóli	18,0
Helgi Már Magnússon, KR	17,0
Sveinbjörn Claessen, ÍR	16,0
Svavar Páll Pálsson, Hamar	14,8
Hreggviður Magnússon, ÍR	14,3
Fannar Freyr Helgason, Stjörnunni	13,5



BESTIR Í FEBRÚAR KR-ingurinn Joshua Helm og Grindvíkingurinn Páll Axel Vilbergsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HVAÐ GERA ÞEIR? Fannar Freyr Helgason, fyrirliði Stjörnunnar, og félagar hans þurfa að vinna í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Iceland Express-deild karla:

Stjarnan þarf stig á útivelli

KÖRFUBOLTI Nýliðar Stjörnunnar eiga enn möguleika á að komast inn í úrslitakeppnina en til þess þurfa þeir að gera það sem liðið hefur aðeins gert einu sinni í vetur; að vinna á útivelli.

Stjarnan er búin að tapa sex síðustu útileikjum sínum og vann eina sigur sinn utan Garðabæjar í Njarðvík 8. nóvember.

Það er eini útisigur Stjörnunnar í tuttugu útileikjum í efstu deild en Garðbæingar eiga tvo af þremur síðustu leikjum sínum á útivelli og þurfa helst að vinna þá báða til þess að tryggja sér sæti í úrslitakeppninni í fyrsta sinn.

Stjarnan heimsækir ÍR í Seljaskólann í kvöld og ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. ÍR-ingar hafa unnið þrjá af síðustu fjórum heimaleikjum sínum og hafa unnið tvö af þremur efstu liðum deildarinnar í síðustu tveimur leikjum sínum. - óój

Landsbankadeild karla:

HK komið með þrjá erlenda

FÓTBOLTI **HK-ingar hafa styrkt sig fyrir komandi tímabil því liðið hefur nú samið við þrjá erlenda leikmenn fyrir átökin í Landsbankadeild karla í sumar.**

HK hafði áður fengið króatíska miðjumanninn Goran Brajkovic og slóvenska sóknarmanninn Mitja Brulc en samdi nú síðast við Danann Iddi Alkhag.

Iddi Alkhag er 29 ára gamall sóknarmaður og hefur spilað undanfarin tíu ár í tveimur efstu deildunum í Danmörku, með liðum Esbjerg, Silkeborg og Frem.

Alkhag á samtals að baki 107 úrvalsdeildarleiki í Danmörku og hefur skorað í þeim 28 mörk en á sínum tíma spilaði hann 15 leiki með danska 21 árs landsliðinu. - óój

VG um alla borg!
www.vg.is

dagskrá

> Steve Carell

„Mér finnst ég ekkert fyndinn. Ég næ ekki að heilla heilu hópana með kímni minni. Ég held að ég myndi þess vegna standa mig hræðilega sem uppistandari," sagði hinn hógværi Steve Carell eitt sinn. Carell sést, eins og vanalega, í hinu frábæra hlutverki sínu í The Office sem Skjár einn sýnir í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGDIST SPENNTUR MEÐ LOKAÞÆTTI FORBRYDELSEN

Endaspretturinn bætti fyrir mistökin

Þrátt fyrir að hafa aðeins séð lokaþáttinn í dönsku sakamálaseríunni Fobrydelsen fór ekki á milli mála að þar var á ferðinni vönduð framleiðsla. Koma vinsældir þáttanna hér á landi síður en svo á óvart miðað við þetta uppgjör því bæði var spennan mikil og leikurinn sannfærandi. Í raun var það ótrúlegt að geta dottið svona á bólakaf í framvinduna án þess að hafa fylgst með svo mikið sem einni mínútu í allan vetur. Hlýtur það að hafa eitthvað með gæði þáttanna að segja. Engu síður sýp ég nú seyðið af mistökum mínum fyrr í vetur. Þá missti ég af fyrstu þáttunum og hélt að allt væri fyrir bí, þar sem ég taldi að þeir yrðu aðeins fimm eða sex talsins og að ekki tæki því að fylgjast bara með endasprettinum. Löngu síðar frétti ég að þættirnir væri síður en svo hættir á dagskrá, enda tuttugu talsins, en aftur taldi ég að of seint væri að byrja. Afsannaðist það aftur á móti þegar lokaþátturinn rann upp því hann stóð virkilega fyrir sínu þrátt fyrir allt sem á undan var gengið.

Fyrir utan góða spennu og sannfærandi leik var þátturinn laus við alla þá væmni og tilgerð, sem oft vill tröllríða bandarískum sakamálaþáttum. Til að mynda var endirinn varla í takt við það sem Bandaríkjamenn myndu sætta sig við, þar sem gengið er frá öllum lausum hnútum á löðurmannlegan hátt viku eftir viku.

Vonandi snýr Forbrydelsen aftur á dagskrá Ríkissjónvarpsins og þá ætla ég að vera betur á tánum og reyna að fylgjast með frá upphafi. Annað væri glapræði.

SARAH Sarah í þáttunum Forbrydelsen hefur staðið í ströngu í allan vetur.

EKKI MISSA AF

18.00 A Cinderella Story
STÖÐ 2 BÍÓ

20.00 Everybody Hates Chris
SKJÁREINN

20.15 Gettu betur SJÓNVARPIÐ

21.05 Flight of the Conchordes
STÖÐ 2

21.40 Utan Vallar
SÝN

SJÓNVARPIÐ

15.50 Kiljan
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Rahína (1:3)
18.00 Stundin okkar
18.35 Nýgræðingar (Scrubs)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.15 Gettu betur Spurningakeppni framhaldsskólanema. Fyrri undanúrslitaþáttur í beinni útsendingu úr Vetrargarðinum í Smáralind þar sem MH og MA mætast.
21.25 07/08 bíó leikhús Í þættinum er púlsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslífinu. Ritstjóri er Þorsteinn J. og aðrir umsjónarmenn Andrea Róberts, Ásgrímur Sverrisson og Elsa María Jakobsdóttir. Jón Egill Bergþórsson sér um dagskrárgerð. Framleiðandi er Pegasus.
22.00 Tíufréttir
22.25 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives IV) Ný syrpa af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan.
23.10 Anna Pihl (3:10) Dönsk þáttaröð um erilsamt starf lögreglukonunnar Önnu Pihl á Bellahoj-stöðinni í Kaupmannahöfn. Leikstjóri er Carsten Myllerup og meðal leikenda eru Charlotte Munck, Iben Hjejle, Paw Henriksen, Kurt Ravn og Peter Mygind.
23.55 Kastljós
00.30 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Cabin Pressure
08.00 Virginia´s Run
10.00 Indecent Proposal
12.00 A Cinderella Story
14.00 Virginia´s Run
16.00 Indecent Proposal
18.00 A Cinderella Story Bráðskemmtileg rómantísk gamanmynd fyrir alla fjölskylduna sem lauslega er byggð á ævintýrinu sígilda um Öskubusku.
20.00 Cabin Pressure
22.00 Dead Birds
00.00 Open Range
02.15 Ripley´s Game
04.00 Dead Birds

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Sylvester and Tweety Mysterie, Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar
08.10 Jack Osbourne - No Fear (4:4)
08.55 Í fínu formi
09.10 The Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella
10.15 Studio 60 (8.22)
11.15 60 mínútur
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Neighbours (Nágrannar)
13.10 Heima hjá Jamie Oliver (8:13)
13.35 Wings of Love
14.20 Wings of Love
15.05 Commander In Chief (16:18)
15.55 Barnatími Stöðvar 2 Nornafélagið, Doddi litli og Eyrnastór, Doddi litli og Eyrnastór, Sabrina - Unglingsnornin, Tutenstein
17.28 The Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours (Nágrannar)
18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.50 Ísland í dag og íþróttir
19.25 The Simpsons (20:22)
19.50 Friends (Vinir)
20.15 The New Adventures of Old Christine (3:22)
20.40 My Name Is Earl (5:13)
21.05 Flight of the Conchords (7:12) Einn allra frumlegasti, skemmtilegasti og umtalaðasti gamanþáttur síðari ára. Þættirnir koma frá HBO og fjalla um tvo nýsjálenska galgopa sem fluttir eru til Bandaríkjanna í leit að frægð og frama. Saman skipa þeir hljómsveitina Flight of the Conchords en þrátt fyrir einbeittan vilja til að slá í gegn fá þeir ekki að troða upp annars staðar en á sædýrasafninu í hverfinu.
21.30 Numbers (21:24)
22.15 ReGenesis (2:13) Hörkuspennandi nýir spennuþættir sem lýsa má sem blöndu af CSI og X-Files.
23.05 Palindromes Áhrifamiklu kvikmynd frá höfundi Happiness.
00.45 Big Shots (1:11)
01.30 Cold Case (7:23)
02.15 Touch of Pink
03.45 Not Without My Daughter (e)
05.40 Fréttir og Ísland í dag
06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SÝN besta sætið

07.00 Meistaramörk
07.30 Meistaramörk
08.00 Meistaramörk
08.30 Meistaramörk
15.25 Meistaradeild Evrópu Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu sem fram fór fyrr í vikunni.
17.05 Meistaramörk
17.50 PGA Tour 2008 - Hápunktar Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
18.45 Inside the PGA Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.
19.10 FA Cup - Preview Show 2008 Elsta og virtasta keppni heims skoðuð bak og fyrir.
19.40 Tottenham - PSV UEFA Cup Bein útsending frá leik Tottenham og PSV í Evrópukeppni félagsliða.
21.40 Utan vallar (Umræðuþáttur) Nýr umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Sýnar skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.
22.55 Ultimate Blackjack Tour 1 Sýnt frá Ultimate Blackjack Tour þar sem margir af slyngustu spilurum heims mæta til leiks.
23.50 Utan vallar

SÝN 2

07.00 Liverpool - West Ham
14.00 Liverpool - West Ham
15.40 Bolton - Liverpool
17.20 Fulham - Man. Utd.
19.00 Ensku mörkin Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum.
20.00 Premier League World (Heimur úrvalsdeildarinnar) Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
20.30 PL Classic Matches Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
21.00 PL Classic Matches
21.30 Season Highlights (Hápunktar leiktíðanna) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
22.30 4 4 2
23.50 Coca Cola mörkin

SKJÁREINN

07.00 Innlit / útlit (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
15.45 Vörutorg
16.45 Innlit / útlit (e)
17.45 Rachael Ray
18.30 The Drew Carey Show (e)
19.00 Fyrstu skrefin (e)
19.30 Game tíví (8:20) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
20.00 Everybody Hates Chris (4:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín af uppvaxtarárum sínum. Chris fær loksins hund eftir að brotist er inn hjá fjölskyldunni. En fyrst þarf hann að þjálfa hundinn til að vera grimmur varðhundur.
20.30 The Office (12:25) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Michael snýr aftur úr frí frá Jamaika, úthvíldur og endurnærður. Hann breytir þó fljótt um ham þegar ljósmynd úr fríinu setur hann úr jafnvægi.
21.00 Life (3:11) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem þurfti að sitja saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök.
21.50 C.S.I. Miami (19:24) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Maður er myrtur og höfuðleðrið skorið af honum nærri spilavíti á verndarsvæði Indíána. Horatio grunar eigendur spilavítisins og spilltan embættismann.
22.40 Jay Leno
23.25 America's Next Top Model (e)
00.25 Cane (e)
01.15 Vörutorg
02.15 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

SÝN KL. 19.40

Tottenham - PSV

Leikmenn Tottenham eru eflaust enn að fagna deildarbikarmeistaratitlinum en Juande Ramos veit vel að hann þarf að koma sínum mönnum niður á jörðina fyrir leik kvöldsins gegn PSV. Einn bikar er kominn í hús undir stjórn Ramos og annar gæti verið á leiðinni ef miðað er við árangur Spánverjans í Evrópukeppni félagsliða með lið Sevilla en hann hefur unnið bikarinn tvö ár í röð og gæti þriðji titillinn litið dagsins ljós í vor. Ramos hefur heldur betur tekið til í herbúðum Tottenham og virðist það hafa skilað tilætluðum árangri. PSV hefur aftur á móti verið áskrifandi að Meistaradeild Evrópu undanfarin ár og þekkir liðið því vel hvernig á að ná langt í Evrópukeppninni.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

07/08 bíó leikhús
Sjónvarpið kl. 21.25

Í þættinum í kvöld er fjallað um leiklistarhátíðina Lókal og rætt við Richard Maxwell, einn gesta hennar. Sagt er af afrekum leikarans Daniels Day-Lewis og persónusköpun hans í There will be blood borin saman við John Houston í Chinatown, fjallað um ólíkar hugmyndir um notkun Tjarnarbíós og tónlistarmyndbönd að fornu og nýju.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.31 Morgunvaktin
08.00 Morgunfréttir
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Svörtu sönggyðjurnar
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Á tónsviðinu
15.03 Útvarpssagan: Sjosja
15.30 Dr. RÚV
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Seiður og hélog
19.27 Sinfóníutónleikar
22.07 Veðurfregnir
22.12 Lestur Passíusálma
22.20 Útvarpsleikhúsið: Bláa eyjan
23.25 Kvöldtónar
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

16.00 Hollyoaks
16.30 Hollyoaks
17.00 Talk Show With Spike Feresten
17.25 Special Unit 2 (11:19)
18.15 Wildfire (12:13) Önnur þáttaröðin um vandræðastúlkuna Kris sem send er nauðug í sveit þar sem hún fellur fyrir hestamennsku og þá sérstaklega kappreiðarhestinum Wildfire.
19.00 Hollyoaks
19.30 Hollyoaks
20.00 Talk Show With Spike Feresten
20.25 Special Unit 2 (11:19)
21.15 Wildfire (12:13)
22.00 Gossip Girl (9:22) (Blaðurskjóða) Einn heitasti framhaldsþátturinn í bandarísku sjónvarpi í dag. Þáttur um líf unga og ríka fólksins í New York, gerður af hinum sömu og gerðu The O.C. 2007.
22.45 Bandið hans Bubba (5:12) Einn stærsti viðburður Stöðvar 2 árið 2008. Rokkóngurinn leggur allt undir í leit að sannri rokkstjörnu framtíðarinnar, einhverjum sem syngur á íslensku, fyrir íslenska rokkþjóð. Þátturinn verður í beinni útsendingu og einn keppandi fellur úr leik hverju sinni, þar til eftir stendur nýr söngvari fyrir Bandið hans Bubba. 2008.
23.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

iNN

20.00 Hrafnaþing í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar Heimastjórn stöðvarinnar, Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm, er í essinu sínu við að skoða pólitískt landslag líðandi stundar.
21.00 Nútímafólk Randver Þorláksson sjallar við Hjálmar H. Ragnarsson, tónskáld og rektor Listaháskóla Íslands. Lífið og listin eru rædd.
21.30 Úrval úr Mér finnst... Lifandi skemmtiþáttur í umsjón Ásdísar Olsen og Kolfinnu Baldvinsdóttur. Þær leika á als oddi í umræðum um konur og samfélagið.

DR 1

11.10 Magasinet Penge **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.25** Natur til hele banden **12.50** Hvad er det værd? **13.20** Godt arbejde **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Boogie Update **15.30** Pucca **15.35** Kim Possible **16.00** Barda **16.30** Fandango med Sebastian **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Rejseholdet **20.00** TV Avisen **20.25** Ærlig talt **20.50** SportNyt **21.00** Truslen fra dybet **21.40** Hul igennem **22.25** Blind Justice **23.05** Boogie Update **23.35** Naruto Uncut

NRK 1

8.30 VM på skøyter enkeltdistanser **10.00** V-cup skiskyting: Sprint 10 km menn **11.00** NRK nyheter **11.10** VM på skøyter enkeltdistanser **11.55** V-cup skiskyting: Sprint 7,5 km kvinner **13.15** Migrapolis: Kampvilje **13.45** Jan i naturen: Fuglenes hemmeligheter **14.00** Fabrikken **14.30** Heilt vilt **14.55** Sketsj **15.0**5 Hannah Montana **15.30** Megafon **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Månáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **16.59** Barne-tv **17.00** Den lille blå dragen **17.10** Uhu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Yum Yum med Noman **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Predikanten **21.30** Uti vår hage - dessert **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Standup: Jack Dee live fra Apollo **23.30** P3tv live **0.30** Kulturnytt **0.40** Norsk på norsk jukeboks **2.00** Sport Jukeboks

SVT 1

10.25 Wiz Quiz **11.00** Rapport **11.05** Varför, Ouafa? **11.35** Lantz i P4 **13.00** Tv-stjärnan **13.30** Skärgårdsdoktorn **14.30** Dubbat **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.15** Karamelli **16.45** Sagoträdet **17.00** Bolibompa **17.20** Lycka är... **17.25** Krumelurdjur **17.30** Mamma Spindels alla små kryp **18.00** Bobster **18.15** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Brottet **21.00** Debatt **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.25** Uppdrag Granskning **23.25** Klass 9A **23.55** Out of Practice

GAMLA MYNDIN

„Þetta er bara rétt eftir að Stöð 2 fór í loftið. Þessi múndering er það sem við köllum mjög „eitís“. Það er gaman að sjá þetta fara í hring og koma aftur, þótt það séu helst ungu stelpurnar sem draga þetta fram. Ég gæti hins vegar alveg notað leðurpilsið og stígvélin í dag.“

Valgerður Matthíasdóttir fjölmiðlakona.

Myndin er tekin í nóvember 1986.

„Spilverk þjóðanna“ besta hljómsveitarnafnið

Jens Kr. Guðmundsson hefur undanfarið staðið fyrir ýmsum lesendakönnunum á bloggsíðu sinni. Í nýjustu könnuninni er spurt „Hvert er besta íslenska hljómsveitarnafnið?“ Könnun Jens er hávísindaleg og hann byrjaði á því að óska eftir tillögum frá lesendum. Viðbrögð voru góð og Jens tók saman lista yfir þau fimmtán nöfn sem fengu flestar tilnefningar. Nú hafa rúmlega 400 manns kosið. „Spilverk þjóðanna“ hefur tekið afgerandi forystu með 18,4 prósent atkvæða. „Kamarorghestarnir“ eru í öðru sæti með tólf prósent, svo kemur „Unun“ með 9,6 prósent og Purrkur Pillnikk með 8,3 prósent atkvæða.

„Þessi staða kemur mér ekkert á óvart, enda er þetta óviðjafnanlega stórt nafn fyrir litla hljómsveit og lágværa,“ segir Valgeir Guðjónsson, einn Spilverksmanna. Bandið varð til í MH og kom fyrst fram undir þessu nafni árið 1972. Áður höfðu nöfn eins og „Hassanssmjör“, „Egils appelsín“ og „Hljómsveit Árna Vilhjálmssonar“ verið mátuð við tríóið.

„Við vorum þrír að velta nafni sveitarinnar á milli okkar,“ segir Valgeir. „Spilverk kom fyrst. Bjólan fór í orðabók og komst að því að spilverk getur þýtt grindverk á milli bása í fjósi. Okkur fannst það ekkert verra. Þjóðanna bættist svo við. Okkur fannst það fyndið og lýsa geigvænlegum skorti á minnimáttarkennd. Það var lókal húmor hjá okkur að bæta þriðja n-inu við ákveðinn greini fleirtölu nafnorða svo nafnið var alltaf skrifað Spilverk þjóðannna í byrjun.“ - glh

VALGEIR GUÐJÓNSSON Niðurstaðan kemur ekkert á óvart.

Á ÆFINGU FYRIR RÚMLEGA 30 ÁRUM „Spilverk þjóðanna“ þykir besta nafnið.



LÁRÉTT
2. blöðru **6.** kusk **8.** svörður **9.** upphrópun **11.** skóli **12.** gjamma **14.** leiftur **16.** utan **17.** neðan **18.** óðagot **20.** forfaðir **21.** fimur.

LÓÐRÉTT
1. hjartaáfall **3.** hljóm **4.** lófalestur **5.** sarg **7.** lausbeislaður **10.** einkar **13.** efni **15.** togvinda **16.** upphrópun **19.** þurrka út.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. bólu, **6.** ló, **8.** mör, **9.** aha, **11.** fg, **12.** geta, **14.** flass, **16.** út, **17.** upp, **18.** fum, **20.** ái, **21.** frár.

LÓÐRÉTT: 1. slag, **3.** óm, **4.** lófasþá, **5.** urg, **7.** óheftur, **10.** all, **13.** tau, **15.** spil, **16.** úff, **19.** má.

PÁLMAR PÉTURSSON RITSTJÓRI: VAFASÖM OG ILLA RÖKSTUDD BÓKUN

Tímarit laganema sagt varpa skugga á orðstír Háskólans

„Ég hélt fyrst að þetta væri eitthvert grín. Mjög skrýtið en já, jafnréttisnefnd Háskóla Íslands var að senda okkur einhvers konar ávítur,“ segir Pálmar Pétursson, laganemi og ritstjóri Gríms Geitskós.

Grímur Geitskór - tímarit laganema, á sér langa útgáfusögu en þar er fjallað um ýmislegt á léttum nótum – skotið á mann og annan. Nýlegt tölublað fór illa í jafnréttisráð HÍ þó samkvæmt Pálmari sé það mildara en oft áður. Var það ekki síst auglýsing frá Goldfinger sem fór fyrir brjóstið á nefndarmönnum sem auk þess höfðu eitt og annað við efni blaðsins að athuga. Pálmar furðar sig á verklagi nefndarinnar því hann var ekki kallaður fyrir heldur fékk tilkynningu frá forseta lagadeildar þess efnis að verið væri að taka blaðið fyrir. Svo barst honum bókun í pósti. „Þetta er mjög vafasöm og illa rökstudd bókun. Vitnað af handahófi í einhverjar greinar um stefnu jafnréttisráðs og mismunun og vísað óljóst til efnis blaðsins. Og svo fór þessi auglýsing frá Goldfinger í taugarnar á þeim,“ segir Pálmar.

PÁLMAR PÉTURSSON Tímarit laganema er sakað um að boða kvenfyrirlitningu og að þar gæti ýmissa fordóma. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Bókunin er harðorð og tekur fullt tillit til kvartana sem henni hafa borist en í Grími geitskó á að gæta bæði kvenfyrirlitningar og gæta ýmissa fordóma. Telur nefndin orðræðu tímaristins hvorki í samræmi við siðareglur HÍ né stefnu skólans gegn mismunun. Nefndin harmar útgáfu slíks efnis sem sé nemendum til minnkunar og til þess fallið að varpa skugga á orðstír skólans.

Nýráðinn jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands er Arnar Gíslason og hann skrifar undir bókunina fyrir hönd nefndarinnar. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir tókst ekki að ná tali af Arnari í gær né svaraði hann skilaboðum. En stærsti súlukóngur norðan alpa var til viðtals.

„Ég hef mikil not fyrir lögfræðinga. Og býst allt eins við því að svo verði í náinni framtíð,“ segir Ásgeir Davíðsson, eða Geiri á Goldfinger. Hann segist alltaf hafa keypt auglýsingu af þeim Óratormönnum, félagi laganema, allt frá þeim dögum þegar hann rak Næturgrillið á sínum tíma. „Alltaf auglýst: Hafnarkrá, Skipperinn, Maxíms og nú Goldfinger þar sem er náttúrlega full starfsemi,“ segir Geiri sem furðar sig á því að auglýsing frá sér skuli nú gera allt vitlaust í akademíunni. En það sé líklega tímanna tákn.

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi forsætisráðherra, stóð í ströngu nú í vikunni við að hengja upp sýningu konu sinnar **Eddu Guðmundsdóttur**. Þau hjónin eru þá á leið með alla stórfjölskylduna á skíði til Austurríkis. Og gott betur því ævisagnaritari Steingríms og hans fjölskylda verða með í för. En ævisagnaritari Steingríms er enginn annar en fyrrverandi borgarstjórinn **Dagur B. Eggertsson**.

Laddi er nýlega kominn heim frá Lúxemborg þar sem hann skemmti, ásamt félögum sínum **Steini Ármanni** og **Hirti Howser**, á þorrablóti. Nú er farið að sjá fyrir endann á einherri farsælustu leiksýningu síðari ára, Laddi 6-tugur, en hundraðasta sýningin nálgast. Hún verður á miðvikudag 30. apríl og lofar plöggarinn **Ísleifur Þórhallsson** flugeldasýningu, leynigestum og látum.

Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir er ókrýnd drottning Bókamarkaðarins í Perlunni. Matreiðslubækur hennar, Í matinn er þetta helst og Seinni réttir, hafa hreinlega mokast út og eru ein mest selda varan. Annars er almennt mikil eftirspurn eftir matreiðslubókum á markaðnum en mjög fáar í boði.

- jbg/glh

Fjalaköttirinn
Veitingastaður í gömlu Reykjavík
Aðalstræti 16, sími 514 6060

VG um alla borg!
www.vg.is

Föstudagur fylgir Fréttablaðinu á morgun

Föstudagur flytur sjóðheit tíðindi af uppátækjum þekktra sem minna þekktra innanlands sem utan.

Hlynur Ársælsson er Ceres4
líður best með hnökkunum

Allt sem þú þarft...
...alla daga

Biskupar og feðgar í hljóðveri

„Hann les eins og engill. Og er eldhress,“ segir Hafþór Ragnarsson, tæknimaður hjá Blindrabókasafninu. Þar er nú unnið hörðum höndum við að ljúka fyrsta áfanga á upplestri Biblíunnar, hinnar nýju þýðingar sem kom út fyrir síðustu jól hjá JPV forlagi. Meðal þeirra sem lesa biblíuna til hljóðritunar er Sigurbjörn Einarsson biskup. Hann er kominn vel á tíræðisaldurinn, fæddur árið 1911, en að sögn Hafþórs er ekki að sjá að elli kerling sé að ná á honum völdum heldur leikur Sigurbjörn við hvurn sinn fingur.



SIGURBJÖRN BISKUP Að verða hundrað ára og lætur sig ekki muna um að lesa Biblíuna inn til hljóðritunar.

Fréttablaðið hefur greint frá væringum Félags íslenskra leikara og JPV vegna launa sem í boði eru fyrir upplesturinn sem var krónur 5.000 á klukkustund miðað við innlesið efni. Samkvæmt upplýsingum frá forlaginu er þetta á misskilningi byggt en þar töldu þeir að þessi væri hinn opinberi taxti sem unnið væri eftir á safninu en ekki einhvers konar gjafataxti. Hafþór bendir á að því fari fjarri að um illdeilur sé að ræða milli safnsins og JPV heldur ráði þar kristilegur náungakærleikur. Aðrir þeir sem lesa Biblíuna fyrir tæknilið Blindrabókasafnsins eru sonur Sigurbjarnar, herra Karl Sigurbjörnsson biskup. Auk þeirra feðga les Guðrún Ásmundsdóttir leikkona einnig inn texta, Þórunn Hjartardóttir sem og faðir hennar, hinn prestlærði Hjörtur Pálsson. Og þá munar líklega um rödd útvarpsmannsins Ævars Kjartanssonar sem einnig les.

Í þessari lotu verður lokið við að taka upp lestur Nýja testamentisins og er skammt í land með að það náist. Að sögn Hafþórs er um eitt viðamesta verkefni safnsins að ræða, það að taka upp Biblíuna. Og þá muni um að hafa andrúmsloftið í lagi. „Hér í hljóðveri er notalegt andrúmsloft þessa dagana. Allt á kristilegum nótum.“ - jbg

+++OUTLET 10+++

SMÁRATORGI 1

FAXAFENI 10

Kjóll
4.990.-

Leggings
990.-

Peysa
3.990.-

Buxur
4.990.-

Bolur
1.990.-

Skór
3.999.-

Kjóll
Svartur / blár
4.990.-

Skyrtur
Margar gerðir
1.990.-

Bindi
Mikið úrval
1.490.-

Jakkaföt
Ýmsir litir
9.900.-

Herraskór
Margar stærðir
2.999.-

Bolir
Nokkrir litir
2.990.-

Buxur
Stærðir 36-56
4.990.-

Bolir
Nokkrir litir
2.490.-

Fornania gallabuxur
Margar stærðir
1.990.-

Myndir: Björn Blöndal

SMÁRATORG s. 534 4451

FAXAFEN s. 534 4450

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Íslands

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

BAKÞANKAR
Dr. Gunna

Heimsendir

ÉG las það á ábyrgum stað á alnetinu að heimsendir verði árið 2028. Þá verður Evrópa orðin jafn líflaus og eyðimörkin í Sahara og fárveður geisa stanslaust um allan heim. Við höfum níðst of mikið á umhverfinu til að hægt sé að snúa við á þessari leið til glötunar. Að hugsa sér allar auglýsingarnar um kolefnisjöfnunina sem greinilega fóru til algjörs spillis.

KÍNVERJAR og alls konar lið sem áratugum saman var bláfátækt í kínamussum á reiðhjólum er ekki síst að steypa okkur í glötun með þeirri frekju að vilja lífinu jafn undursamlega til fulls og við. Nú vafrar það um með kortin sín í Kringlum Kína, löngu búið að svissa á hjólunum og bensínhákum. Hvað er að þessu liði? Veit það ekki hvað það er að gera jörðinni?

MÉR sýndist herra forseti vor taka undir heimsendaspárnar á bændaþingi. Við verðum að tryggja innlenda framleiðslu því annars förumst við öll úr hungri þegar hvorki skip né flugvélar komast hingað vegna fárveðursins með mat handa okkur. Á meðan við bíðum eftir heimsenda, hnípin saman í litlum hópum til að halda á okkur hita, fáum við því að gogga í okkur kjúklingabringur á 3.000 kall kílóið og sveppi á 40 kall stykkið – eða hvað það verður á endanum. Vá, frábært.

HEIMSENDASPÁIN kemur í kjölfar hörmungafrétta af markaðinum. Eins og allir vissu allan tímann var hin mikla útrás ekkert nema fallega málað pappaspjald og auðlegðin helst byggð á því að slá lán í erlendum bönkum og okra á íslenskum almenningi í gegnum okurvexti og kostnaðarokur. Nú streyma pólsku verkamennirnir heim á ný og maður getur keypt sér nýlegan pallbíl og fengið borgað með honum. Merkilegt hvað góðærið snerist fljótt í hallæri. Um leið og þeir böstuðu skútuna á Fáskrúðsfirði og landið varð kókaínlaust fór allt smám saman til fjandans. Ég er ekki að segja að hér á milli sé eitthvert orsakasamhengi – hamingjan hjálpi mér, nei! – en tímasetningin passar undarlega vel.

ÞAÐ eina góða sem ég sé við heimsenda árið 2028 er að bankanum tekst bara að hafa af mér 60 milljónir fyrir þetta 20 milljóna króna lán sem ég tók hjá honum en ekki 120 milljónir eins og ef ég myndi borga af láninu til 2048. Ha, ha, hí á þá!

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 6. mars, 66. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	8.17	13.39	19.02
Akureyri	8.04	13.24	18.44

Heimild: Almanak Háskólans

Fíton / SÍA